# FRÉTTABLAÐIÐ

205. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 31. ÁGÚST 2016




**Guðað á glugga Mammons** Samþykkt var á aðalfundi eignarhaldsfélags Kaupþings í gær að greiða tuttugu starfsmönnum samtals nær 1,5 milljarða króna í bónusa. Mótmæli fámenns hóps á fundarstað á Hótel Nordica breyttu engu um þá fyrirætlun. Jafnvel þótt lagst væri á glugga og fulltrúi Seðlabankans á fundinum legðist gegn tillögunni. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Átján hundruð tonn af kjöti eftir í frysti

**Nærri 1.800 tonn af lambakjöti eru eftir í frysti frá síðustu slátrun haustið 2015 og 3.000 tonn eru flutt út á hverju ári. Þingmaður segir nýja búvörusamninga hvetja til offramleiðslu. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir framleiðsluna hins vegar ekki of mikla.**

**LANDBÚNAÐUR** Þegar sláturtíð er rétt óhafin eru tæp átján hundruð tonn lambakjöts til í frysti frá því í fyrra. Erlendir markaðir hafa hrunið með styrkingu krónunnar að mati Þórarins Inga Péturssonar, formanns Landssamtaka sauðfjárbænda.

Af þeim tíu þúsund tonnum lambakjöts sem komu úr síðustu slátrun haustið 2015 hafa um þrjú þúsund tonn verið flutt til útlanda. Ef þau eru talin með þeim birgðum sem til eru gæti íslenskur markaður komist af með um 60 prósent af því sem framleitt er hér á landi ár hvert.

> Núna erum við að framleiða kannski aðeins of mikið en þetta kemur í sveiflum.
>
> Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda

„Í nýjum búvörusamningum er gert ráð fyrir gripagreiðslum í stað ærgilda eins og nú er og það mun aðeins auka framleiðsluna,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.

Þórarinn Ingi segir framleiðsluna ekki of mikla.

„Ef við skoðum stöðuna fyrir fjórum árum þá vorum við að framleiða meira en nú en samt of lítið fyrir markaði. Núna erum við að framleiða kannski aðeins of mikið en þetta kemur í sveiflum,“ segir formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. – sa / sjá síðu 6

## Kostar minna að kaupa 30 pillur en tíu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ófært að ávanabindandi lyf skuli vera háð markaðsöflum,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis. Embættið hefur sent lyfjagreiðslunefnd erindi vegna verðs á slíkum lyfjum.

Oft reynist ódýrara að kaupa stærri skammt af ávanabindandi lyfjum. Embættið telur auðveldara að misnota slík lyf sé þeim ávísað í stærri skömmtum en nauðsyn krefji.

Sem dæmi kosta þrjátíu töflur af svefnlyfinu Imovane 1.367 krónur, eða 33 krónum minna en tíu töflur.

Ólafur segir að Landlæknisembættið biðli til almennings að láta embættið vita finnist því það fá óhóflega miklu af lyfjum ávísað. - ngy / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag




**MARKAÐURINN** *Áfengissala eykst á ný segir aðstoðarforstjóri Vínbúðanna.*

**SKOÐUN** Auður Alfa Ólafsdóttir skrifar um leigumarkað frá helvíti. 18

**SPORT** Einar Örn farinn til Ísraels. 20

**MENNING** Trúðasýning um Helga magra frumsýnd á Akureyri. 28

**LÍFIÐ** Górillan Harambe hefur fengið annað líf á internetinu. 36

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● NETVERSLUN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





2 DAGAR

FUNDUR FÓLKSINS
2.–3. SEPTEMBER
Í NORRÆNA HÚSINU
FUNDURFOLKSINS.IS

SKRAUT/ GLOWSTICK FYRIR BÆJARHÁTÍÐIR

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Í dag er útlit fyrir nokkuð hæga norðlæga átt og léttir til um landið vestanvert með góðum líkum á að sjáist til sólar

SJÁ SÍÐU 24

# Aldraðir borða á ganginum

**VELFERÐ** Engin rými á hjúkrunarheimili Hornafjarðar uppfylla viðmiðunarreglur velferðarráðuneytisins um aðbúnað. Þetta kemur fram í fundargerð bæjarráðs Hornafjarðar.

Bygging nýs hjúkrunarheimilis er sögð hafa verið á dagskrá í 15 ár.

Matsalur hjúkrunarheimilisins var upphaflega hugsaður sem gangur og eldhús þess sem býtibúr.

Íbúum hjúkrunarheimilisins er boðið upp á sameiginleg salerni á ganginum en ekki einkasalerni á herbergjum. Til eru teikningar af öðrum áfanga hjúkrunarheimilisins en uppfæra þarf þær í samræmi við gildandi viðmið og reglur um aðbúnað aldraðra.

Bæjarráð vill að óskað verði eftir styrk í Framkvæmdasjóð aldraðra en einnig að heilbrigðisráðherra og stjórn sjóðsins fundi með bæjarstjóra. Bæjarráð segir í bókuninni að illa hafi gengið að ná eyrum ráðamanna hingað til. **– snæ**

## Allt sprungið



Um þessar mundir er allt á fullu við stækkun flughlaða á Keflavíkurflugvelli. Eins og kunnugt er fjölgar flugfarþegum til landsins með gríðarhraða. Talið er afar mikilvægt að ekki myndist flöskuháls á Keflavíkurflugvelli og eru lagðir tugmilljarðar í stækkun flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Rannsakað er hvort fentanýl hafi valdið andláti ungs manns. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Nokkrir eftir í yfirheyrslu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á andláti ungs manns um þarsíðustu helgi er enn í fullum gangi

Annar maður missti meðvitund sama kvöld og leikur grunur á að lyfið fentanýl hafi komið við sögu í báðum tilfellum.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirmanns rannsóknardeildar lögreglu, hefur enn ekki tekist að ná tali af öllum vitnum en fréttastofa greindi frá því í síðustu viku að erfiðlega gengi að hafa uppi á vitnum að atburðum næturinnar.

Þá segir Friðrik Smári að enn hafi ekki tekist að funda með Embætti landlæknis en sá fundur verði líklegast í vikunni.

Á fundinum verður meðal annars farið yfir misnotkun lyfsins fentanýls og hvernig embættin geti unnið saman til að koma í veg fyrir frekari misnotkun lyfsins. **– ngy**




# Japönskum körlum kennt að tala við konur

Gunnar Torfi Guðmundsson hefur undanfarin ár aðstoðað japanska karlmenn við að tala við konur, þar sem fólksfjölgun er á undanhaldi. Hann hefur haldið námskeiðin í samstarfi við Modern Mistery School Japan við góðan orðstír.

**FÓLK** „Það er hvergi eins mikið af einhleypu fólki í heiminum og í Japan. Þar er tíðni fólksfjölgunar gríðarlega lág,“ segir Gunnar Torfi Guðmundsson sem undanfarin tvö ár hefur staðið fyrir sérlegu stefnumótanámskeiði í Tókýó. Námskeiðið er fyrir karla á aldrinum þrjátíu til sextíu ára, sem langar að bjóða konum á stefnumót .

Námskeiðið bar heitið The Warrior Within og fór fram innan veggja Modern Mistery School Japan.

„Ég var að kenna þeim að byrja samtal, án þess að koma út sem einhvers konar öfuguggar. Í Japan er það þannig að menn eiga afar erfitt með að fara á stefnumót, vegna þess að kynin einfaldlega tala ekki saman. Þetta er mikið og stórt vandamál,“ segir Gunnar.

Máli sínu til stuðnings bendir Gunnar á svokallaða „stelpubari“ þar sem seldir séu rándýrir kokteilar sem menn kaupi og fái í kaupbæti stelpu til að tala við.

„Þetta er ekki strippstaður eða vændi. Heldur snýst þetta um að tala saman. Eins eru svokölluð kúrkaffihús líka vinsæl, en þangað koma menn og borga konum fyrir að kúrast í þeim og tala krúttlega við þá. Þetta er heilmikill iðnaður,“ segir Gunnar.

Að sögn Gunnars gekk námskeiðið sem hann stóð fyrir á vegum skólans gríðarvel. Kennslan hafi bæði verið í formi fyrirlestra og ferða á vettvang.

„Þá komu þeir með mér og fylgdust með hvernig ég talaði við konur án þess að það væri eitthvað vandræðalegt. Þetta snýst ekki um að henda þeim af stað og segja þeim að tala við konur. Þetta er flóknara. Menn byrja hægt og vinna sig áfram.“ Þá segir Gunnar japönsku nemana einkar samviskusama og sinna heimanámi og öllum æfingum vel.

Gunnar segir að þótt vandamálið sé stórt séu Japanir alls ekki duglegir að stunda Tinder, ólíkt Íslendingum. Hann er þó ekki hrifinn af notkun kynbræðra sinna á forritinu.

„Ég myndi samt sem áður ráðleggja íslenskum karlmönnum að losa sig við Tinder,“ segir Gunnar „Ég sé ákveðna tengingu milli japanskra og íslenskra karla á stefnumótamarkaðinum. Það er í lagi að hella sig fullan á bar en ekki í lagi að tala við konu í Hagkaupum. Við þurfum vissulega að endurforrita hugsunarháttinn hérna heima líka.“

**gudrun@frettabladid.is**



Gunnar Torfi segir japanska karla skelfilega hrædda við að tala við konur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég var að kenna þeim að byrja samtal, án þess að koma út sem einhvers konar öfuguggar. Í Japan er það þannig að menn eiga afar erfitt með að fara á stefnumót, vegna þess að kynin einfaldlega tala ekki saman.
>
> Gunnar Torfi Guðmundsson


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.390.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM74927

# Áhyggjufullir foreldrar neita að láta börn dvelja í sársveltum skóla

**VELFERÐARMÁL** Foreldrar leikskólabarna í Reykjavík hafa komið af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað er á borgaryfirvöld að snúa vörn í sókn í leikskóla- og skólamálum. Fimm hundruð undirskriftir söfnuðust á fyrstu þremur tímunum.

„Við neitum að láta börnin í borginni dvelja í sársveltum rekstri og krefjumst þess að forgangsraðað verði á nýjan hátt með aðbúnað þeirra og gæði skólastarfsins að leiðarljósi,“ segir í formála undirskriftasöfnunarinnar.

Brynja Dögg Heiðudóttir, foreldri barns í leikskóla borgarinnar, stofnaði hópinn Leikskólamál í Reykjavík á Facebook fyrir ári og hóf undirskriftasöfnun í gær. Hún segir marga foreldra lýsa yfir áhyggjum af stöðunni og segjast frekar vilja greiða hærri leikskólagjöld en að svelta leikskólana.

„Síðustu þrjá daga hafa átta hundruð manns bæst í hópinn,“ segir hún. „Á síðustu árum hefur niðurskurðurinn sett sitt mark á leikskóla dóttur minnar, það er alltaf sama dótið og allt fullt af klósettrúllum og mjólkurfernum sem er eini efniviðurinn fyrir föndur og annað.“

Formaður foreldrafélags Laugasólar tekur undir orð Brynju en félagið hefur stutt leikskólann með kaupum á leikföngum og öðru. „Við kaupum bækur, útidót, fótboltamörk, hjól og bolta svo eitthvað sé nefnt. Það er eitthvað sem leikskólinn ætti að geta keypt en það er ekki fjármagn. Svo reynum við að gleðja þreytt starfsfólk með ostabökkum og öðru álíka,“ segir Helena Gunnarsdóttir.

Í samtali við aðra formenn foreldrafélaga kom í ljós að mörg félög styrkja leikskólana með gjöfum og endurnýjun á húsgögnum eða útidóti í stað þess að nota fjármagn í leiksýningar eða annað uppbrot á daglegu starfi.

Í gær afhentu leikskólastjórar borgarinnar borgarstjóra ályktun þar sem niðurskurði í leikskólum er mótmælt. Skora þeir á borgaryfirvöld að endurskoða fjárveitingar til leikskóla. – ebg



**Dagur B. Eggertsson tók við ályktun leikskólastjórnenda í gær en mikil samstaða er meðal leikskólastarfsfólks og foreldra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Fasteignaverð í Vancouver í Kanada hækkar vegna Kínverja.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Auðmennirnir að yfirgefa Kína

**KÍNA** Ríkir Kínverjar streyma nú til útlanda til að tryggja auðævi sín. Danska ríkisútvarpið greinir frá því að 70 þúsund kínverskir milljónamæringar séu fluttir til Kanada.

Kínverjarnir eru sagðir flýja mengunina í Kína og skólakerfi sem þeim líkar ekki. Auk þess óttist þeir að ríkið svipti þá auðæfunum. Í fyrra fluttu ríkir Kínverjar sem samsvarar 6 billjónum danskra króna úr landi. Kínverjarnir flytjast einkum til Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands.

Í Vancouver í Kanada hefur fasteignaverð snarhækkað vegna komu Kínverja þangað með þeim afleiðingum að margir Kanadabúar eiga ekki möguleika á að búa í borginni. Svo að segja allar fasteignir sem auglýstar eru til sölu eru auglýstar á kínversku. – ibs

### LEIÐRÉTTING

*Í frétt Fréttablaðsins þann 29. ágúst síðastliðinn um kvartanir flugliða WOW air vegna brota á kjarasamningi leiðréttist eftirfarandi: Flugliði sem fer í flug til Evrópu á mánudegi og þriðjudegi og fer svo næst í flug til Bandaríkjanna á miðvikudegi og kemur heim á föstudegi má ekki fara aftur í flug fyrr en á mánudegi en ekki á sunnudegi eins og segir í fréttinni.*

# Oft ódýrara að kaupa stærri skammt ávanabindandi lyfja

**Embætti landlæknis hefur sent lyfjagreiðslunefnd fordæmalaust erindi vegna verðs ávanabindandi lyfja. Í mörgum tilfellum er ódýrara að kaupa stærri skammt en minni. Embættið hefur áhyggjur af því að auðveldara sé að misnota lyfin sé þeim ávísað í stærri skömmtum. Læknar standa oft í stappi við sjúklingana.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ófært að ávanabindandi lyf skuli vera háð markaðsöflum,“ segir Ólafur B. Einarsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis en embættið hefur sent lyfjagreiðslunefnd erindi vegna verðs á ávanabindandi lyfjum. Í mörgum tilfellum reynist ódýrara að kaupa stærri skammt af ávanabindandi lyfjum. Embættið hefur áhyggjur enda auðveldara að misnota slík lyf sé þeim ávísað í stærri skömmtum en nauðsyn ber til.

„Læknar hafa verið að kvarta undan því að þeir lendi oft í stappi við fólk því það er hagkvæmara fyrir það að kaupa stærri skammta,“ segir Ólafur og tekur dæmi um svefnlyfið Imovane en samkvæmt lyfjaverðskrá kosta þrjátíu töflur 1.367 krónur en tíu töflur með sama styrk kosta 1.400 krónur. „Þarna er ódýrara að kaupa fleiri töflur en færri. Þetta eru þær svefntöflur sem eru mest notaðar í dag,“ segir Ólafur.

Samkvæmt lyfjaverðskrá sem gefin er út af lyfjagreiðslunefnd sem tilheyrir Lyfjastofnun má sjá að þetta á við um fjölda ávanabindandi lyfja. Verð á hundrað stykkjum af verkjalyfinu Parkodin forte er 3.000 krónur en verð á þrjátíu stykkjum af sama lyfi er á 1.985 krónur. Þannig kostar stykkið þrjátíu krónur ef keypt eru hundrað stykki en 66,2 krónur ef keypt eru þrjátíu stykki. „Taflan er þannig mun ódýrari því stærri skammt sem þú kaupir. Ef maður skoðar hvað ein tafla kostar í pakkningunni þá er miklu hagkvæmara að fá stærri pakkningar. Það er ástæðan fyrir því að einstaklingar eru að fá stærri skammta og biðja um þá. Við sjáum það að læknar eru að kvarta yfir þessu og vilja ekki vera að gefa svo stóra skammta,“ segir Ólafur.




**Embætti landlæknis hefur áhyggjur af ástandinu enda er auðveldara að misnota ávanabindandi lyf sé þeim ávísað í stærri skömmtum.**

» Yfir 20.000 notendur Parkodin forte árið 2015.

**12.707** konur leystu út Parkodin forte árið 2015.

**14.350** konur leystu út Imovane árið 2015.

**11.645** karlar leystu út Parkodin forte árið 2015.

**8.423** karlar leystu út Imovane árið 2015.

Þá segir Ólafur að það sama gildi um morfínskyld lyf á borð við fentanýl, Oxycontin, Ketogan og Tramadol. Töluvert hefur verið fjallað um misnotkun lyfsins fentanýls undanfarið eftir að ungur maður lést og annar missti meðvitund nýlega. Lögreglan rannsakar nú hvort lyfið fentanýl hafi komið við sögu í báðum tilfellum.

Ólafur nefnir dæmi þar sem 84 ára gömul kona leitaði til læknis og kvartaði undan verkjum í baki. Hún fékk ávísað 100 stykkjum af 50 mg Tramadol, sterku verkjalyfi, og hundrað stykkjum af Parkodin forte.

„Þetta er dæmi sem við fáum að heyra frá sjúklingum sem eru að fá allt of stóra skammta í einni afgreiðslu. Að okkar mati ætti að velja bæði minni skammta og minni styrk á lyfjum þegar ábendingar eru ekki alvarlegar, sérstaklega þegar einstaklingur er kominn á þennan aldur,“ segir Ólafur.

Þetta er í fyrsta skipti sem embættið sendir slíkt erindi til lyfjagreiðslunefndar en farið er fram á að sama verð sé á hverri töflu óháð pakkningastærð. Lyfjastofnun hefur ekki brugðist við erindinu enn sem komið er.

Ólafur segir að embættið biðli því til fólks að láta embættið vita finnist því það fá óhóflega mikið af lyfjum ávísað.

Guðrún I. Gylfadóttir, formaður lyfjagreiðslunefndar, segir ákvarðanir um hámarksverð lyfja vera teknar með hliðsjón af verði sömu lyfja í viðmiðunarlöndunum sem eru Norðurlöndin.

„Við berum saman verð á pakkningum miðað við Norðurlöndin. Ákvarðanir lyfjagreiðslunefndar byggja á reglugerð um lyfjagreiðslunefnd sem er skýr um þetta atriði,“ segir Guðrún. nadine@frettabladid.is




# Finnst Samtökin '78 hafa gleymt þeim

**SAMFÉLAG** Allt stefnir í klofning innan Samtakanna '78. Virðist sem hópur samkynhneigðra í samtökunum upplifi að hann hafi gleymst í baráttunni. Málið á sér langan aðdraganda en það hófst raunar þegar BDSM á Íslandi sótti um hagsmunaaðild að samtökunum.

Aðalfundur Samtakanna '78 verður haldinn 11. september næstkomandi. Tveir hópar með ólíkar áherslur hafa boðið sig fram til stjórnarsetu og formennsku. Félagsmaður fullyrðir við Fréttablaðið að klofningur sé nærri óhjákvæmilegur. Stór hópur muni segja sig úr samtökunum á hvorn veginn sem atkvæði falla í formannskjörinu.

María Helga Guðmundsdóttir býður sig fram sem formaður en hennar framboð er samstarfsframboð með þremur öðrum sem öll hafa setið í stjórn Samtakanna '78 á þessu átakamikla ári.

„Eitt af því sem hefur verið fleygt fram af fólki úr hinni fylkingunni, ef svo má að orði komast, er að samtökin standi ekki nægilega mikinn vörð um málefni homma og lesbía,“ segir María sem kveður þetta þó ekki rétt. „Það er mjög mikið af málefnum hér inni á borði sem varða beint hagi homma og lesbía. Í fyrra, þegar við kærðum hatursorðræðu gegn hinsegin fólki í fjölmiðlum, var langmest af þeirri hatursorðræðu beint gegn samkynhneigðum til dæmis.“ – snæ



**Klofningur sagður yfirvofandi hjá Samtökunum '78.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ




mazda

Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseiginleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhemlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalausa akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

*Komdu og reynsluaktu Mazda2*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Vegagerðin var með þriggja milljarða króna afgang. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Vegagerðin skilar afgangi

**STJÓRNMÁL** Samkvæmt ársfjórðungsuppgjöri ríkisins voru heildarútgjöld ríkissjóðs innan fjárheimilda á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu á vef fjármálaráðuneytisins.

Heildarútgjöldin námu 343 milljörðum króna og voru rúmum átta milljörðum innan fjárheimilda. 190 liðir fjárlaga eru innan heimilda sinna en sem dæmi um þá sem skila afgangi eru Vegagerðin, með þrjá milljarða í afgang, daggjöld öldrunarstofnana með 1,9 milljarða í afgang og Atvinnuleysistryggingasjóður með 1,3 milljarða króna.

Alls eru 169 fjárlagaliðir með útgjöld umfram fjárheimildir. Hæst umfram útgjöld fara Sjúkratryggingar eða um 1,4 milljarða króna. – snæ

## Börn að leik í öskufalli



**Indónesía** Grunnskólanemendur í þorpinu Gajah á indónesísku eyjunni Súmötru sjást hér að leik en í baksýn er eldgos í fjallinu Sinabung. Eldgosið hófst á laugardag en þetta er annað gosið í fjallinu á þessu ári. Á annan tug lést þegar eldgosið hófst en eins og sést á þessari mynd nær öskustrókurinn hátt upp í loft, eða um þrjú þúsund metra. Herinn vinnur nú að því að rýma hættusvæði í kringum fjallið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Bandaríkin hafa sett tíu milljónir dollara til höfuðs leiðtoga ISIS-samtakanna, Abu Bakr al-Baghdadi. NORDICPHOTOS/AFP

## Lykilmaður ISIS felldur

**SÝRLAND** Talsmaður ISIS og yfirmaður aðgerða þeirra á erlendri grund, Abu Mohamed al-Adnani, er sagður hafa fallið í árás sýrlenska hersins í Aleppo í gær. Erlendu miðlarnir Al Jazeera og BBC hafa það eftir ISIS-tengdri fréttasíðu að hann hafi látið lífið við að fylgja eftir hernaðaraðgerðum á svæðinu.

Adnani er sagður annar valdamesti maðurinn innan ISIS og röð samtakanna út á við. Hann sást síðast í myndbandi í maí hvetja til aðgerða múslima á erlendri grund á meðan Ramadan stæði yfir. Bandarísk stjórnvöld höfðu sett fimm milljónir dollara til höfuðs honum samkvæmt vef BBC. Ekki liggur fyrir hvort al-Adnani var drepinn í loftárás eða í árás á jörðu niðri.

> Abu Mohamed al-Adnani hefur verið talinn annar valdamesti maðurinn innan ISIS.

Samkvæmt heimildum erlendra miðla var al-Adnani einn af þremur eftirlifandi stofnendum ISIS en þeir voru upprunalega 43 talsins. – snæ


HL STÖÐIN

Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn **5. september**.

Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.

HL STÖÐIN

Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga

Hátúni 14 – 105 Reykjavík – Sími 561 8002


# Lækka verð til bænda vegna kjötfjalls í frysti

**Erlendir markaðir hafa hrunið með styrkingu krónunnar. Þriðjungur framleiðslunnar fluttur út. Enn tæp tvö þúsund tonn eftir í frystigeymslum af haustslátrun 2015. Erum ekki að framleiða of mikið segir formaður sauðfjárbænda.**

**LANDBÚNAÐUR** Ekki gengur nægilega vel að selja sauðfjárafurðir úr haustslátrun ársins í fyrra sem veldur því að verð til sauðfjárbænda lækkar um tíu prósent.

Erlendir markaðir hafa hrunið á árinu og enn eru til um 1.800 tonn af lambakjöti í frystum afurðastöðva rétt fyrir sláturvertíð ársins 2016.

Framleiðsla á lambakjöti á ári hverju losar rétt um tíu þúsund tonn. Þar af hafa um 2.900 tonn verið flutt til útlanda á aðra markaði. Enn eru samt til um átján hundruð tonn í frystum landsins frá síðustu sláturtíð.

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, segir horfur ekki góðar með nýjum búvörusamningum.

„Gert er ráð fyrir gripagreiðslum í stað ærgilda eins og nú er og það mun aðeins auka framleiðni sauðfjárbænda og þeir lenda í vítahring. Þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða rækilega,“ segir Björt.

Neysla kindakjöts hefur dregist saman síðustu 12 mánuði um eitt prósent og er nú svo komið að kindakjötsneysla er um fjórðungur allrar kjötneyslu landsins.

Neysla svínakjöts á hinn bóginn hefur aukist um 8,3 prósent og er nú 24 prósent heildarneyslu landsmanna. Stærsta einstaka breytingin á neysluvenjum hér á landi síðustu tólf mánuði er í nautakjöti en neysla nautakjöts hefur aukist um þrjátíu prósent á síðustu tólf mánuðum.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir markaði hafa hrunið á árinu.

„Nú er svo komið að Rússamarkaður er hruninn og markaður fyrir aukaafurðir er einnig hruninn. Við höfum verið að gera það gott á mörkuðum þar sem við seljum undir okkar vörumerkjum en þar sem framleiðslan fer bara inn á einhvern markað er salan mjög léleg,“ segir Þórarinn. Framleiðslan er ekki of mikil að mati Þórarins.

„Ef við skoðum stöðuna fyrir fjórum árum þá vorum við að framleiða meira en nú en framleiddum samt of lítið fyrir markaði. Núna erum við að framleiða kannski aðeins of mikið en þetta kemur í sveiflum,“ segir Þórarinn Ingi.

sveinn@frettabladid.is

### Staða sauðfjárframleiðslu á Íslandi




> Gert ert ráð fyrir gripagreiðslum í stað ærgilda eins og nú er og það mun aðeins auka framleiðni sauðfjárbænda og þeir lenda í vítahring.



Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar

> Nú er svo komið að Rússamarkaður er hruninn og markaður fyrir aukaafurðir er einnig hruninn.



Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda




| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð | BL ehf |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum | Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 | 525 8000 / www.bl.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 | |

B|L

## Streymir eigin réttarhöldum

**NÝJA-SJÁLAND** Áfrýjunardómstóll í Nýja-Sjálandi hefur leyft netfrumkvöðlinum Kim Dotcom að streyma réttarhöldum um framsal hans til Bandaríkjanna beint á YouTube.

Dotcom er eftirlýstur í Bandaríkjunum fyrir brot á höfundarrétti og peningaþvætti. Hann stofnaði skráaskiptasíðuna Megaupload árið 2005. Alríkislögreglan (FBI) lokaði síðunni 2012. FBI sagði Megauploads hafa kostað höfundarréttarhafa jafnvirði 60 milljarða króna.

Bandarísk yfirvöld voru andvíg beiðni Dotcom sem segir ákvörðunina ryðja braut fyrir bætt lýðræði. Hefja á streymið í dag en réttarhöldin eiga að taka átta vikur. Streyma á með tuttugu mínútna seinkun.

Dómur féll í Nýja-Sjálandi í desember um að framselja Dotcom en hann áfrýjaði. Lögfræðingar hans segja ekki hægt að gera Dotcom ábyrgan fyrir gjörðum notenda síðunnar. **– þea**


FUDGE
Mættu og taktu númer
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE
FUDGE
FUDGE
S: 5513010


# Þúsundum bjargað úr sjávarháska í vikunni

**Ítalska landhelgisgæslan stendur í ströngu við að bjarga flóttafólki á sökkvandi bátum og tæplega átta þúsund manns hefur verið bjargað frá því á sunnudag. Fleiri reyna að sigla frá Líbýu til Ítalíu eftir að Grikkir lokuðu landamærunum.**

**LÍBÝA** Tæplega átta þúsund flóttamönnum hefur verið bjargað úr sjávarháska við strendur Líbýu frá því á sunnudag. Þar af um 6.500 á mánudaginn. Frá þessu greindi ítalska landhelgisgæslan í gær en hún hefur ráðist í sitt stærsta verkefni til að bjarga flóttamönnum til þessa. Fjöldi flóttamanna hafði lagt af stað út á Miðjarðarhaf á yfirfullum, hriplekum bátum.

Um fjörutíu skipum var bjargað tuttugu kílómetrum út af líbýsku borginni Sabratha og sýna myndbönd gæslunnar flóttamennina, sem flestir eru frá Erítreu og Sómalíu, fagna og synda að björgunarskipunum.

Ítalska landhelgisgæslan vann ásamt Frontex, landamærastofnun Evrópusambandsins, og Læknum án landamæra að björgunaraðgerðunum.

Flóttamönnum sem reyna að ferðast yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu hefur fjölgað mikið frá því í mars. Þá gerði Evrópusambandið samning við Tyrki sem innihélt ákvæði um að Tyrkir myndu koma í veg fyrir að flóttamenn færu þaðan og til Grikklands. Ríkin á Balkanskaga lokuðu landamærum sínum á sama tíma og

### Fjöldi flóttamanna sem komu sjóleiðina til Evrópu

**JÚNÍ 2015**
**55 þúsund**

**JÚNÍ 2016**
**25 þúsund**

**JÚLÍ 2015**
**78 þúsund**

**JÚLÍ 2016**
**25 þúsund**

**ÁGÚST 2015**
**130 þúsund**

**ÁGÚST 2016**
**15 þúsund**



**Flóttamenn um borð í björgunarskipi.** NORDICPHOTOS/AFP







Tveir sem vekja aðdáun

cee'd og cee'd Sportswagon eru öflugir meðlimir Kia fjölskyldunnar. Sportswagon er sérlega rúmgóður og hentar því vel fyrir meiri farangur. Báðir eru þeir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,2 l/100 km í dísilútgáfu, hvort sem þú velur fágaða 6 þrepa beinskiptingu eða 7 þrepa DCT sjálfskiptingu — sem felur í sér enn hraðari skiptingu. Þá eru þeir hlaðnir nýjustu gerð tæknibúnaðar. Öllum nýjum Kia bílum fylgir sjö ára ábyrgð.

**Kia cee'd bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Flóttamönnum bjargað úr sjávarháska á Miðjarðarhafi. NORDICPHOTOS/AFP




Flóttamenn komnir í land á Ítalíu eftir að hafa verið bjargað. NORDICPHOTOS/AFP

því lokaðist leiðin yfir austurhluta Miðjarðarhafs. Áður en þeirri leið var lokað höfðu um 160 þúsund siglt þá leið til Grikklands.

Alls hafa rúmlega hundrað þúsund flóttamenn komið sjóleiðina til Ítalíu á árinu. 2.726 hafa látið lífið á leiðinni. Þetta kemur fram í tölum Alþjóðlegu fólksflutningastofnunarinnar (IOM). Þar segir einnig að um 275.000 flóttamenn séu í Líbýu að bíða tækifærisins að sigla yfir. Þeir sem leggja leið sína yfir Miðjarðarhafið frá Líbýu til Ítalíu eru flestir frá Erítreu og Sómalíu en einnig kemur góður hluti frá Nígeríu, Gambíu og Sýrlandi. Hins vegar eru Sýrlendingar um þriðjungur þeirra sem hafa komið sjóleiðina til Evrópu á árinu, hvort sem það er til Grikklands eða Ítalíu.

Þeim flóttamönnum sem hafa komið sjóleiðina til Evrópu síðustu mánuði hefur fækkað talsvert samanborið við sömu mánuði í fyrra. Um 130.000 flóttamenn komu til Evrópu í ágúst 2015 en tæp 15.000 núna. Munurinn var þó minni á júlímánuð í ár og í fyrra, 78.000 á móti 25.000.

thorgnyr@frettabladid.is




The Power to Surprise

Verð frá **2.890.777** kr.

**24.777 kr.** á mánuði*
Útborgun **1.445.000** kr.

**Kia cee'd LX** — 1,0 Kappa, bensín, 100 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur

*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,25% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 11,03%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Verð frá **3.390.777** kr.

**28.777 kr.** á mánuði*
Útborgun **1.695.000** kr.

**Kia cee'd Sportswagon** — 1,4 dísil, 90 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur

*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,25% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 11,03%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Nýtt skattþrep gæti tekið á bónusum

**Samþykktar hafa verið milljarða greiðslur til stjórnenda Kaupþings og gamla Landsbankans. Fyrrverandi ríkisskattstjóri segir engin sérákvæði um slíkar greiðslur í lögum en hægt væri að leggja sérstakan skatt á þær. Alþingismaður sér ekki leið fyrir löggjafarvaldið.**



Samþykkt hefur verið bónusgreiðsla að fjárhæð 1,5 milljarða króna til stjórnenda Kaupþings. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VIÐSKIPTI** Hægt væri að bregðast við ofurbónusgreiðslum til stjórnenda Kaupþings og gamla Landsbankans með því að setja á sérstakan bónusskatt. Þannig mætti draga úr áhuga og ávinningi af slíkum samningum að mati Indriða Þorlákssonar, fyrrverandi ríkisskattstjóra.

Brynjar Níelsson, fyrsti varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, segist hins vegar ekki sjá neina leið fyrir löggjöfina til að koma í veg fyrir slíkar bónusgreiðslur.

Á aðalfundi Kaupþings í gær var samþykkt tillaga um kaupauka til starfsmanna sem nemur 1,5 milljörðum króna, þetta kom í kjölfar þess að eignarhaldsfélagið LBI ehf., sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, samþykkti áætlun um greiðslur kaupauka til stjórnar og lykilstarfsmanna.

DV greindi frá því að fjórir stjórnendur LBI gætu fengið hundruð milljóna króna hver um sig. Áætlanirnar hafa sætt mikilli gagnrýni almennings en Kaupþing og LBI falla ekki undir lög sem takmarka slíka kaupauka.

Á Alþingi á mánudag sagðist Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vera opinn fyrir umræðu um með hvaða hætti almennt ætti að búa um bónusgreiðslur eins og í þessu tilviki. Bjarni sagðist tilbúinn til viðræðu um hvort hægt væri að setja skýrari umgjörð um þessi mál.

Indriði Þorláksson segir að út frá þeim sem reglum sem gildi nú séu engin sérákvæði um svona greiðslur í skattalögunum.

„Svona ofurgreiðslur eru ekki nýjar af nálinni og í eftirleik hrunsins voru viðraðar og sums staðar virkjaðar skattareglur sem taka á þessu að einhverju leyti, það er að segja að skattleggja svona aukagreiðslur með ákveðnum hætti. Tæknilega er hægt að skilgreina sérstakar launagreiðslur sem eru umfram reglulega launasamninga og hugsanlega leggja á þær sérstakan skatt, svona einskiptisgreiðslur. Ef svona greiðslur fara yfir ákveðin mörk, til dæmis umfram 25 prósent af árslaunum viðkomandi, er hægt að setja einhver ákvæði,“ segir Indriði.

> Eigendur sem eiga þetta eru að ákveða að gefa íslenskum mönnum sem hafa unnið fyrir þá stórfé. Ég tel það ómögulegt fljótt á litið fyrir löggjafann að bregðast við því sérstaklega.
>
> Brynjar Nielsson alþingismaður



**1,5**
milljarðar renna til starfsmanna Kaupþings í bónusgreiðslur


Indriði Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, telur hægt að bæta við skattþrepi vegna bónusgreiðslna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Indriði segir einnig hægt að setja viðbótarskattþrep almennt á svona ofurtekjur.

„Við erum núna með hæsta þrepið sem miðast við, ef ég man rétt, átta milljónir í árslaun, það væri hægt að hafa hærra skattþrep sem tæki á greiðslum yfir tuttugu milljónum eða bara þá tölu sem fólk vill,“ segir Indriði.

Að sögn Indriða gætu slík ákvæði líka tekið til greiðslna sem fara til erlendra aðila, en í sumum tilfellum er um að ræða erlenda aðila sem fá greiðslu en eru ekki með fulla skattskyldu hér á landi. Með þessum mismunandi aðgerðum er því hægt að skila samfélaginu einhverjum hluta af þessum greiðslum og draga úr áhuganum og ávinningnum af þessum samningum.

Margir þingmenn hafa gagnrýnt fyrirkomulagið og sagði Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, í gær að hann myndi vilja leggja 90 til 98 prósent skatt á bónusgreiðslurnar.

Brynjar Níelsson segir málið ekki hafa verið skoðað í efnahags- og viðskiptanefnd, engin áform séu um það nú en það kæmi honum ekki á óvart að það yrði gert. Hann segist skilja ólgu almennings í kringum greiðslurnar, hins vegar telur hann ekki neina leið fyrir löggjafann til að koma í veg fyrir svona greiðslur hér á landi.

„Eigendur sem eiga þetta eru að ákveða að gefa íslenskum mönnum sem hafa unnið fyrir þá stórfé. Ég tel það ómögulegt fljótt á litið fyrir löggjafann að bregðast við því sérstaklega. Ef þeir væru í rekstrarumhverfi sem við settum lög um, sem skipta almannahagsmuni máli þá takmörkuðum við bónusgreiðslur, en það á ekki við um þessi félög,“ segir Brynjar. „Við getum ekki farið í geðþóttaákvarðanir af því að menn eru að gera eitthvað sem við teljum óæskilegt.“ **saeunn@frettabladid.is**


JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

# Félagsfundur VR

**Fimmtudaginn 8. september**
**kl. 18:00 í Húsi verslunarinnar**

Á dagskrá fundarins verður kosning þingfulltrúa á 42. þing ASÍ sem haldið verður dagana 26. - 28. október næstkomandi.

Fundurinn verður haldinn í **fundarsal VR** í Húsi verslunarinnar **á 0. hæð** hússins.



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR



Upplýsingar lögreglu í tælingarmálum eru oft takmarkaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Tælingarmál enda nær aldrei með ákæru

**LÖGREGLUMÁL** Það sem einkennir tilkynningar um tilraunir manna til að tæla börn í bíl er að mjög takmarkaðar upplýsingar eru til staðar og rannsókn erfið viðureignar.

„Það er algjör undantekning ef það er eitthvað hægt að vinna með upplýsingar sem fást og ég man ekki í fljótu bragði eftir máli sem hefur leitt til ákæru,“ segir Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrradag reyndi maður í Kópavogi að tæla níu ára dreng upp í bíl. Heimir Ríkarðsson lögreglufulltrúi segir litlar upplýsingar um málið til að vinna úr. „Almennt reynum við að kanna myndavélar í nágrenninu og förum í almenna upplýsingaöflun en því miður höfum við nú lítið í höndunum til að byggja rannsókn á.“

> Það eru þó vísbendingar um að oft séu þeir félagslega einangraðir, einmitt kannski vegna þess að þeir eru haldnir þessari hneigð.
>
> Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við HÍ



Erfitt er að búa til mynd af mönnum sem reyna að tæla börn í bíla enda hafa þeir verið lítið rannsakaðir þar sem þeir leita sér almennt ekki hjálpar vegna barnagirndar. Þetta segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félags- og afbrotafræði við Háskóla Íslands.

„Þetta er hneigð sem er svo dulin. Þar af leiðandi eru ekki til rannsóknir um þennan hóp manna, en það eru þó vísbendingar um að oft séu þeir félagslega einangraðir, einmitt kannski vegna þess að þeir eru haldnir þessari hneigð. Þeir vita að þetta er fordæmt af samfélaginu,“ segir Helgi. **– ebg**




Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki.

Hyundai i10 - Verð frá 1.890.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Comfort útgáfa verð 2.090.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Bjóði hreinar nálar ókeypis

**Starfshópur leggur til aukið verði aðgengi að hreinum sprautum og nálaskiptaþjónustu. Ríkislögreglustjóri gagnrýnir tillögu um afnám fangelsisrefsingar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Skýrslu starfshóps heilbrigðisráðherra um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum vímuefnaneyslu var dreift á Alþingi í gær.

Nái tillögur starfshópsins fram að ganga mun aðgengi að hreinum sprautubúnaði og nálaskiptaþjónustu verða aukið.

Hópurinn telur að tryggja þurfi einstaklingum sem sprauta vímuefnum í æð aðgang að gjaldfrjálsri nálaskiptaþjónustu. Heilsufarsvandi þeirra sem sprauta sig sé í flestum tilvikum rakinn til sýkinga eða smits sem þeir verða fyrir af völdum óhreins eða sýkts sprautubúnaðar.

Fréttablaðið sagði í gær frá þeirri tillögu starfshópsins að refsing fyrir vörslu og meðferð á neysluskömmtum ólöglegra vímuefna yrði bundin við sektir. Í dag er gert ráð fyrir því í lögum að hægt sé að dæma í fangelsi fyrir vörslu ávana- og fíkniefna.

Í áliti Embættis ríkislögreglustjóra um þá tillögu segir að skilyrðislaust fráhvarf frá fangelsisrefsingu minnki áhættu viðkomandi einstaklings eða hóps við að stunda slíka brotastarfsemi. Einstaklingur sem ber á sér neysluskammt fíkniefna geti búið yfir upplýsingum um eða jafnvel verið þátttakandi í umfangsmiklum fíkniefnaviðskiptum. Breytingin kynni að leiða til þess að smásölum á sviði fíkniefnaviðskipta fjölgi.

Borgar Þór Einarsson, hæstaréttarlögmaður og formaður starfshópsins, segir allar tillögurnar í skýrslunni vera málamiðlun..

„Þeir sem vilja mest frjálsræði vilja ganga lengst og aðrir kannski aðeins skemmra. Það sem gefur tillögunum hins vegar mest vægi er sú samstaða sem náðist þar um,“ segir Borgar Þór og bætir við að þegar ólíkir aðilar komi saman að tillögum sem þessum sé eðlilega mismunandi afstaða til einstakra þátta. Rauði krossinn og Embætti landlæknis og ríkislögreglustjóra eiga fulltrúa í starfshópnum.

> **Varðandi þingið eru eflaust margir sem vilja sjá róttækari breytingar en sumir hræðast allar breytingar.**
>
> Borgar Þór Einarsson, hæstaréttarlögmaður og formaður starfshópsins



> **Í áliti Embættis ríkislögreglustjóra um þá tillögu segir að skilyrðislaust fráhvarf frá fangelsisrefsingu minnki áhættu viðkomandi einstaklings eða hóps við að stunda slíka brotastarfsemi**

„Varðandi þingið eru eflaust margir sem vilja sjá róttækari breytingar en sumir hræðast allar breytingar. Ég hef enga ástæðu til að ætla að einhverjir setji sig sérstaklega upp á móti tillögunum en það þarf auðvitað að útfæra nokkur atriði betur,“ segir Borgar.

Hópurinn telur að með auknu aðgengi að hreinum sprautubúnaði megi takmarka þann skaða sem einstaklingar verða fyrir. Kostnaður vegna hreinna nála og þjónustunnar sé hverfandi í samanburði við þann kostnað sem heilbrigðiskerfið ber vegna þeirra sem sýkjast vegna sprautunotkunar.

Í sértækri nálaskiptaþjónustu munu einstaklingar geta komið og sótt sér hreinar nálar, sprautur, sprittklúta fyrir stungustað og annan sprautubúnað sem þarf til þess að draga úr líkum á smiti og sýkingu.

**nadine@frettabladid.is**

## Fórnarlömb hamfara lögð til hinstu hvílu



**Ítalskir verkamenn bera á milli sín líkkistu eins þeirra nærri þrjú hundruð sem létu lífið í jarðskjálftanum fyrir viku. Opinber útför fór fram í gær í bænum Amatrice sem fór hvað verst út úr skjálftanum. Upphaflega átti útförin að fara fram í flugskýli en ættingjar hinna látnu mótmæltu því harðlega.** NORDICPHOTOS/AFP


Betri notaður bíll á betra verði og betri lánakjörum

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY



Toyota Auris Live
20.05. 2015
Ekinn 37.600 km.
bensín, beinskiptur.

Verð: 2.740.000 kr.
Betra verð: 2.390.000 kr.
eða 31.888 kr. á mánuði*

*miðað við 20% útborgun og bílasamning í 84 mánuði frá Arion banka. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,62%

Arion banki

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös: 07.45 -18.00
Laugardaga: 12.00 - 16.00

toyotakauptuni.is

BETRI NOTAÐIR BÍLAR




**Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur en er undir kjörfylgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fylgi Pírata dalar nokkuð

**STJÓRNMÁL** Fylgi Pírata og Vinstri grænna dregst saman í nýrri könnun sem MMR gerði og birti í gær á fylgi stjórnmálaflokka.

Yrðu niðurstöður könnunarinnar útkoma í kosningum yrði Sjálfstæðisflokkurinn aftur stærsti flokkurinn á Alþingi með um 24,6 prósenta fylgi. Flokkurinn mældist síðast með 24,0 prósent.

Píratar sem voru stærstir í síðustu könnun fyrirtækisins, með um 26,8 prósent fylgi mælast nú með 22,4 prósent fylgi.

Vinstri græn mælast með 12,4 prósenta fylgi en voru með 18 prósenta fylgi í könnun um miðjan júlí.

Framsóknarflokkurinn bætir við sig 2,3 prósentustigum og er með rúmlega 10 prósenta fylgi.

Könnun MMR var framkvæmd dagana 22. til 29. ágúst og var heildarfjöldi svarenda 949 einstaklingar, átján ára og eldri. **– sa**

> **2,2** prósentustiga munur á fylgi Sjálfstæðisflokks og Pírata.



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004






Beltone **Legend**™

# Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

**Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is**

**HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi.
Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# Græðgivandi



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Allt frá hruni bankanna, með tilheyrandi efnahagslegum hörmungum, hafa þrotabú skaðvaldanna verið að störfum. Í þrotabúunum starfar fólk við að hámarka eign kröfuhafanna og eðli málsins samkvæmt er þarna um að ræða fólk með viðeigandi menntun og reynslu úr viðskiptalífinu enda ábyrgðin talsverð. Þetta fólk er á góðum launum, á við marga leikskólakennara svo dæmi sé tekið en þeir bera reyndar bara ábyrgð á velferð, menntun og hamingju barna. Svona eins og sagt er frá í nýársávörpum.

En góð laun eru víst ekki nóg. Af einhverri ástæðu hefur myndast hefð fyrir því að fólk sem vinnur við að meðhöndla mikið af peningum, ekki síst peninga annarra, þurfi sérstaka hvatningu til þess mæta í vinnuna og standa sig vel. Hvatningin felst í gríðarlegum bónusgreiðslum sem renna beint í vasa smalanna sem stjórna rekstri þrotabúanna. Sér eignar smali féð, þó enga eigi kindina.

Nú horfir íslenskt samfélag í forundran á áform þrotabúa gamla Landsbankans (LBI) og Kaupþings um gríðarlega kaupauka til lykilstarfsmanna. En lykilstarfsmenn eru alla jafna þeir sem eru hæst settir en ekki sá sem er með lykla að skrifstofunni og opnar fyrir öllum á morgnana. Gangi áformin eftir munu viðkomandi stjórnendur fá í sinn hlut frá tugum og upp í hundruð milljóna beint í vasann. Forsenda þess að þetta sé gerlegt er að viðkomandi þrotabú heyra ekki undir Fjármálaeftirlitið sem hefur þó reynt að hamla þessari ómenningu með því að setja reglur um 25% hámarksbónusgreiðslu ofan á föst laun. Þetta er gert til þess að takast á við það sem kallast freistnivandinn, en það er vandamál sem fólk sem fer með gríðarleg fjárráð í störfum sínum glímir við frá degi til dags. Sér eignar smali féð, þó enga eigi kindina.

Þó svo margt ágætra manna og kvenna hafi nú stigið fram og lýst yfir forundran á þessum viðskiptaháttum er þetta tæpast eitthvað sem þarf að koma okkur hinum á óvart. Reglur um freistnivanda hefðu tæpast verið settar nema af þeirri einföldu ástæðu að vandamálið var til staðar. Freistnivandi er reyndar ekkert annað en haganlega smíðað orð yfir það sem í daglegu tali er kallað græðgi og hefur sá fjári fylgt mannskepnunni frá örófi alda. Græðgivandinn er auðvitað okkur vel kunnur og hefur lengi verið til staðar í íslensku samfélagi og á stundum með ömurlegum afleiðingum. Sér eignar smali féð, þó enga eigi kindina.

Tilvist græðgivandans og hversu langþreytt íslenskt samfélag er á þessum fjára er líka ástæða þess að þeir sem þjást af þessu vandamáli kjósa að gera það á bak við luktar dyr. Kjósa að tjá sig ekki við fjölmiðla og tala við það samfélag sem þeir eru hluti af. Slík einangrun getur ekki verið góð tilfinning og þess vegna þarf samfélagið nú að hjálpa þessum fjárhirðum til þess að losna við þessar freistingar. Það getur þingheimur gert með því að skattleggja þetta upp í topp og senda skýr skilaboð um að við sem samfélag sættum okkur ekki við svona vitleysu og græðgi hjá smalanum.

**Freistnivandi er reyndar ekkert annað en haganlega smíðað orð yfir það sem í daglegu tali er kallað græðgi og hefur sá fjári fylgt mannskepnunni frá örófi alda.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Ekki búið enn**

**Ótrúleg staða er komin upp samkvæmt nýjustu könnun MMR. Ríkisstjórnin ásamt Viðreisn mælist hnífjöfn stjórnarandstöðunni, án Bjartrar framtíðar sem ekki mælist á þing. Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og Viðreisn hafa samtals 44 prósent og Píratar, VG og Samfylking með 43,9 prósent. Þeir sem voru búnir að afskrifa áframhaldandi samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknar geta farið að hugsa sig um því Viðreisn virðist bera nafn með rentu og vera það afl sem getur reist sitjandi ríkisstjórn við.**

**Á ferð og flugi**

**25 þingmenn hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Tillagan kemur aðeins nokkrum vikum eftir að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn um að loka beri NA-SV-flugbraut þrátt fyrir áform innanríkisráðuneytisins um annað. Þá brást borgarfulltrúi Framsóknar, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, við og krafðist þess að Alþingi beitti sér fyrir framtíð flugvallarins því lokun brautarinnar markí endalok hans. Alþingismennirnir hafa nú svarað kalli Guðfinnu. Verst að margir úr hópnum eru á förum af Alþingi og kannanir benda til að megnið af þeim sem eftir vilja sitja fljúgi út í kosningum.** snaeros@frettabladid.is

# Hagsmunir sjúklinga ráði



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Það virðist litlu breyta þó rúmlega 80 prósent þjóðarinnar séu þeirrar skoðunar að heilbrigðiskerfið eigi að vera á forræði hins opinbera, alltaf dúkka af og til upp hugmyndir um að einkavæða hluta þjónustunnar.

Nú hefur heilbrigðisráðherra til meðferðar niðurstöður starfshóps sem skoða átti kosti mismunandi rekstrarforma fyrir sjúkrahótel við Landspítalann. Enn og aftur lýsa talsmenn einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu áhuga sínum á því að láta einkaaðilum eftir að reka sjúkrahótelið.

Forstjóri Landspítalans hefur talað hreint út um málið og segir hagsmunum sjúklinga best borgið með því að sjúkrahótelið verði hluti af Landspítalanum. Full ástæða er til að taka undir orð forstjóra Landspítalans.

Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar prófessors sýna með skýrum hætti að fjórir af hverjum fimm Íslendingum vilja að það sé fyrst og fremst hið opinbera sem reki heilbrigðiskerfið, ekki einkaaðilar. Einkarekstur er þegar allt of algengur í íslensku heilbrigðiskerfi og frekar ætti að leita allra leiða til að draga úr honum heldur en að skoða hvort enn eigi að auka við hann.

Talsmenn einkarekstrus eru gjarnan þeirrar skoðunar að einkarekstur eigi ekkert skylt við einkavæðingu, enda vita þeir sem er að stór hluti almennings er andvígur henni.

Á málþingi sem BSRB og ASÍ stóðu fyrir nýverið benti Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur á að þó orðið einkarekstur hljómi betur í eyrum sé hann í raun ekkert annað en einkavæðing á þjónustu.

Sigurbjörg benti jafnframt á að einkavæðing á þjónustu í heilbrigðiskerfinu geti takmarkað getu og svigrúm stjórnvalda til að taka stefnumarkandi ákvarðanir um forgangsröðun og skipulag kerfisins í þágu almannahagsmuna. Ríkið hefur hingað til átt erfitt með að tryggja að einkavæðing hafi ekki þessi áhrif og ólíklegt að þau hafi fundið töfralausnina núna.

BSRB skorar á heilbrigðisráðherra að láta ekki undan fagurgala þeirra sem sjá sér hagsmuni í því að hagnast á því að reka þjónustu fyrir sjúklinga. Skynsamlegasti kosturinn er að hafa rekstur sjúkrahótelsins hluta af starfsemi Landspítalans.

**BSRB skorar á heilbrigðisráðherra að láta ekki undan fagurgala þeirra sem sjá sér hagsmuni í því að hagnast á því að reka þjónustu fyrir sjúklinga.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Framfarir hjá Kauphöllinni



**Helgi Sigurðsson**
hæstaréttarlögmaður

Stjórnendur Kauphallarinnar eru öllu fljótari að svara grein minni frá 25. ágúst sl. um rangfærslur sem Kauphallarmenn birtu deginum áður og var síðbúið svar við grein sem ég skrifaði í byrjun júlí.

Í upphaflegri grein minni fór ég yfir þá staðreynd að Kauphöllin hefði talið aðkomu bankanna mikilvæga forsendu fyrir þróun íslensks hlutabréfamarkaðar. Þessu andmæltu Kauphallarmenn og sögðu engan starfsmann Kauphallar hafa haldið þessu fram. Í svarbréfi sínu nú viðurkennir Kauphöllin raunar að aðkoma bankanna að hlutabréfamarkaðnum sé mikilvæg hér á landi líkt og erlendis. Allt öðru máli gegni um viðskipti þeirra með eigin bréf.

Látum nú vera þó að ég hafi í upphaflegri grein vísað til þróunar hlutabréfamarkaðarins almennt, og gera megi þær kröfur til Kauphallarinnar að áður en staðhæfingum er mótmælt sem röngumsé farið rétt með innihald þeirra. Þetta á ekki síst við þegar Kauphöllin tekur sér margar vikur til að svara stuttri grein. Það er þó framför að Kauphöllin skuli vera sammála mér um þetta mikilvæga atriði.

> **Ég er áfram þeirrar skoðunar að frammistaða Kauphallarinnar að þessu leyti sé talsvert lakari en umbjóðanda míns.**

**Viðskipti með eigin bréf**

Kauphöllin heldur því hins vegar fram að þetta eigi ekki við um eigin bréf. Það er nokkuð athyglisvert vegna þess að í bréfi Kauphallarinnar til FME sem var skrifað þremur árum eftir að þessu viðskiptum bankanna með eigin bréf lauk segir m.a.:

„Þekkt var að bankarnir voru hver um sig með hæsta hlutdeild í viðskiptum með eigin bréf.“

„Ljóst er að væntur ábati af slíkum kaupum gat verið umtalsverður.“

„Því var ekki óeðlilegt að sjá kauptækifæri í stöðunni og hljóta eigin viðskipti Landsbankans þar að koma sterklega til greina, enda hafa starfsmenn oftar en ekki meiri trú á eigin fyrirtæki en aðrir“

Ekki verður séð af þessum sjónarmiðum Kauphallarinnar að allt öðru máli gegni um viðskipti bankanna með eigin bréf, „enda hafa starfsmenn oftar en ekki meiri trú á eigin fyrirtæki en aðrir“ svo vitnað sé til orða Kauphallarinnar sjálfrar.

**Viðskiptavakt**

Dómur Hæstaréttar vegna viðskipta Landsbankans með eigin bréf byggir á því að eftir breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti 2005 verði með gagnályktun að líta svo á að það „sé óheimilt að stunda viðskipti með eigin hluti [...] nema um sé að ræða viðskipti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga“. Í dóminum var jafnframt vísað til þess að með gagnályktun væri fjármálafyrirtæki óheimilt að takast á hendur viðskiptavakt með eigin bréf.

Kauphöllinni var fullkunnugt um að viðskipti bankanna með eigin bréf byggðust hvorki á viðskiptavakt né endurkaupaáætlun.

Gagnrýni mín byggir á því að áður en Kauphöllin gerir kröfur til þess að aðrir líti í eigin barm, væri henni hollt að velta því fyrir sér hvort hún sem lögbundinn eftirlitsaðili á fjármálamarkaði hefði átt að vekja athygli markaðarins á því (og eftir atvikum stöðva viðskipti), að eftir lagabreytinguna 2005 yrðu viðskiptin að byggjast á þessum forsendum. Það gerði hún ekki. Ég er áfram þeirrar skoðunar að frammistaða Kauphallarinnar að þessu leyti sé talsvert lakari en umbjóðanda míns.





# Léttara líf í Heilsuborg

Vilt þú vinna með þyngdarstjórnun og ná árangri sem endist?
Komdu og taktu fyrsta skrefið í átt að betri heilsu.



Þú ert í góðum höndum hjá okkur því allir þjálfarar og sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi.

Heilsulausnir - léttara líf
**Kynningarfundur**
Fimmtudaginn 1. september kl. 17:30
í Faxafeni 14
**Allir velkomnir**

**TAKTU SKREFIÐ!**

Heilsulausnir – léttara líf hefst 5. september

Unnið er með hreyfingu, næringu, skipulag daglegs lífs og hugarfar í nýrri útgáfu af þessu vinsæla námskeiði.
Að námskeiðinu standa íþróttafræðingar, hjúkrunarfræðingar, læknir, ástríðukokkur, næringarfræðingar, sjúkraþjálfarar og sálfræðingar.
Þjálfun í hóp með íþróttafræðingi þrisvar í viku kl. 6.20, 12.00, 18.30 og 19.30.
Aðgangur að líkamsræktinni og opnum tímum sem auka fjölbreytni í þjálfun.
Fræðsludagskrá samkvæmt stundaskrá og stuðningur í lokuðum hópi á facebook.
Sýnikennsla í matreiðslu, smakk, fjölbreyttar uppskriftir og matseðlar.

**Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg. is**

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010

# Þjóðin á betra skilið



Eva H. Baldursdóttir
lögfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar




* Byggt á áætlun en álagningu var breytt (og fer nú fram mánaðarlega).






Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir kom á veiðigjöldum árið 2012. Þau voru hugsuð sem fyrsta skrefið í því að tryggja þjóðinni allri hlutdeild í þeim arði sem úthlutun sérleyfa til nýtingar á sjávarauðlind hennar skapar. Einnig skyldi kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu mætt. Eftir samþykkt laganna voru álögð veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 samtals 12,8 milljarðar.

Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs var að breyta lögunum til að lækka veiðigjöld. Fiskveiðiárið 2013/2014 lækkuðu veiðigjöldin um 3,6 milljarða, niður í 9,2 milljarða. Árið þar á eftir lækkuðu þau áfram niður í 7,7 milljarða. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar frá Fiskistofu en áætlað er að gjöldin séu 5,3 milljarðar síðasta fiskveiðiár, en það er að hluta til tilkomið vegna breytingar á álagningu. Við blasir að veiðigjöld hafa lækkað úr 12,8 í 5,3 milljarða eða um 7,5 milljarða, án tillits til verðlagsbreytinga.

Á sama tíma og veiðigjöld til ríkissjóðs hafa lækkað hafa arðgreiðslur til eigenda sjávarútvegsfyrirtækja hækkað. Á árinu 2012 voru arðgreiðslurnar 6,3 milljarðar, 2013 voru þær 11,8 milljarðar og svo 13,5 milljarðar árið 2014. Ekki fannst fjárhæð arðgreiðslna fyrir 2015.

Ríkið heldur úti rekstri á ýmsum stofnunum í tengslum við sjávarútveg og er veiðigjaldinu annars vegar ætlað að standa undir þeim rekstri ef marka má 1. gr. laganna. Hér má nefna Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu, Veiðimálastofu og þann hluta atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sem fer með sjávarútvegsmál. Gróft reiknað út frá fjárlögum ársins 2015 kostar þessi rekstur ríkið tæpa 2,5 milljarða. Ljóst er að lítið stendur þá eftir til að uppfylla hitt meginhlutverk laganna, að tryggja þjóðinni hlutdeild í arðinum, eða um 2,7 milljarðar ef tekið er mið af veiðigjaldi 2015.

Í fyrra, þ.e. árið 2015, var heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða 265 milljarðar króna. Veiðigjöldin voru því um þrjú prósent af útflutningsverðmætinu sé tekið mið af 7,7 milljörðum. Þrjú prósent, gott fólk. Ef við drögum frá útlagðan kostnað ríkisins fer talan niður í tvö prósent. Á fjárlögum fyrir árið 2015 kemur fram að rekstur Háskóla Íslands í heildina fái tæpa 13 milljarða. Fyrir ívið hærri veiðigjöld mætti því reka heilan Háskóla Íslands og fyrir arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja árið 2014 rúmlega það. Mýmörg dæmi er hægt að taka um hvernig væri hægt að nýta þá fjármuni sem íslenska þjóðin hefur verið snuðuð um af þessari ríkisstjórn og færðir í vasa eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í staðinn.

**Hið lækkandi pólitískt ákvarðaða veiðigjald sýnir forgangsröðun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs. Þjóðin á einfaldlega betra skilið.**

### Hægt að leysa á einfaldan hátt

Sífelldar og endurteknar deilur um upphæð veiðigjalda er hægt að leysa á einfaldan hátt. Með útboði sérleyfa til nýtingar eins og Samfylkingin hefur haft á stefnu sinni frá stofnun mun verðmæti leyfanna ráðast með sama hætti og verð allra annarra aðfanga til atvinnurekstrar og verkefna sem boðin eru út, þ.e. með lögmálum markaðarins. Slíkur markaður er reyndar til í dag en á honum eru eingöngu einkaaðilar sem selja eða leigja hver öðrum sérleyfi til nýtingar á auðlind þjóðarinnar og verð heimilda um tuttugu sinnum hærra en núgildandi veiðigjald. Jafnframt er hægt að fara blandaða leið uppboðs og veiðigjalda.

Mikið af tölum er tyrfinn lestur, en tölurnar tala sínu máli. Hið lækkandi pólitískt ákvarðaða veiðigjald sýnir forgangsröðun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs. Þjóðin á einfaldlega betra skilið. Á meðan veiðigjöld lækka, hækka álögur á barnafjölskyldur með lækkun barnabóta. Við búum nú við lökustu barnabæturnar og versta fæðingarorlofskerfið miðað við Norðurlöndin, svo eitthvað sé nefnt af þeim mörgu verkefnum sem þarf að taka á eftir setu þessar ríkisstjórnar. Lækkum álögur á barnafólk, ekki á þá sem vita ekki aura sinna tal.

# Þingið sem fyrirtæki



Ingibjörg Óðinsdóttir
mannauðsstjóri slökkviliðsins, sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Ætla mætti að það sem skori hæst í könnunum innan fyrirtækja á starfsánægju væru launakjör. Svo er þó ekki. Það sem yfirleitt skorar hæst er tilfinningin að vera metinn í starfi, traust yfirmanns og að viðkomandi fái að njóta sín sem einstaklingur. Þessi atriði skora öll mjög hátt í starfsánægju. Ábyrgð á verkefnum er einnig ofarlega á lista og starfsöryggi. Þingmenn eru ekkert öðruvísi en aðrir starfsmenn að þessu leyti. Þeir vilja fá að njóta sín sem einstaklingar og fá á tilfinninguna að störf þeirra skipti máli. En það er himinn og haf á milli þingsins sem vinnustaðar og venjulegs fyrirtækis.

Fyrir það fyrsta stefna allir í vel reknu fyrirtæki að sama markmiðinu, hvernig sem það er skilgreint, þar sem hver hefur sitt hlutverk sem hlekkur í keðjunni. Í þinginu er hins vegar tilhneiging til að „afskrifa“ þá starfsmenn sem ekki tilheyra meirihluta hverju sinni og láta eins og þeir séu ekki til. Þeim er haldið úti í kuldanum og þeirra hugmyndir ekki teknar til greina.

Innan fyrirtækja eru oft nokkrar deildir og innan þingsins eru þingflokkar. Deildir fyrirtækja þurfa að vinna saman til að ná markmiðinu og þó oft sé rígur á milli eru allir meðvitaðir um að það sé allra hagur að heyra ólík sjónarmið til að finna lausnir. Innan þingsins eru ólík sjónarmið helst kæfð í fæðingu og góðlátlega bent á þekkingar- eða reynsluleysi viðkomandi og jafnvel gefið í skyn að hann hafi einhvern annarlegan tilgang.

**Hvernig má það vera, með vitneskju um allar þessar starfsánægjukannanir innan fyrirtækja, að þingið reyni ekki að tileinka sér eitthvað af því sem virkar til að ná betri árangri?**

Innan fyrirtækja eru haldnir fundir með skilgreindri dagskrá og virkri fundarstjórn og þar hvarflar t.d. ekki að neinum að ræða „þrif á húsnæði“ undir liðnum „10 stærstu viðskiptavinirnir“. Vegna galla í þingsköpum geta þingmenn hins vegar farið langt út fyrir efnið sem sett er á dagskrá og haldið öllum í heljargreipum í klukkustundir eða daga, sbr. liðinn „fundarsköp forseta“, sem er skelfileg nýting á tíma.

### Taka ekki undir góðar hugmyndir

Innan fyrirtækja er oft notað hugarflæði (brainstorming) til að kalla fram góðar hugmyndir og þeim sem kemur með góða hugmynd er hrósað og hugmyndin eignuð honum. Í þinginu er barist gegn því eins og líf liggi við að taka undir góðar hugmyndir „hinna“ og færni þingmanna metin í því hversu hratt þeir átti sig á hugsanlegum, mögulegum slæmum afleiðingum hugmyndarinnar.

Innan fyrirtækja eru fjölmargar aðgerðir í gangi til að þétta hópinn og efla liðsandann, hvort sem það er í formi opinna rýma, róteringa á milli starfa, reglulegra funda, skemmtilegra uppákoma eða sameiginlegra átaksverkefna. Í þinginu er hver flokkur í sínu þingflokksherbergi, sem aðrir koma ekki óboðnir í, og á sitt eigið borð í matsalnum. Þannig er markvisst ýtt undir „við“ / „þið“ kúltúrinn í þinginu. Þess er auk þess sérstaklega gætt að halda minnihlutanum hverju sinni sem mest utan við umræðuna og meirihlutaþingmenn litnir hornauga ef þeir gefa sig of mikið á tal við „andstæðinginn“.

Hvernig má það vera, með vitneskju um allar þessar starfsánægjukannanir innan fyrirtækja, að þingið reyni ekki að tileinka sér eitthvað af því sem virkar til að ná betri árangri? Hátt brottfall alþingismanna af þingi gefur sterkar vísbendingar um að þingmönnum líði ekki vel í vinnunni, en hvers vegna næst ekki samstaða um að nýta tíma allra betur og vinna meira saman? Horfum lengra fram í tímann og einbeitum okkur að lausnum. Þingmenn eru starfsmenn þjóðarinnar og þeim ber að vinna fyrir kaupinu og nýta tímann sinn vel eins og hægt er, líkt og allir aðrir starfsmenn.

# Ríkisstjórnin og þinglokin



Steingrímur J. Sigfússon
alþingismaður

Það er full þörf á að ræða stjórnmálastöðuna í samhenginu ríkisstjórn landsins og þinglokin. Við erum með ríkisstjórn í andarslitrunum sem er þó að reyna að rembast við að vera eitthvað annað og meira en hún er, jafnvel að reyna að segja Alþingi fyrir verkum. Þetta er ríkisstjórn sem sjálf ákvað síðastliðið vor að framlengja líf sitt og breyta sér í bráðabirgðastjórn til haustsins, sem er næsti bær við starfsstjórn. Þeim fjölgar auðvitað hratt sem sjá að það voru mikil mistök fyrir alla, og ekki síst stjórnarflokkana, að kjósa ekki síðastliðið vor. Það var einfaldlega ávísun á tímasóun, óvissu og upplausn að horfast ekki í augu við veruleikann strax þá.

Jafnvel stjórnarliðar spretta nú fram og segja: Það er þá alla vega réttast að kjósa strax, rjúfa þing tafarlaust og kjósa. Aðrir stjórnarliðar gera kröfur um að einstakir ráðherrar í ríkisstjórninni segi af sér.

Sem betur fer eru hverfandi líkur á því að þessi ríkisstjórn lifi af kosningarnar í október næstkomandi. Hana mun vanta bæði þingstyrk og sennilega vilja til þess að reyna að halda samstarfinu áfram. Það er vel. Við þær aðstæður þarf forusta þingsins, forseti, formenn þingflokka og formenn flokka, einfaldlega að setjast niður og leggja algerlega sjálfstætt mat á það hvaða mál standa efnisleg rök til að afgreiða og hver á að láta bíða, áður en þingmenn halda í kosningabaráttu eða hverfa af þingi eins og metfjöldi virðist ætla að gera.

**Ríkisstjórn í andarslitrunum á ekki að segja Alþingi fyrir verkum frekar en ríkisstjórnir yfirleitt.**

Ríkisstjórn í andarslitrunum á ekki að segja Alþingi fyrir verkum frekar en ríkisstjórnir yfirleitt og endranær eiga að kúska þingið til hlýðni. Það er þingræði á Íslandi, hér situr þingbundin ríkisstjórn.

Einhver mál sem eiga að hafa réttaráhrif og koma til framkvæmda strax á haustmánuðum þarf að skoða, en það er fráleitt að eyða tíma Alþingis í önnur umdeild mál sem eiga hvort eð er ekki að taka gildi fyrr en t.d. á miðju næsta ári. Þessi ríkisstjórn hefur ekkert umboð til þess lengur að skipa fyrir um að umdeild framtíðarlöggjöf um lánasjóðinn eða mismununarkerfi fjármálaráðherra gagnvart ungu fólki á húsnæðismarkaði verði gerð að lögum.

Löskuð ríkisstjórn hægriflokkanna verður að lifa með því að sandurinn er búinn í stundaglasi hennar.

# HEITUR POTTUR




Fæst ekki á Eiðistorgi né í Holtagörðum. *Frí heimsending gildir aðeins á höfuðborgarsvæðinu.

**30% AFSLÁTTUR**

31.ÁGÚST - 4.SEPTEMBER

## LAY-Z-SPA VEGAS

**90.999KR**

**VERÐ ÁÐUR 129.999**

- 220-240volt, 2050W í 20°C.
- 196x61cm uppblásinn (fyrir 4 fullorðna).
- 848 lítra (80%).
- Vatnsflæði 1,438 ltr/klst.
- Snögghitunarkerfi um 1,5-2°C/klst.
- Max hiti 40°C.
- CE og GS vottaður.
- DVD leiðbeiningar fylgja pottinum.
- Rafrænt stjórnborð.
- Auðveldur í uppsetningu.
- Lay-Z nuddkerfi.
- Innbyggð vatnshreinsisía.
- Flothylki fyrir klór.
- Lok fylgir pottinum.

Netgíró

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Hvar eru þingmenn Reykvíkinga?



Guðmundur Franklín Jónsson
hótelstjóri

**Hvar eru þingmenn Reykjavíkur? Af hverju er ekki svona endaleysa stoppuð? Við verðum að lagfæra og bæta allar stofnæðar strax inn og út úr borginni. Við verðum að fara í byggingu Sundabrautar.**

Fólkið á landsbyggðinni þekkir sína kjörnu fullrúa, ekki er hægt að segja það sama um Reykvíkinga. Það er eins og það sé enginn talsmaður Reykvíkinga á Alþingi. Nú er svo komið að vinstri meirihlutinn í borginni er í óða önn að grafa undan góðum samskiptum landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar með flugvallarmálinu og það verður að stöðva. Það er tímaskekkja að loka Reykjavíkurflugvelli, sérstaklega í ljósi aukins ferðamannastraums. Það er mikill lúxus og forréttindi að hafa flugvöll inni í borginni og ef eitthvað er verðum við að bæta þjónustuna á Reykjavíkurflugvelli og opna öryggisbrautina aftur.

**Sprungið vegakerfi**

Það er Alþingi sem setur sveitarstjórnum lög og er það skylda Alþingis að passa upp á að sveitarstjórnarlögum sé fylgt eftir. Af hverju láta þingmenn Reykjavíkur, meirihluta borgarstjórnar bjóða sér og íbúum borgarinnar upp á ónýtt og löngu sprungið vegakerfi þar sem fólk er fast í bílum sínum svo klukkutímum skiptir í viku hverri, fáránlega lélegan aðbúnað fyrir eldri borgara, mengun og óþrifnað, gras ekki slegið né snjór mokaður fyrr en allt er orðið vitlaust, lóðaskort, gjaldþrota leikskólastefnu og aðrar vonlausar hugmyndir? Endalaust er gengið yfir íbúa Reykjavíkur, hvergi annars staðar á landinu kæmust menn upp með svona vinnubrögð og það í sjálfri höfuðborginni.

**Lagning Sundabrautar**

Það nýjasta er skipulag 16.000 manna byggðar á Hlíðarenda við hlið Reykjavíkurflugvallar. Þarna á að setja niður sama mannfjölda og býr á Akureyri, á sama stað og þessi nýi spítali á að rísa. Nóg hefur nú verið talað um umferðarteppuna sem nú þegar er vandamál og margfaldast við byggingu nýja spítalans, en nei nei, þeir bættu við einu stykki Akureyri í mixið! Hvar eru þingmenn Reykjavíkur? Af hverju er ekki svona endaleysa stoppuð? Við verðum að lagfæra og bæta allar stofnæðar strax inn og út úr borginni. Við verðum að fara í byggingu Sundabrautar.

**Stöðugleiki**

Í dag búum við Íslendingar við fínan stöðugleika og við erum að lifa einhverja mestu uppgangstíma hagsögunnar og er það ekki síst hinum aukna straumi ferðamanna til landsins að þakka. Auknar gjaldeyristekjur, næg atvinna, lækkandi vextir og lítil sem engin verðbólga eru staðreyndir. En betur má ef duga skal, og við verðum að afnema greiðsluþátttöku sjúklinga og tekjutenginu launa eldri borgara og öryrkja. Við verðum að einfalda og lækka tekjuskatt á almenning, hækka skattleysismörkin a.m.k. í 250.000 kr.

Lækka verður strax tryggingargjaldið en flest fyrirtæki á landinu eru í Reykjavík og það er til skammar hvernig Reykjavíkurborg kemur fram við atvinnulífið og úr því þarf að bæta. Ef mér verður veitt brautargengi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nk. laugardag þá lofa ég því að ég skal berjast með kjafti og klóm fyrir Reykvíkinga. Það er kominn tími til að einhver tali máli Reykvíkinga á Alþingi Íslendinga og ég vil taka þá vinnu að mér, kjósandi góður.

# Leigumarkaður frá helvíti



Auður Alfa Ólafsdóttir
stjórnmálahagfræðingur

Stærsta hagsmunamál almennings í dag er að lækka þann kostnað sem fer í húsnæði í mánuði hverjum. Eins og staðan er í dag er alltof hátt hlutfall ráðstöfunartekna að fara í húsnæðiskostnað sem gerir það að verkum að lítið er eftir af tekjum margra um hver mánaðamót eftir að hafa borgað af húsnæði. Af tveimur slæmum kostum virðist skárra að kaupa sér fasteign og borga af henni en að vera á leigumarkaði enda er leiga í dag yfirgengilega há hvert sem leitað er. Vissulega þarf að vera möguleiki fyrir fólk að kaupa sér húsnæði og við eigum eftir fremsta megni að reyna að auðvelda það fyrir fólki. Við þurfum hins vegar líka og ekki síður að búa þannig um málin að hér sé starfræktur heilbrigður leigumarkaður þar sem fólk þarf ekki að punga aleigunni út um hver mánaðamót til að hafa skjól yfir höfuðið.

Það eru alltaf ákveðnir hópar sem koma til með að vera á leigumarkaði. Sumir gætu hugsað sér að eignast húsnæði seinna meir en kjósa að vera á leigumarkaði tímabundið vegna náms eða annarra aðstæðna sem kalla á að hægt sé að flytja með litlum fyrirvara. Öðrum gæti þótt það kostur að geta flakkað á milli hverfa og prófað að búa í mismunandi íbúðum, jafnvel í mismunandi bæjarfélögum yfir ævina eða gætu hugsað sér að flytja til útlanda seinna meir og þá þvælist fasteign bara fyrir. Þá eru það þeir sem hafa einfaldlega ekki tök á að kaupa sér fasteign og eiga erfitt með að safna sér fyrir útborgun, njóta ekki lánstrausts eða standast ekki greiðslumat. Að lokum ber að nefna að tímarnir hafa breyst og þarfir og draumar fólks með. Mikið af fólki í dag vill heldur fjárfesta í upplifunum, safna sér alls konar reynslu í reynslubankann og ferðast frekar en að fjárfesta í steinsteypuklumpi.

Fyrir mitt leyti væri ég ekki að hugleiða að kaupa fasteign nema til þess að flýja það helvíti sem þessi leigumarkaður er. Fólk þarf að eiga raunverulegt val á milli þess að vera á leigumarkaði og að kaupa sér fasteign en ekki vera þvingað til að kaupa fasteign til þess eins að flýja leigumarkaðinn. Eins og staðan er núna er hvort tveggja ómögulegt fyrir stóran hóp fólks og það þarf að laga.

# Þrjú stærstu réttlætismál heimsins og hvernig við leysum þau



Þórarinn Snorri Sigurgeirsson
varaformaður Ungra jafnaðarmanna og býður sig fram í 4.-6. sæti í forvali Samfylkingarinnar í Reykjavík

Við lifum því miður ekki í réttlátum heimi og þrátt fyrir slæmt orðspor pólitíkur, er það samt sem áður hlutverk stjórnmálanna að þoka þjóðfélaginu í átt til réttlætis og hagsældar.

Næg eru verkefnin:

**Kúgun og fordómar**

Hvort sem um ræðir etníska minnihlutahópa, samkynhneigða eða innflytjendur, alls staðar í heiminum þarf fólk sem ekki passar í normið að takast á við erfiðleika, allt frá duldum fordómum yfir í kerfisbundna mismunun og ofbeldi. Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um jafnan rétt fólks til mannhelgi óháð kynþætti, litarhætti, kynferði, trú, þjóðerni, uppruna og öðrum aðstæðum. Raunveruleikinn er því miður fjarri því.

**Feðraveldið**

Ísland þykir það land þar sem jafnrétti kynjanna er best statt. Þrátt fyrir það má íslensk kona reikna með að þéna 30% minna en bróðir hennar, vera líklegri til að verða fyrir kynferðis- og heimilisofbeldi og mun ólíklegri til að gegna stjórnunarstöðum. Staðan annars staðar í heiminum er síðan verri. Sums staðar skelfilega miklu verri.

**Misskipting auðs**

Allt að helmingur barna í heiminum býr við fátækt. Einn af hverjum átta jarðarbúum býr við hungur. Á sama tíma á nú ríkasta eitt prósent af íbúum jarðar meiri auð en hin 99% samanlagt. Enn eykst bilið á milli hinna ríku og fátæku í heiminum, bæði innan hvers lands fyrir sig og ríkja á milli.

**Lausnin á þrautinni**

Hér hafa verið tilgreind þrjú risavaxin réttlætismál sem hefta lífskjör mikils meginþorra jarðarbúa. Hvað er til ráða við jafn risavöxnum vanda? Góðu fréttirnar eru þær að við þessum þremur vandamálum eru þrjár einfaldar lausnir: Umburðarlyndi, femínismi og jafnaðarstefnan.

**Umburðarlyndið**

Þúsundir mannslífa hafa bjargast við aukið umburðarlyndi gagnvart hinsegin fólki á Vesturlöndum undanfarin ár og áratugi. Svartir Bandaríkjamenn geta nú ekki aðeins setið hvar sem þeir vilja í strætó, heldur orðið forsetar. Miklar framfarir í samfélögum okkar verða ekki þegar minnihlutahópar eru tortryggðir og þeim útskúfað, heldur einmitt þegar þeir eru boðnir velkomnir sem eðlileg fjölbreytni mannlífsins og leyft að leita lífshamingjunnar og gefa af sér til samfélagsins eins og allir aðrir.

**Femínisminn**

Hin femíníska barátta hefur nú þegar frelsað meginþorra vestrænna kvenna undan formlegu oki feðra, frænda og eiginmanna sinna. Femínískar samfélagsbyltingar síðustu misseri hafa skilað skömminni fyrir kynferðisofbeldi þangað sem hún á heima; til gerenda ofbeldisins. Aðrar samfélagsvakningar hafa opnað fyrir umræðu um ýmis mein sem er hægt að vinna á nú þegar þau eru komin upp á yfirborðið, svo sem glerþakið, þöggun vegna ofbeldis, neikvæð viðhorf til kvenna og klámvæðing kvenlíkamans.

**Jafnaðarstefnan**

Sem betur fer hefur hinn vaxandi ójöfnuður heimsins og síðasta efnahagskreppa opnað augu margra fyrir því að brauðmolakenning nýfrjálshyggjunnar virkar ekki. Þess í stað er í auknum mæli horft til Norðurlandanna sem módels fyrir farsæla þjóðfélagsskipun, þar sem skattar eru ríkulega nýttir til tekjujöfnunar og öflug almannaþjónusta tryggir eftir fremsta megni raunverulega jöfn tækifæri allra. Á Norðurlöndunum hafa jafnaðarmannaflokkar verið álíka mikið við völd og Sjálfstæðisflokkurinn hér á Íslandi.

Það má alveg gera heiminn að betri stað. Til þess þarf bara hugmyndafræði sem þokar okkur í rétta átt og hugrekkið til að framfylgja henni.

# Gerum betur í heilbrigðismálum



Guðjón S. Brjánsson
forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og frambjóðandi í forvali Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi

**Staðreyndin er nefnilega sú að á góðæristímabili núverandi ríkisstjórnar hefur enn fjarað undan heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Það vantar nokkur hundruð milljónir inn í rekstur heilbrigðisstofnana og ákall, beiðnir og greinargerðir til stjórnvalda frá öllum þessum stofnunum hafa engu breytt.**

Mikið fjaðrafok varð í samfélaginu fyrir skömmu þegar vitnaðist að ókunnugir menn væru komnir til Íslands með fulla vasa fjár og vildu reisa sjúkrahús og hótel þar sem starfað gætu um 1.000 manns, eitthvað með þátttöku reyndra íslenskra fjárfesta. Allt var klappað og klárt, staðsetning og samningar um verk sem nemur um 40 milljörðum lá fyrir á einni viku og ímyndarsmiðir unnu sína vinnu með kurt og pí.

**Risalækningar**

Málið þróaðist í umræðunni í nokkra daga og það fóru að renna á ýmsa tvær grímur. Hverjir voru þessir aðilar? Hvaðan koma sjúklingar? Hvert ætlar þessi risastofnun að sækja sér fagfólk? Ég tel að á einmitt á því atriði hafi mjög brotið hvað varðar almenningsálitið. Þetta minnti okkur nefnilega óþyrmilega á hvernig búið er að starfsfólki í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Að öllum líkindum hefðum við ekki roð við harðsnúnum samkeppnisaðila á þessu sviði hér á heimavelli eins og aðstæður eru í dag. Staðreyndin er auðvitað sú eins og allir vita að við búum þegar við takmarkaðan fjölda sérmenntaðra heilbrigðisstarfsmanna í heilbrigðisþjónustunni. Mín reynsla er sú að almennt sé um mjög hæft fólk að ræða sem á greiðan aðgang að spennandi og góðum störfum í heilbrigðisþjónustu víða um heim og það hefur eðlilega freistað margra.

**Umhugsunarefni**

Þau risaplön sem nú virðast runnin út í sandinn um sinn eiga ekki að vera til nokkurs annars en að vera tímabær áminning um það að við þurfum að hlúa betur að starfsfólki í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það er liðin tíð að menntað heilbrigðisstarfsfólk líti á það sem sjálfgefið hlutskipti að starfa í íslensku heilbrigðiskerfi um aldur og ævi. Við erum í samkeppni um hæfasta fólkið á heimsvísu. Í umræðunni ber launamálin gjarnan hæst og þau eru sérstakt umhugsunarefni, bæði almennt gagnvart heilbrigðisstarfsfólki og svo hins vegar innbyrðis milli einstakra starfsstétta. Þar ríkir talsvert misrétti, bæði með tilliti til menntunar og ábyrgðar.

En það eru fleiri atriði sem við þurfum að færa til betri vegar hvað varðar starfsumhverfi heilbrigðisstétta. Vinnuaðstæður og búnaður er víða algjörlega ófullnægjandi með hliðsjón af nágrannlöndum okkar. Þetta atriði hefur verið til umræðu hér á landi um langa hríð, einkum snúist um Landspítala en víðast úti á landi hafa stofnanir verið algjörlega vanræktar sem valdið hefur röskun og erfiðum rekstri. Það eru auknar kröfur um endur- og símenntun sem við þurfum líka að svara, námsleyfi og svigrúm til að kynna sér framfarir og þróun í hverri sérgrein. Heilbrigðisþjónusta er síhvikult og lifandi svið og það er mikið í húfi.

**Landsbyggðin**

Sérstakt áhugaefni mitt er auðvitað starfsumhverfi þeirra sem búa og starfa á landsbyggðinni. Starfseiningar eru gjarnan litlar og mikil ábyrgð hvílir á fáum herðum. Þar eru mál oft leyst með aðdáunarverðum hætti við mjög þröngan kost. Staðreyndin er nefnilega sú að á góðæristímabili núverandi ríkisstjórnar hefur enn fjarað undan heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Það vantar nokkur hundruð milljónir inn í rekstur heilbrigðisstofnana og ákall, beiðnir og greinargerðir til stjórnvalda frá öllum þessum stofnunum hafa engu breytt. Yfirlýsingar stjórnvalda um annað breyta þar engu. Til hvers hefur þetta leitt?

Svarið er einfalt, fagfólk er færra, álagið hefur aukist, þjónusta hefur dregist saman, vanskil aukist og eru víða komin á alvarlegt stig. Þetta er óviðunandi fyrir íbúa á landsbyggðinni sem þó hafa sýnt mikið langlundargeð, þeir eru þó stöðugt uggandi. Heilbrigðisþjónusta er ein af meginstoðunum í hverju samfélagi og óbreytt ástand ýtir undir búferlaflutninga. Hugurinn hvarflar að hinu margtuggða hugtaki landsbyggðarstefna stjórnvalda. Eiga íbúar virkilega að sætta sig við þessa birtingarmynd? Krafan er vitanlega sú að þeirri þróun sem við höfum upplifað síðustu ár verði snúið við á raunverulegan hátt, að því munu jafnaðarmenn vinna. Það er enn hægt en við höfum takmarkaðan tíma.

Sólarpakkar í september

Ótrúlegt verð!

# ÓTRÚLEGT VERÐ SÓLARPAKKAR frá 39.900 kr.*

Ótrúlegt verð á sætum í sólina í haust, salan hefst í dag kl. 9:00 á plusferdir.is. Fjölskyldan í sól á lægra verði en sést hefur í mörg ár. Fyrstur kemur fyrstur fær!

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kanarí** | Brottfarir 7, 14, 21. & 28. sept. | ☆☆ Íbúðagisting | ~~Verð 59.900 kr.~~ Verð nú **39.900** kr. |
| **Almería** | Brottfarir 1. sept. | ☆☆☆☆ Íbúðagisting | ~~Verð 69.900 kr.~~ Verð nú **47.900** kr. |
| **Mallorca** | Brottfarir 6., 13. & 20. sept. | ☆☆☆ Íbúðagisting | ~~Verð 69.900 kr.~~ Verð nú **49.900** kr. |
| **Benidorm & Albír** | Brottfarir 2., 6., 9., 13., & 20. sept. | ☆☆☆ Íbúðagisting | ~~Verð 64.900 kr.~~ Verð nú **54.900** kr. |
| **Tenerife** | Brottfarir 3., 10. & 17. sept. | ☆☆☆ Íbúðagisting | ~~Verð 79.900 kr.~~ Verð nú **69.900** kr. |

Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

| FLUG AÐRA LEIÐ MEÐ TÖSKU | ALMERÍA 8. sept. | ALICANTE 2. sept. | KANARÍ 7. sept. | MALLORCA 6. sept. |
|---|---|---|---|---|
| | 9.900 kr. | 9.900 kr. | 9.900 kr. | 14.900 kr. |

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Bókanlegt á plusferdir.is og gildir aðeins fyrir nýjar bókanir.

* innifalið: Flug, skattar, gisting, taska og fararstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Haukar byrja tímabilið eins og þeir enduðu það síðasta




**Algjörir meistarar** Haukar unnu eins marks sigur á Val, 24-23, í árlegum leik Íslands- og bikarmeistaranna í gær, en leikið var á Ásvöllum. Haukar eru því handhafar fjögurra af fimm titlum í karlaflokki en þeir eru Íslands-, deildar- og deildarbikarmeistarar og meistarar meistaranna. Haukar sækja ÍBV heim í 1. umferð Olís-deildarinnar laugardaginn 10. september. Degi síðar mætir Valur FH í Kaplakrika. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þarf að þakka þeim traustið

**Viðar Örn Kjartansson er kominn í ísraelsku úrvalsdeildina en hann gerði fjögurra ára samning við Maccabi Tel Aviv. Hann segir að miklar væntingar séu gerðar til hans en að hann ætli að standa undir þeim.**

**FÓTBOLTI** Viðar Örn Kjartansson verður fyrsti Íslendingurinn til að spila í ísraelsku úrvalsdeildinni en hann gerði í gærmorgun fjögurra ára samning við Maccabi Tel Aviv, sigursælasta lið landsins.

Samkvæmt fjölmiðlum í Ísrael greiðir Maccabi Tel Aviv tæpan hálfan milljarð króna fyrir Viðar Örn sem er eftir 20 umferðir markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar með fjórtán mörk.

Viðar kom til Svíþjóðar í upphafi ársins frá Jiangsu í Kína sem keypti hann frá Vålerenga í Noregi á sínum tíma. En þó svo að önnur félög hafi sýnt honum áhuga í sumar bjóst Viðar Örn ekki við því að fara frá Malmö eftir svo skamma dvöl í Svíþjóð.

„Þeir höfðu sýnt mér áhuga í nokkurn tíma en ég hafði ekki áhuga á að fara í burtu og var því lítið að pæla í því. Önnur félög í löndum sem voru mun nær en Ísrael gerðu líka tilboð en þau voru allt of lág að mati félagsins,“ sagði Selfyssingurinn enn fremur.

Tilboð Maccabi Tel Aviv var það gott að félagið taldi sig ekki geta hafnað því, þó svo að liðið vildi ekki missa sinn markahæsta leikmann.

### Árangur í tíð Cruyff

Maccabi Tel Aviv hefur 21 sinni orðið ísraelskur meistari en hafnaði í öðru sæti deildarinnar í fyrra eftir harða baráttu við Hapoel Be'er Sheva.

Jordi Cruyff, sonur Johans Cruyff og fyrrum leikmaður Barcelona og Manchester United, hefur gegnt stöðu íþróttastjóra félagsins síðan 2012 en á þeim tíma hefur það barist um alla titla heima fyrir og spilað reglulega í Evrópukeppnum.

Liðið komst í gegnum allar fjórar umferðir forkeppni Evrópudeildar UEFA í sumar og dróst í riðil með Zenit St. Pétursborg, AZ og FH-bönunum í Dundalk frá Írlandi.

### Dæla boltum í teiginn

Georgíumaðurinn Shota Arveladze, fyrrum leikmaður Ajax og Rangers, var ráðinn þjálfari Maccabi Tel Aviv í vor og segir Viðar að skilaboðin frá honum væru að framherjar liðsins fái úr miklu að moða.

„Liðið er allt vel spilandi og með kantmenn sem eru duglegir að dæla boltum inn í teiginn. Ég er ekki í vafa um að ég mun fá færin, það er þá bara spurning um að nýta þau,“ segir Viðar sem hefur verið einkar iðinn við kolann hvar sem hann hefur spilað.

„Það eru miklar væntingar á mínum herðum og maður vill hafa pressu á sér. Þeir voru með tíu aðra framherja sem félagið var tilbúið að kaupa á lokadegi félagaskiptagluggans en voru svo sannfærðir um að ég væri rétti maðurinn að þeir biðu í nokkrar vikur með að fá svar frá mér,“ segir framherjinn.

„Ég þarf því að þakka þeim traustið. Og ég get ekki beðið eftir að byrja.“

### Eins og spænsk stórborg

Viðar Örn þekkir það vel að spila á framandi slóðum eftir dvöl sína í Kína og segir að sér hugnist vel að spila í Ísrael.

„Þetta er vissulega öðruvísi. Flestir knattspyrnumenn myndu sjálfsagt kjósa að spila í löndum eins og Englandi og Þýskalandi. En það eru góð lið og góðar deildir út um allt,“ segir hann.

„Ég þekkti ekki mikið til Tel Aviv áður en ég kom og fyrst og fremst voru kynni mín af Ísrael í gegnum fjölmiðla,“ segir hann og vísar til þeirra misgóðu frétta sem hafa borist frá þeim heimshluta á undanförnum árum.

„En borgin er algjörlega mögnuð. Þetta er eins og að vera í stórborg á Spáni. Maður hefði aldrei valið sér að koma til Ísraels og spila hér nema vera algjörlega sáttur.“

> Það eru miklar væntingar á mínum herðum og maður vill hafa pressu á sér.
>
> Viðar Örn Kjartansson



### Annar 100 milljóna króna samningur

Viðar Örn er samkvæmt heimildum íþróttadeildar einn dýrasti leikmaður sem komið hefur til Ísraels og sá dýrasti í sögu Maccabi Tel Aviv.

Hann fær vel borgað fyrir störf sín í Ísrael, meira en hann fékk í Kína. Þegar Viðar Örn spilaði í Kína þáði hann um 100 milljónir króna í árslaun en fær nú 105 milljónir samkvæmt sömu heimildum.

Verður hann næstlaunahæsti leikmaður Maccabi Tel Aviv á eftir Argentínumanninum Oscar Scarioni sem er með 131 milljón króna í árslaun. Eru þeir líklega tveir launahæstu leikmenn ísraelsku deildarinnar.

Hverju liði í Ísrael er heimilt að vera með sex erlenda leikmenn á mála hjá félaginu hverju sinni en aðeins fimm geta spilað saman hverju sinni.

Tímabilið í Ísrael er nýhafið en Maccabi Tel Aviv er eitt á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir tvær umferðir og markatöluna 5-2.



## Nýjast

**Meistarakeppni HSÍ**

| | |
|---|---|
| **Haukar - Valur** | **24-23** |

**Markahæstir:** Adam Haukur Baumruk 6 - Vignir Stefánsson 6, Anton Rúnarsson 6.

Haukar unnu eins marks sigur á Val í hörkuleik í Meistarakeppni HSÍ. Leikurinn var jafn og spennandi en Íslandsmeistararnir lönduðu sigrinum á endanum.

> **Wilbek hættur. Það er þetta sem er kallað rothögg. Féll á eigin bragði. Sorglegt mál, en málinu er hvergi nærri lokið. Góðar stundir. Eina.**
>
> Guðjón Guðmundsson
> **@gaupinn**

### ULRIK WILBEK HÆTTUR



Ulrik Wilbek tilkynnti í gær að hann væri hættur sem íþróttastjóri danska handknattleikssambandsins. Uppsögn Wilbeks kemur í kjölfarið á fréttaflutningi danskra fjölmiðla um mál danska karlalandsliðsins sem varð Ólympíumeistari á dögunum. Greint var frá því að Wilbek hafi fundað með leikmönnum danska liðsins um þann möguleika að reka landsliðsþjálfarann Guðmund Guðmundsson úr starfi, m.a. eftir úrslitaleikinn gegn Frökkum. „Það mikilvægasta fyrir mig hefur alltaf verið danskur handbolti og ég vil ekki taka athyglina frá danska landsliðinu. Ég vil gefa Guðmundi bestu mögulegu aðstæður til að sinna sínu starfi,“ sagði Wilbek í fréttatilkynningu sem hann sendi frá sér í gær.

### LÁNAÐUR TIL GALATASARAY




Kolbeinn Sigþórsson, næstmarkahæsti leikmaður íslenska karlalandsliðsins í fótbolta frá upphafi, er genginn í raðir tyrkneska stórliðsins Galatasaray. Kolbeinn kemur á eins árs lánssamningi frá franska liðinu Nantes sem hann lék með á síðasta tímabili. Kolbeinn mun leika í treyju númer 77 hjá Galatasaray sem er með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar í tyrknesku deildinni. Galatasaray er sigursælasta félag Tyrklands en því gekk ekki sem skyldi á síðasta tímabili þegar það endaði í 6. sæti tyrknesku deildarinnar og komst ekki í Evrópukeppni. Kolbeinn gæti leikið sinn fyrsta leik fyrir Galatasaray þegar liðið sækir Kayserispor heim eftir landsleikjahléið.

## Í dag

**Pepsi-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Valur - Stjarnan | Sport |
| 17.00 | ÍA - ÍBV | Norðurálsvöllur |
| 18.00 | Selfoss - KR | JÁVERK-völlur |
| 18.00 | Þór/KA - FH | Þórsvöllur |





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 31.ágúst 2016

33. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




## Áfengissala eykst á ný

Áfengissala hefur aukist í ár, en óljóst er hvort það skýrist af fleiri ferðamönnum eða betra efnahagsástandi. Aðstoðarforstjóri Vínbúðanna segir umræðuna um sölu ríkisins á áfengi vera að batna »6



»2

**Fimmta myndin**
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands byrjar í næstu viku að taka upp tónlist fyrir fimmtu kvikmyndina.

»4

**Afkoman ekki ásættanleg**
Rekstur Sjóvár og VÍS er langt undir því sem eigendur vildu.

»4

**Arnaldur þénar vel**
Rithöfundurinn Arnaldur Indriðason á 760 milljónir króna.

»8

**Hjá SA í 30 ár**
Hannes G. Sigurðsson er starfandi framkvæmdastjóri SA eftir brotthvarf Þorsteins Víglundssonar.

»12

**Upphrópanir um bónusa**
Stjórnarmaðurinn segir að óskandi væri að hægt væri að ræða bónusa af yfirvegun.



## SKJÓÐAN

# Og þar fór það ...

**VAXTAÁKVARÐANIR** seðlabanka eiga að vera fyrirsjáanlegar. Seðlabankar eru í eðli sínu íhaldssamar stofnanir, sem hreyfa sig hægt og lítið í einu, nema þegar skyndilegar og ófyrirsjáanlegar krísur kalla á snarpari viðbrögð.

**Í AÐDRAGANDA HRUNS** var Seðlabanki Íslands undarleg skepna í heimi seðlabanka. Í stað þess að safna gjaldeyrisforða með kaupum á gjaldeyri á markaði stuðlaði bankinn að ofrisi íslensku krónunnar með svimandi háum stýrivöxtum, sem leiddu til vaxtamunarviðskipta spákaupmanna. Trúverðugleiki bankans var lítill sem enginn og erlendir seðlabankar báru hvorki traust til hans né íslenskra stjórnvalda.

**Í HRUNINU SJÁLFU** gekk Seðlabankinn af göflunum eins og frægt er orðið. Hann reyndi að festa gengi krónunnar án þess að geta stutt við hana, tilkynnti um risalán frá Moskvu sem ekki reyndist fótur fyrir og snarlækkaði vexti til þess eins að þurfa að hækka þá til baka og gott betur. Seðlabanki Íslands var í hruninu eins og geðsjúkrahús þar sem læknarnir hafa misst stjórnina í hendur veikustu sjúklinganna.

**EFTIR HRUN** var skipt um stjórnendur Seðlabankans og meiri ró komst á. Engu að síður rak Seðlabankinn áfram sömu peningastefnu og fyrir hrun. Vöxtum var haldið himinháum með tilheyrandi kostnaði og búsifjum fyrir fyrirtæki og almenning í landinu. Hávaxtastefnan gagnaðist helst eigendum bankanna, sem juku vaxtamun og græddu á tá og fingri. Þessir eigendur voru kröfuhafar gömlu bankanna.

**ALLT FRÁ HRUNI** hafa vextir Seðlabanka Íslands verið margfaldir á við vexti í öðrum löndum. Þessir háu vextir hafa skert samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og rýrt lífskjör almennings. Verðbólga hefur haldist lág undanfarin misseri, en það er ekki nema að litlu leyti vegna peningastefnu Seðlabankans því hinir háu vextir hafa ýtt undir kostnaðarverðbólgu rétt eins og launahækkanir og skattahækkanir. Helstu ástæður lágrar verðbólgu eru sterk haftakróna og þó sérstaklega sögulega lágt verð á hrávörumörkuðum heimsins.

**EN ÍSLENSKI SEÐLABANKINN** hefur ávallt séð vá úti við sjóndeildarhring. Mikill vöxtur í hagkerfinu að viðbættum launahækkunum myndaði slíkan verðbólguþrýsting, að mati peningastefnunefndar Seðlabankans, að vöxtum þurfti að halda háum og einatt varað við því að næstu skref yrðu til hækkunar fremur en lækkunar.

**NÚ HEFUR ÞAÐ GERST** að laun hafa hækkað meira á einu ári en dæmi eru um í nýlegri sögu og hagvöxtur stefnir í sögulegar hæðir. Þá lækkar bankinn vexti um hálft prósentustig – risalækkun á mælikvarða seðlabanka. Og rökin, jú – hagvöxtur er svo mikill – sömu rök og hingað til hafa þótt kalla á vaxtahækkun. Nú er meira að segja fyrirsjáanleikinn horfinn, sem mörgum fannst þó eini kosturinn við peningastefnu bankans frá hruni.

## Vikan sem leið

**3%**
**atvinnuleysi**

mældist í Japan í júlímánuði og hefur ekki mælst minna í 21 ár, þrátt fyrir erfiðleika í hagkerfinu. Hagvöxtur var 0,2 prósent á öðrum ársfjórðungi 2016 ..

**650**
**milljónir króna**

fékk íslensk-hollenska hátæknifyrirtækið Mint Solutions, sem gerir fyrirtækinu kleift að hraða markaðssetningu lyfjaöryggiskerfisins MedEye á sjúkrahúsum í Evrópu og Bandaríkjunum.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Verið er að bæta aðstöðuna í Hofi.

# Vinna við fimmtu myndina fram undan

**Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hafa flutt tónlist í fjórum kvikmyndum. Markmiðið er að fjölga erlendum verkefnum og auka tekjur tónlistarmanna á Norðurlandi. Stutt er í að starfsemin verði auglýst erlendis.**

Arctic Cinematic Orchestra mun í næstu viku hefja upptökur á tónlist í fimmtu kvikmyndinni. „Við erum að fara að vinna í amerískri kvikmynd, sem heitir Jacob's Ladder," segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarstjóri.

Arctic Cinematic Orchestra er verkefni sem varð til þegar Þorvaldur Bjarni var ráðinn tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar sem rekur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hluti af starfsskyldum Þorvaldar er að auka veg sinfónískrar tónlistar á Norðurlandi og með því auka tekjur tónlistarmanna á svæðinu. „Verkefni sem þetta er hrein viðbót við störf hljóðfæraleikaranna hvort sem það er kennsla eða þátttaka í tónleikum sinfóníunnar og getur skapað mun fleiri störf fyrir atvinnutónlistarmenn á Íslandi. Þess vegna var ACO-verkefninu hleypt af stokkunum," segir Þorvaldur Bjarni.

Á meðal þeirra sem Arctic Cinematic Orchestra hefur unnið fyrir eru Disney og Sony. Hljómsveitin hefur flutt tónlist fyrir kvikmyndirnar Perfect Guy, arabísku myndina Bilal og svo íslensku myndirnar Hrúta og Fyrir framan annað fólk. Eftir Jacob's Ladder verður svo farið í íslensk-belgíska kvikmynd sem heitir Lói, þú flýgur aldrei einn, en í myndinni er flutt tónlist eftir Atla Örvarsson en Atli er upphafsmaður ACO-verkefnisins í samstarfi við Þorvald Bjarna. „Lói þú flýgur aldrei einn verður eitt stærsta kvikmyndaverkefni Íslandssögunnar í bili og náttúrlega langstærsta verkefni okkar," segir Þorvaldur Bjarni.

Verið er að leggja lokahönd á aðstöðuna í Hofi. Þorvaldur Bjarni segir að þegar það klárist verði starfsemin auglýst í erlendum fagtímaritum. „Við höfum hingað til bara verið að nýta okkar tengslanet og hreinlega verið heppnir," segir Þorvaldur Bjarni. **jonhakon@frettabladid.is**

### Frumvarp um endurgreiðslur tilbúið

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynnti í ríkisstjórn í gær frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist hér á landi. Frumvarpið verður kynnt þingflokkum stjórnarflokkanna í dag og er svo búist við að því verði dreift í þinginu. Fyrirmynd frumvarpsins eru lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi frá árinu 1999. Samkvæmt þeim geta framleiðendur fengið 20% af framleiðslukostnaði vegna framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis á Íslandi endurgreidd. Vonir standa til að ef frumvarp Ragnheiðar Elínar verður að lögum muni það auðvelda verkefni á borð við Arctic Cinematic Orchestra.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 31. ágúst**
**HB GRANDI**
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Verðmæti sjávarafla, janúar–maí 2016
- Útungun alifugla í júlí 2016
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í júlí 2016
- Vísitala framleiðsluverðs í júlí 2016
- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–júlí 2016

**Fimmtudagur 1. september**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

**Föstudagur 2. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Þjónustuviðskipti við útlönd, 2. ársfjórðungur 2016
- Brúartafla vöruviðskipta, þjónustuviðskipta og greiðslujafnaðar

**Þriðjudagur 6. september**
**STRATEGÍA**
- Strategíudagurinn 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu
- Vöruviðskipti við útlönd, ágúst 2016, bráðabirgðatölur

**Föstudagur 9. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Landsframleiðslan á öðrum ársfjórðungi

**Þriðjudagur 13. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fjármál hins opinbera á öðrum ársfjórðungi

**Fimmtudagur 15. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fiskafli í ágúst 2016

**Föstudagur 16. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2016

**Þriðjudagur 20. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir október 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 21. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður í ágúst 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 21. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Mánaðarleg launavísitala í ágúst 2016
- Greiðslujöfnunarvísitala í október 2016

16-2388 HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Skref inn í **nýjan heim**

Haustráðstefna Advania 2016

## Fjölbreyttir fyrirlestrar fyrir tæknileiðtoga og stjórnendur

Google • Cisco • Mark Minasi • Facebook • Trend Micro • Samsung • Breakroom • RVX • DELL • Knowledge Factory • Veracode • RSA • Rafnar – og margir fleiri.




Í dag er síðasti séns til að tryggja sér miða á betra verði

**36.900 kr.**

Fullt verð 49.900 kr.

Harpa – föstudaginn 9. september
Dagskrá og skráning á **advania.is**

advania
Welcome to IT

# Arnaldur Indriðason á 760 milljónir króna


Arnaldur Indriðason

Gilhagi, eignarhaldsfélag Arnaldar Indriðasonar, hagnaðist um tæplega 107 milljónir króna í fyrra. Það er um 14 milljónum krónum minna en árið á undan. Eignir félagsins í lok síðasta árs námu 760 milljónum króna, samkvæmt samandregnum ársreikningi. Hafa þær aukist um hundrað milljónir á einu ári. Skuldirnar nema tæplega 25 milljónum.

Arnaldur Indriðason hefur skrifað 20 bækur, þar af eru fimmtán þeirra sem fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Erlend Sveinsson. Hann var að auki meðhöfundur að handriti myndarinnar Reykjavík-Rotterdam. Bækur hans hafa selst um allan heim og má segja að Arnaldur sé langþekktasti núlifandi íslenski rithöfundurinn.

Arnaldur fékk í fyrra sérstaka heiðursviðurkenningu á Íslensku útflutningsverðlaununum. Sú viðurkenning er veitt einstaklingi sem þykir með starfi sínu hafa borið hróður Íslands víða um heim og stuðlað að jákvæðu umtali um land og þjóð. **– jhh**



**Umferð um Hvalfjarðargöngin eru meiri en gert var ráð fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Yfir 600 milljónir greiddar í veggjald

Umferð um Hvalfjarðargöng og tekjur af henni voru meiri en áætlanir fyrir fyrstu 6 mánuði rekstrarársins gerðu ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að árið í heild verði nokkuð umfram áætlanir.

Hagnaður Spalar, sem rekur Hvalfjarðargöngin, á fyrri helmingi ársins nam 242 milljónum króna eftir skatta. Hagnaður á sama tímabili í fyrra nam 169 milljónum króna.

Veggjald nam 625 milljónum fyrstu 6 mánuði ársins til samanburðar við 533 milljónir árið áður sem er 17,3% hækkun. Rekstrarkostnaðurinn án afskrifta fyrstu 6 mánuði ársins nam 218 milljónum króna og hækkar um rúmar 27 milljónir frá árinu áður. Helstu breytingar eru vegna aukins viðhalds- og launakostnaðar. **– jhh**

HÁDEGISVERÐARFUNDUR
BRESK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS

ÁHRIF
BREXIT
Á ÍSLANDI

FRAMSÖGUMENN


Jóhanna Jónsdóttir
Ráðgjafi í EES-málum hjá Utanríkisráðuneytinu


Pétur Stefánsson
Yfir viðskipta- og fjárfestingastofu breska sendiráðsins í Reykjavík

FUNDARSTJÓRI


Lárus Ásgeirsson
Framkvæmdastjóri Almarai og formaður stjórnar BRÍS

Fundurinn er opinn öllum og allir áhugasamir velkomnir, en skráning er nauðsynleg á heimasíðu BRÍS - **www.bicc.is**

FIMMTUDAGUR 1. SEPTEMBER
KL. 12.00-13.00
GRAND HÓTEL

Bresk-íslenska viðskiptaráðið



**Slysum fjölgar yfirleitt í efnahagsuppsveiflu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vonbrigði með fjölgun tjóna og verri afkomu

**Afkoma Sjóvár og VÍS veldur vonbrigðum. Greinandi segir afkomu af tryggingum versna í uppsveiflu en það dugi ekki til að skýra hve döpur afkoman sé. Hækka þurfi iðgjöld standi þau ekki undir sér. Hagnaður TM jókst verulega.**

„Það er alls ekki auðvelt að vera forstjóri vátryggingafélags,“ segir Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, í kjölfar uppgjörs tryggingafélaganna í síðustu viku. Hagnaður VÍS dróst saman um 83 prósent og hagnaður Sjóvár um helming.

VÍS hagnaðist um 238 milljónir króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 1,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2015. Hagnaður Sjóvár dróst saman sem nam 709 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við 1,4 milljarða króna hagnað fyrir ári.

VÍS tilkynnti á mánudaginn að Sigrún Ragna Ólafsdóttir hefði látið af störfum sem forstjóri VÍS og í hennar stað kemur Jakob Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Promens. „Afkoma tímabilsins var undir væntingum bæði hvað varðar vátryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi,“ sagði Sigrún Ragna í uppgjörstilkynningu í síðustu viku.

Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, sagði í uppgjörstilkynningu að ólíklegt væri að markmið sem sett hafi verið í upphafi ársins um tveggja til 2,5 milljarða króna hagnað á árinu myndu nást. Afkoma af tryggingum væri verri en markmið ársins gerðu ráð fyrir.

> **Ég held að fjárfestar og stjórnir séu ekki sátt við afkomu vátryggingarekstarins.**
>
> Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans.



**83%**

**samdráttur var á hagnaði VÍS á fyrri hluta ársins.**

Afkoman af tryggingastarfseminni er oft mæld með svokölluðu samsettu hlutfalli, útgreidd tjón sem hlutfall af iðgjöldum. Sé hlutfallið yfir 100 prósent greiðir tryggingarfélagið því meira í útgreidd tjón en það fær í iðgjöld. Samsett hlutfall Sjóvár nam 104 prósentum en fyrirtækið hafði sett sér markmið um 100-98 prósenta samsett hlutfall. Hjá VÍS nam hlutfallið 105 prósentum. „Vátryggingarekstur er erfiður í uppsveiflu. Hann verður þyngri þegar það er mikill hagvöxtur og mikið að gera í þjóðfélaginu. Svo þegar kemur kreppa fækkar tjónum og afkoman batnar,“ bendir Sveinn á.

„Að auki hefur hlutabréfamarkaðurinn frá áramótum ekki verið góður og þeir eru að stýra stórum fjárfestingasöfnun. Þannig að þessa stundina vinnur allt á móti þeim,“ bætir hann við.

Hins vegar sé afkoman verri en skýra megi með auknum umsvifum í hagkerfinu. „Ég held að fjárfestar og stjórnir séu ekki sátt við afkomu vátryggingarekstrarins,“ segir Sveinn. Séu tjónagreiðslur stöðugt hærri en iðgjöld verði að hækka iðgjöldin.

Hagnaður þriðja tryggingafélagsins á markaði, TM, jókst hins vegar á fyrri hluta ársins miðað við í fyrra, úr 554 milljónum króna í 1,2 milljarða króna. Samsetta hlutfallið hjá TM var 97 prósent á fyrri hluta ársins. Sveinn bendir hins vegar á að talsvert miklar sveiflur geti verið í afkomu tryggingarreksturs TM þar sem fá stórtjón geti breytt hlutfallinu hratt. Fyrirtækið hafi einnig hækkað virði óskráðra eigna töluvert.

# STYRKTU ÞIG Í STARFI

## VILTU LÆRA MEIRA, BREYTA TIL EÐA EFLA ÞIG Í EIGIN ATVINNUREKSTRI?



## TAKTU SKREFIÐ 2016

KERFIS- OG NETSTJÓRNUN

DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUFÆRNI

VIÐSKIPTA- OG MARKAÐSNÁM

GRAFÍK OG MARGMIÐLUN

ALMENN TÖLVUFÆRNI

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn



Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Vínbúðanna, segir umræðuna um afnám einkasölu ríkisins á áfengi hafa þroskast mikið undanfarið.

# Áfengissala ekki aukist meira frá hruni

**Vínbúðirnar skila eigendum sínum, íslenska ríkinu, allt að 1,5 milljörðum króna í arð á hverju ári. Sala áfengis er tekin að aukast á ný eftir hrun og nemur aukningin fimm prósentum það sem af er þessu ári. Aukin sala á neftóbaki er áhyggjuefni að mati stjórnenda.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Velta Vínbúðanna nam tæpum 30 milljörðum króna í fyrra. Þar af voru tæpir tíu milljarðar af sölu tóbaks. Verslanirnar eru fimmtíu talsins og 350 starfsmenn eru á launaskrá, þar af um 200 fastráðnir. Á hverju ári skilar fyrirtækið eiganda sínum, íslenska ríkinu, á bilinu 1.000-1.500 milljónum króna í arð. En þrátt fyrir þessi miklu umsvif er varan sem verslað er með, áfengi og tóbak, hálfgert tabú í íslensku samfélagi. Og eðli málsins samkvæmt setur það svip sinn á rekstur fyrirtækisins og markaðsstarf.

„Í grunninn byggir okkar markaðsstarf á allt öðrum sjónarmiðum en í frjálsri samkeppni þar sem markaðurinn leitast við að selja sem mest og hámarka hagnað eigendanna. Okkar starfsemi gengur ekkert út á það. Það er engin áhersla á að selja meira,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Vínbúðanna. Hún segir að markaðsstarfið snúist fyrst og fremst um fræðslu og samfélagsábyrgð.

Vínbúðirnar eru fimmtíu talsins, þar af eru þrettán á höfuðborgarsvæðinu. „Við lítum á það sem samfélagslega ábyrgð að þjónusta eins vel og við getum alla landsmenn en getum ekki verið alls staðar og minnstu verslanir úti á landi eru oft í litlu plássi og með takmarkað vöruúrval. En við reynum að þjóna tilganginum,“ segir Sigrún Ósk.

## Sölukippur í ár

Sigrún Ósk segir að áfengissala sé að aukast. „Hún minnkaði í kjölfarið á hruninu og seldum lítrum fækkaði þá. En frá 2012 hefur verið hægur vöxtur,“ segir Sigrún Ósk. Á árinu 2014 nam aukningin þremur prósentum og tveimur prósentum árið 2015. „En núna stefnir í að það sé meiri vöxtur á milli ára en við höfum séð lengi og það sem af er ári er um fimm prósent aukning í seldu áfengi,“ segir Sigrún Ósk. Hún segist enga skýringu hafa á söluaukningunni. „Þú getur séð þetta í samhengi við bættan efnahag. Fjölgun ferðamanna hefur líka eitthvað að segja,“ segir Sigrún Ósk. Hún tekur þó fram að Vínbúðirnar eigi engar tölur um ferðamenn sem sýni þróun á milli ára. Hún segir þó að í sumum verslunum, einkum á Suðurlandi, hafi menn fundið fyrir fjölgun ferðamanna.

Sigrún Ósk segir að það hafi orðið talsverð þróun á framboði af innlendum vörum undanfarið. Þróunin er mest í bjór. „Það hafa verið að koma brugghús sem þekktust ekki hérna áður fyrr. Þar er mikið að gerast,“ segir Sigrún Ósk. Hún segir að um 70-80 prósent af seldum vörum vínbúðanna sé bjór og sterkt áfengi sé mjög lítið hlutfall af seldum vörum.

Eitt af hlutverkum Vínbúðanna er að framleiða íslenskt neftóbak. Þótt neysla reyktóbaks sé að dragast saman um þessar mundir er neyslan á íslensku neftóbaki að aukast. Árið 2006 seldust rétt tæplega 15 tonn. Tíu árum síðar, árið 2015, nam salan 35 tonnum. Það sem af er ári hefur salan aukist um sjö prósent. Sigrún Ósk segir Vínbúðirnar hafa áhyggjur af þessu og vera í sambandi við velferðarráðuneytið vegna þessa. „Við höfum lengi bent fjármálaráðuneytinu

**Finnst þér að það eigi að heimila sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum?**



# HRESSANDI DJASSPOPPKOKTEILL

**Karl Orgeltríó og Bogomil Font** spila saman á tónleikum annað kvöld þar sem sett verður saman í blöndu af djassi og poppi. Von er á plötu í haust með Karli Orgeltríói þar sem Raggi Bjarna syngur partílög eftir Björk, Pink og GusGus.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is





Sigtryggur Baldursson sem Bogomil Font spilar með Karli Olgeirssyni og Orgeltríói hans á Café Rosenberg á morgun. MYND/EYÞÓR

Tónlistarmaðurinn Karl Olgeirsson segir hlustendur eiga von á góðu á tónleikum á Café Rosenberg annað kvöld en þá leikur Karl Orgeltríó ásamt Bogomil Font lög úr öllum áttum í hressandi djasspoppkokteil. „Orgeltríó heilla mig. Þau eru oft frekar svöl, blanda af djassi og poppi. Þau samanstanda gjarnan af Hammond-orgeli, trommum og annaðhvort gítar eða blásturshljóðfæri,“ lýsir Karl eða Kalli eins og hann er jafnan kallaður.

Hann segir það vera spennandi hugmynd að færa klassísk orgeltríó í nútímabúning. „Það er svolítið það sem við erum að brasa við. Við erum með alls kyns óvænt lög, popplög, eitthvað eitís og eitthvað nýlegra, lög eftir Björk og Pink og Gus Gus svo eitthvað sé nefnt. Eins lög sem eru þekkt í þessu „orgeltríóformati“ en við setjum smávegis poppstemningu í þau.“

Karl Orgeltríó var stofnað utan um 58 ára gamalt Hammond-orgel Kalla. „Við spiluðum nokkur gigg á Bravó haustið 2013, það var mjög skemmtileg stemning, heitt og sveitt.“ Tríóið er skipað auk Karls þeim Ólafi Hólm trommuleikara og Ásgeiri Ásgeirssyni gítarleikara.

Að undanförnu hefur tríóið verið í hljóðveri að vinna að plötunni Happy Hour með Ragga Bjarna sem kemur út seinna í haust. „Við erum að taka ýmis lög eins og áður segir, sem við setjum í orgeltríóbúning og djössum dálítið upp. Svo syngur Raggi þetta eins og engill. Hann er alveg ótrúlegur maður, fáránlega hress, að verða 82 ára gamall og er miklu hressari en ég sem er bara 43 ára,“ segir Kalli hlæjandi. Hann bætir við að það sé gaman að heyra þessa rödd Ragga sem sé inngróin í DNA Íslendinga syngja þessi lög, eins og „Get the Party Started“ með Pink. „Þetta er svolítil áskorun fyrir Ragga, að læra þessi lög frá grunni því hann þekkir minnst af þessu. Þetta er kannski óbeint framhald af samstarfi okkar fyrir fjórtán árum þegar við gerðum Smells Like Teen Spirit með Milljónamæringunum.“

> Við erum með alls kyns óvænt lög, popplög, eitthvað eitís og eitthvað nýlegra, lög eftir Björk og Pink og Gus Gus svo eitthvað sé nefnt. Eins lög sem eru þekkt í þessu „orgeltríóformati“ en við setjum smávegis poppstemningu í þau.
>
> Karl Olgeirsson

Kalli segir það spennandi og skemmtilegt að Bogomil Font skuli vera með á tónleikunum á morgun. „Hann hefur reyndar spilað með okkur áður en þá var hann Sigtryggur Baldursson og var á trommum. Þetta er í fyrsta skipti sem hann syngur með okkur þannig að það á eftir að smellpassa. Bogomil ætlar að syngja eitthvað af lögunum af nýju plötunni, lög eftir Prince og Tom Waits, djassstandarda í nýjum útsetningum og nokkur septemberlög því þetta ber upp á fyrsta september. Ég veit svo sem ekki alveg hvort ég á að kalla þetta djass eða popp sem við spilum, þetta er bara stuðtónlist.“

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblaðið „Vörubílar og vinnuvélar“ kemur út 27. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ










Dr. Grétar Halldór Gunnarsson var að skoða bækur um trúmál sem voru hugsaðar fyrir almenning um það leyti sem hann var að ljúka við doktorsritgerð sína og fannst bók Bells geta höfðað til Íslendinga. MYND/GVA

# TALAR BEINT INN Í SAMTÍMANN

Bandaríski presturinn, metsöluhöfundurinn og spjallþáttastjórnandinn Rob Bell heldur ráðstefnu í Langholtskirkju á morgun og föstudag. Samhliða kemur bók hans „Það sem við tölum um þegar við tölum um guð“ út í íslenskri þýðingu dr. Grétars Halldórs Gunnarssonar.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Rob Bell hefur haft mikil áhrif á trúarlegt landslag í Bandaríkjunum á undanförnum árum og hafa bækur hans og sjónvarpsefni vakið mikla athygli. Hann hefur verið tíður gestur í þáttum Opruh Winfrey og er með eigin þátt á einni af sjónvarpsstöðvum hennar. Hann hefur skrifað sex metsölubækur á síðustu átta árum og var útnefndur einn af 100 áhrifamestu mönnum Time Magazine árið 2011. Dr. Grétar Halldór Gunnarsson rakst á bókina „Það sem við tölum um þegar við tölum um guð“ um það leyti sem hann var að ljúka doktorsnámi sínu í guðfræði og fannst hún tala inn í íslenskan veruleika.

„Ég var að skoða bækur um trúmál sem voru hugsaðar fyrir almenning og vissi sem var að bækur Robs Bell höfðu haft mikil áhrif í Bandaríkjunum. Mér fannst þessi bók passa vel inn íslenskan veruleika en þar er hann að tala til fólks sem er svolítið svipað statt og margir Íslendingar þegar kemur að trúmálum. Hann lýsir því hvernig hann sem prestur lenti í miklu niðurbroti og fór að efast um tilvist guðs. Í bókinni tekur hann sér stöðu með efahyggjufólki en opnar svo fyrir lesendum nýja sýn þar sem hann bendir á hvað heimurinn er ofsalega merkilegur, furðulegur og skringilegur og að það sé í raun pláss fyrir andlegheitin og trúna og um leið innihaldsríkara líf,“ segir Grétar.

Rob þykir hafa frjálslyndar trúarskoðanir og var bók hans Love Wins á metsölulista New York Times í marga mánuði. Hún varð umfjöllunarefni á forsíðu Time Magazine, enda ögraði Bell algengum hugmyndum um helvítisvist. Í bókinni varpar hann fram spurningunni um hvort nokkuð muni fá staðist kærleika guðs og hvort hugmyndin um helvíti gangi upp ef guð sigrar allt. Fyrir það uppskar hann meðal annars gagnrýni Franklins Graham sem kallaði hann falsspámann, en Graham, sem er þekktur fyrir íhaldssamar skoðanir og andúð á samkynhneigðum, gerði mikinn usla þegar hann kom til Íslands á Kristsdeginum árið 2013.






Rob Bell hefur hin síðari ár ferðast vítt og breitt um Bandaríkin og haldið einskonar poppfyrirlestra fyrir almenning undir yfirskriftinni „Allt er andlegt“.

Í bókinni „Það sem við tölum um þegar við tölum um guð“ kemur Bell að sögn Grétars með óvænt svör um það hver guð sé og hvar hann sé að finna. „Hann segir guð fylgjandi okkur, á undan okkur og hjá okkur í öllu því hversdagslega sem við gerum. Án þess að segja frá því hvernig bókin endar þá vísar endirinn í orð sem hann hefur eftir brimbrettakappa um að nú sjái hann guð í öllu en að mati Bells er heimurinn hlaðinn ótrúlegum töfrum og dulmagni og hann skynjar nærveru guðdómsins í öllu sem hann gerir. Að hans mati gerir það alla reynslu magnþrungnari en ella.“

Bell hefur hin síðari ár ferðast vítt og breitt um Bandaríkin og haldið eins konar poppfyrirlestra fyrir almenning undir yfirskriftinni „Allt er andlegt“ en þar talar hann við þennan stóra hóp fólks sem er á jaðri trúarinnar en langar að skoða heiminn með andlegum og trúarlegum augum.

Fyrri fyrirlestur Robs á ráðstefnunni hér á landi, sem verður að miklu leyti sótt af prestum og öðru kirkjufólki en er öllum opin, er með tilvísun í bókina „Það sem við tölum um þegar við tölum um guð“ en á þeim síðari fjallar Rob um jafnvægi í lífi leiðtogans en nýjasta bók hans, „How to Be Here“, fjallar um hvernig fólk getur öðlast meiri lífsgæði í dagsins önn.

**Nánari upplýsingar er að finna á gudspjall.is.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# Netverslun

31. ágúst 2016

**KYNNINGARBLAÐ** iKort | IKEA | Pósturinn | Viska | Heimkaup




**Mikil þróun hefur orðið í netverslun með tilkomu spjaldtölva og snjallsíma.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Mikill vöxtur í íslenskri netverslun

Velta íslenskra netverslana jókst um 27% milli áranna 2014 og 2015. Vöxtur í íslenskri netverslun virðist mun meiri en í nágrannalöndunum en þó er hlutfall hennar af heildarveltu íslenskrar smávöruverslunar enn mun lægra en víða á Norðurlöndum.


**Sólveig Gísladóttir**

solveig@365.is




„Rannsóknasetur verslunarinnar (RSV) áætlar að velta íslenskrar netverslunar hafi verið að lágmarki um 5 milljarðar króna árið 2015 án virðisaukaskatts, sem nemur 1,25% af heildarveltu íslenskrar smásöluverslunar það árið. Samkvæmt þessari áætlun jókst velta netverslana árið 2015 frá árinu áður um 27%,“ upplýsir Emil B. Karlsson forstöðumaður RSV. Hann segir vöxtinn í netverslun aukast ár frá ári. „Þannig jókst netverslun 2014 frá árinu þar áður um 20% samkvæmt tölum RSV. Vöxtur í íslenskri netverslun virðist því mun meiri en í nágrannalöndum okkar,“ segir hann en bætir við að hlutfall af heildarveltu sé enn mun lægra hér en á hinum Norðurlöndunum. Þar er áætlað hlutfall netverslunar um 6% af heildarveltu samkvæmt skýrslu sem RSV gaf út í upphafi árs 2015.

## Verslað frá útlöndum

Verðmæti erlendra pakkasendinga sem bárust til Íslands gegnum Tollpóststofu frá útlöndum, og ætla má að sé vegna netverslunar, nam 1,836 milljörðum árið 2015 samanborið við 1,781 milljarð árið 2014, að sögn Emils. Þessi aukning nemur þremur prósentum.

Pökkunum sjálfum fjölgaði þó mun meira. „Fjöldi pakka árið 2015 var 317.734 samanborið við 293.277 árið 2014 og voru því 8,34% fleiri,“ upplýsir Emil en telur að mismuninn milli fjölgunar pakka og verðmætisaukningar geti verið vegna gengisbreytinga krónunnar. Hann tekur einnig fram að hér séu ekki meðtaldar sendingar sem bárust frá öðrum löndum með DHL eða öðrum flutningsaðilum en Íslandspósti. Einnig að í þessum tölum sé aðeins um að ræða sölu á vörum í smásölu, en ekki velta í þjónustu á borð við flugferðir, hótelgistingu, skyndibita og álíka.

## Breyttir verslunarhættir

Emil segir orðið erfitt að greina á milli netverslunar og hefðbundinnar verslunar. „Flestar verslanir selja bæði á netinu og yfir búðarborðið og því er þetta tvennt að renna dálítið saman.“ Hann bendir einnig á að áður hafi þróunin verið á þann veg að hefðbundnar verslanir opnuðu netverslanir. Nú séu stórar netverslanir, á borð við Amazon, farnar að opna hefðbundnar búðir.

„Þá eru menn mikið til hættir að tala um netverslun heldur tala frekar um „multi channel shopping“ eða „omni shopping“,“ lýsir Emil og segir mikla þróun hafa orðið í netviðskiptum með tilkomu snjallsímanna.



**Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.**

Hann segir einnig kauphegðun fólks mjög misjafna. „Oft fer aðeins hluti af kaupferlinu fram á netinu og hinn yfir búðarborðið. Meðan sumir kjósa að skoða vörur á netinu og fara svo í verslunina til að kaupa hana vilja aðrir fara í búðirnar til að skoða en panta vöruna síðar í gegnum netið.“

## Yngri versla meira

Í skýrslunni Íslensk netverslun – Greining á stöðu og framtíðarhorfur sem Emil vann ásamt Stefáni Kalmanssyni voru ýmsir þættir íslenskrar netverslunar kannaðir og ýmislegt áhugavert kom fram.

Til dæmis að þrjár vinsælustu vörutegundirnar sem keyptar voru í netverslun, hvort sem horft var til innlendrar eða erlendrar netverslunar, voru raftæki, fatnaður og bækur.

Áður voru íslenskir karlmenn líklegri en konur til að kaupa í netverslun en árin 2012 og 2013 var kynjamunur orðinn hverfandi. Þó var töluverður kynjamunur á milli þess hvaða vöruflokka karlar og konur keyptu. Þannig voru fatakaup um netið vinsælli meðal ungra kvenna á meðan ungir karlar keyptu frekar raftæki og tölvubúnað.

Í skýrslunni kom einnig fram að sífellt dragi úr mun á milli aldurshópa og kynja sem kaupi vörur á netinu.

## Pakkar sóttir í hverfisbúðina

Emil segir fólki í nágrannalöndum gert auðvelt fyrir að versla í gegnum netið. „Til dæmis er algengt, sér í lagi í Svíþjóð, að fólk fái vörurnar sendar í hverfisverslunina sína. Hér á landi þarf fólk að nýta sér póstþjónustuna og því þarf oft að fara um langan veg að sækja,“ lýsir hann.

Póstafgreiðslu sé hins vegar að finna í næstum hverri verslun í Svíþjóð. „Fólk kaupir þá oft af netinu áður en það fer heim úr vinnu og varan er tilbúin í poka þegar það kemur við í matvörubúðinni á leiðinni heim. Í lok vinnudags í Svíþjóð eru oft lengstu biðraðirnar við búðarborðið sem afgreiðir pakkana.“

Emil segist ekki hafa heyrt að þetta fyrirkomulag muni verða tekið upp á Íslandi. „Þó held ég að það hljóti að vera að þeir sem eru að selja gegnum netið fari að gera kröfur um að auðveldara verði fyrir fólk að nálgast vörurnar.“

# Óbilandi trú í bland við íhaldssemi

**Bjarney Sonja Breidert** hefur búið og starfað erlendis undanfarin tíu ár, þar af síðustu fimm árin í Þýskalandi þar sem hún rekur Drupal-veffyrirtæki ásamt eiginmanni sínum. Fyrirtækið hefur m.a. unnið að spennandi lausnum fyrir ýmis stórfyrirtæki þar í landi.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Það er vaxandi eftirspurn eftir veflausnum sem styðja við uppbyggingu á stafrænum ferlum fyrirtækja og stofnana. Eitt þeirra fyrirtækja sem bjóða upp á lausnir á því sviði er 1xINTERNET sem er staðsett í Þýskalandi og á Spáni. Það voru hjónin Bjarney Sonja Breidert og Dr. Christoph Breidert sem stofnuðu fyrirtækið fyrir nokkrum árum en það hefur skrifstofur í Frankfurt og Barcelona.

Fyrirtæki þeirra byggir veflausnir byggðar á Drupal sem er opinn hugbúnaður sem hjónin kynntust þegar Bjarney stundaði meistaranám í Vínarborg á sínum tíma. „Í náminu voru þau ófá kvöldin þar sem við sátum saman yfir verkefnum og vinnu við forritun en það var einmitt þá sem við byrjuðum að vinna í Drupal. Það sem heillaði okkur var hversu öflugt kerfið er og hvernig hægt var að byggja flóknar lausnir ofan á það. Í kjölfarið ákváðum við að stofna eigið fyrirtæki þar sem einn af okkar bestu vinum bættist í eigendahópinn en í dag eigum við fyrirtækið þrjú saman.“

## Allt gert á netinu

Markmið þeirra er að hjálpa fyrirtækjum við uppbyggingu á stafrænum ferlum sem felst m.a. í gerð vefverslana, innri vefja, sölukerfa og vefsíðna auk þess sem boðið er upp á ráðgjöf við markaðssetningu á netinu. „Notandinn í dag krefst þess að það sé hægt að gera allt á netinu, að ferlið sé einfalt og lausnir séu aðgengilegar í öllum tækjum, hvort sem það er snjallsími eða fartölva. Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki í Evrópu sem öll hafa mjög skýra framtíðarsýn og vilja ekki heltast úr lestinni þegar kemur að tækni og stafrænum lausnum. Á Íslandi erum við að vinna með mörgum flottum fyrirtækjum að þessum sömu markmiðum, þ.e. að styrkja stöðu sína á þessum síbreytilega markaði.“

## Persónuleg upplifun



**Bjarney Sonja, ljóshærð fyrir miðri mynd, vinnur í alþjóðlegu umhverfi en samstarfsfélagar hennar eru frá tólf löndum.**

Aðspurð hvernig hún sjái veflausnir til fyrirtækja þróast næstu misserin segist hún helst hafa trú á því að flestir ferlar, sem í dag er haldið utan um á pappír eða t.d. í Excel, Word og álíka kerfum, verði gerðir aðgengilegir á netinu. „Það meina ég þannig að þeir verði settir upp í einföldum vefkerfum þar sem hægt er að nálgast gögnin hvar og hvenær sem er. Fyrirtæki munu einnig leggja meiri áherslu á upplýsingar og gagnaöflun og nýta sér þessi gögn til að sérsníða lausnir fyrir viðskiptavini sína þannig að hver og einn upplifi vöruna og þjónustuna á sinn hátt.“




**Bjarney Sonja ásamt hluta samstarfsfélaga sinna í Þýskalandi en 18 manns vinna þar.**

## Ólík fyrirtækjamenning

Bjarney segist hafa lært mikið af Þjóðverjum árin sem hún hefur starfað þar. Hún segir Íslendinga óhræddari við að prófa nýja hluti og hafa óbilandi trú á sjálfum sér meðan Þjóðverjinn sé miklu íhaldssamari, vandvirkari og hugsi sig tvisvar um áður en lokaákvörðun er tekin. „Hvort tveggja hefur kosti og galla og hér reynum við að halda í smá blöndu af íslensku og þýsku starfsumhverfi. Starfsmenn okkar koma frá tólf löndum og erum við með mjög fjölskylduvæna starfsmannastefnu og styttri vinnutíma heldur en gengur og gerist hér hjá sams konar fyrirtækjum. Hér í Þýskalandi er allt of algengt að annað foreldrið, venjulega konan, sé heima að sinna börnunum á meðan hitt vinnur fram eftir alla daga vikunnar. Þetta er mjög ólíkt því sem við þekkjum á Íslandi þar sem starfsumhverfið er fjölskylduvænna og hafa allir færi á því að vinna 100% vinnu ásamt því að eiga fjölskyldu.“

> **Fyrirtæki munu einnig leggja meiri áherslu á upplýsingar og gagnaöflun og nýta sér þessi gögn til að sérsníða lausnir fyrir viðskiptavini sína þannig að hver og einn upplifi vöruna og þjónustuna á sinn hátt.**
>
> *Bjarney Sonja Breidert*

## Örar breytingar

Auk þess að sinna annasömu starfi kennir Bjarney einnig í mastersnáminu Engineering Management við Tækniháskólann í Vínarborg. „Þar snýst kennslan að mestu um hvernig maður tekur „offline“ eða „manual“ ferla og gerir þá stafræna. Stafræni heimurinn breytist mjög hratt og oft er erfitt að fylgjast með öllu. Einn daginn er Snapchat málið, næst eru allir farnir að elta Pokémona og þriðja daginn eru allir syngjandi í gegnum musical.ly. Í kennslunni reyni ég að komast yfir nýjustu strauma hverju sinni og hjálpa nemendum að sjá hvernig hægt er að nýta mismunandi samskiptamiðla í starfi þeirra. Flestir nemendur mínir eru stjórnendur sem vilja fylgjast með nýjustu tækni, þá sér í lagi hvað er í gangi hjá unga fólkinu sem er oftar en ekki tilvonandi viðskiptavinir þeirra.“

# iKort – Öruggur kostur í netviðskiptum

**Ikort** er alþjóðlegt MasterCard inneignarkort sem kom á markað hér á landi árið 2013. Það er hægt að nota eins og önnur kreditkort um allan heim. Mörgum þykir mikið öryggi fólgið í að nota það í netviðskiptum enda engu eytt fyrirfram heldur aðeins því sem er inni á kortinu. Kortið er það eina á landinu sem er ekki gefið út af bankastofnun. Hægt er að fá bæði persónugerð og ópersónugerð kort.

iKortið er gefið út af breska fyrirtækinu Prepaid Financial Services en dreifingaraðili þess á Íslandi er iKort ehf. Kortið er hægt að nota um allan heim þar sem tekið er við MasterCard, þar með talið til að versla á netinu. Kortið er ekki tengt neinum íslensku bankanna. „Það er hins vegar hægt að hlaða inn á það í öllum netbönkum, í gegnum síma eða í höfuðstöðvunum að Skipholti 25. Þá geta korthafar skoðað færslur og fylgst með stöðunni, lokað og enduropnað iKortin allan sólarhringinn alla daga ársins með sms-i og á sínum síðum,“ segir Guðbjörg Dögg Snjólfsdóttir, þjónustustjóri iKorts.

Til eru tvær tegundir af iKortum. Annars vegar ópersónugerð iKort sem er hægt að fá afhent strax og hins vegar persónugerð kort með nafni. „Það er hægt að hafa kortin nafnlaus en við mælum þó alltaf með því að fólk skrái sig fyrir þeim með nafni á sínum síðum. Það auðveldar netviðskipti og því fylgir notendanafn og lykilorð. Persónugerðu kortin líta út eins og hefðbundið kreditkort með nafni og upphleyptum stöfum.




**Þórlaug B. Stefánsdóttir þjónustufulltrúi og Guðbjörg taka vel á móti fólki í afgreiðslunni í Skipholti.** MYND/ANTON

Guðbjörg segir mikinn vöxt í fyrirframgreiddum kortum og hefur iKortinu verið vel tekið hér á landi, en iKort hefur það framyfir mörg önnur fyrirframgreidd kort að hægt er að setja boðgreiðslur á kortið og skuldfæra öll föst útgjöld og áskriftir. „Kortið hefur alla þá kosti sem venjuleg kreditkort hafa. Greiddar eru 1.985 krónur í upphafi. Engin færslugjöld fylgja en eigendur greiða 725 krónur í mánaðargjald.

Hún segir marga fá sér iKort til að geta verslað á netinu án þess að fá reikning. „Flestir fara svo að nota kortið í allt annað, en hægt er að láta greiða inn á það laun eins og á við um öll önnur kort. Kortið heldur auk þess alltaf utan um rétta stöðu og fólk er aldrei í vafa um hvað er mikið inni á því. Um leið og búið er að hlaða kortið uppfærist staðan og það sama á við þegar kortið er notað,“ útskýrir Guðbjörg. Hún segir ekki þurfa að kanna fjárhagslegar upplýsingar þeirra sem eru með iKort og að allir Íslendingar geti notað þau kort sem iKort gefa út.

Hægt er að panta iKortið á heimasíðunni www.ikort.is eða í þjónustuveri iKorts í síma 572 2000. Eins er hægt að koma í höfuðstöðvarnar í Skipholti. Ópersónugerðu kortin er auk þess hægt að nálgast á pósthúsum um allt land. Þau er síðar hægt að uppfæra í iKort Plús. Til að uppfæra kort þarf að senda afrit af ökuskírteini eða vegabréfi og afrit af greiðsluseðli, t.d. síma-, eða rafmagnsreikningi þar sem fram kemur nafn og heimilisfang. Korthafar geta einnig virkjað kortin sjálfir á netinu eða með sms-i.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson



Það eru um átta þúsund vörunúmer í vefverslun IKEA og þar má nálgast upplýsingar um vörurnar eins og stærð, lit og fleira.



Í vefverslun IKEA fæst allt frá teskeiðum til eldhúsinnréttinga.



Stefnan er ávallt að fólk á landsbyggðinni geti valið úr sama vöruúrvali á vefnum og þeir sem koma í verslunina.



Nú er hægt að versla eftir samsetningarnúmerum á vefnum, sem einfaldar innkaup á tilbúnum samsetningum.

# Allt frá teskeiðum til eldhúsinnréttinga

Vefverslun **IKEA** er ein sú stærsta á landinu með um átta þúsund vörunúmer og þar er hægt að panta allar vörurnar sem fást í versluninni. Viðskiptavinir IKEA á landsbyggðinni eru fjölmennasti viðskiptavinahópurinn eins og gefur að skilja og fyrirtæki hafa líka nýtt sér vefverslunina þegar verið er að endurnýja eða flytja í nýtt húsnæði. Viðskiptavinir fá vörurnar sendar á sanngjörnu verði.

Vefverslun IKEA var opnuð árið 2006 og það hefur alltaf verið markmið að vöruúrvalið þar sé það sama og í versluninni sjálfri. „Það er okkur metnaðarmál að geta boðið öllum landsmönnum að versla í IKEA og að fólk á landsbyggðinni geti valið úr sama vöruúrvali í vefversluninni og hjá okkur í versluninni,“ segir Stefán Dagsson verslunarstjóri. „Það hefur verið mikil aukning í vefverslun almennt undanfarin ár og við finnum einnig fyrir því. Það er að sjálfsögðu aðeins meira mál að kaupa eldhús eða hjónarúm á netinu en bækur og fatnað, en viðskiptavinir fá vörurnar sendar á mjög sanngjörnu verði. Við erum í samstarfi við Landflutninga og Póstinn og erum með fast gjald á heimsendingum, sama hve mikið er verslað.“

Stefán segir hafa verið stigið stórt skref nýlega þegar við bættist sá möguleiki að versla eftir samsetningarnúmerum á vefnum. „Sumar vörur, eins og fataskápar og einstaka sófalínur eru seldar í

**„Það er okkur metnaðarmál að geta boðið öllum landsmönnum að versla í IKEA.**

mörgum hlutum og áður var ekki hægt að sjá samsetninguna í vefversluninni en það hefur nú breyst til mikils hægðarauka fyrir viðskiptavini. Nú geta viðskiptavinir keypt samsetninguna í einu lagi, svo lengi sem allir hlutar hennar eru til á lager.“ Stefán segir vefverslunina einnig nýtast þeim sem komi í verslunina því hægt sé að nálgast nánast allar upplýsingar um vöruna á vefnum eins og stærðir, lit og annað. „Það er frír netaðgangur í versluninni og langflestir með snjalltæki í vasanum þannig að fólk sækir sér upplýsingar á vefinn þegar það er hjá okkur. Svo er líka hægt að vinna forvinnuna heima; skoða, velta fyrir sér stærðum og efni og koma svo í verslunina til að ganga frá kaupunum.“




Vefverslun IKEA nýtist bæði þeim sem ekki komast í verslunina og þeim sem vantar upplýsingar um vörurnar – hvort sem er í versluninni eða heima.



## Samanburður á **sendingarleiðum**

| | Smápakki | Póstbox | Pakki |
|---|---|---|---|
| Þyngdar og stærðarmörk | Já | Já | Nei |
| Afhendingarstaður | Heima | Póstbox | Heima/Pósthús |
| Rekja og finna | - | ✓ | ✓ |
| SMS tilkynning | - | ✓ | ✓ |
| Eingöngu afhent skráðum viðtakanda | - | - | Val |
| Brothætt | - | Val | Val |
| Heimsending | - | - | Val |
| Móttökukvittun | - | - | Val |
| Trygging | - | Innifalin | Innifalin |
| Aukatrygging | - | Val | Val |
| Viðtakandi greiðir | - | - | Val |

Hér að ofan má sjá samanburð yfir möguleika í pakkaþjónustu Póstsins. **Finndu þá leið sem hentar best.**

**„Fólk er ekki lengur bundið við að vera heima á einhverju ákveðnu tímabili tiltekinn dag til að bíða eftir sendingunni. Þá flýtir það einnig ferlinu þegar vörur eru pantaðar að utan að hægt er að greiða aðflutningsgjöld og klára öll mál sem viðkoma sendingunni á netinu," segir Elvar Bjarki Helgason, forstöðumaður sölu- og þjónustudeildar Póstsins.** MYND/ANTON

# Sendingin sótt hvenær sem er

Viðskiptavinir netverslana geta nálgast sendinguna sína hvenær sem er sólarhringsins, alla daga ársins, í póstboxum Póstsins sem staðsett eru víða á höfuðborgarsvæðinu. Þá býður Pósturinn netverslunum ýmsar lausnir til að þjónusta viðskiptavini sína sem best.

„Hægt er að nálgast sendingar á hvaða tíma sólarhringsins sem er, alla daga ársins. Þessi möguleiki er ein af þeim nýjungum sem við höfum verið að kynna og viðbót við þjónustuna okkar og kostar ekkert aukalega," útskýrir Elvar Bjarki Helgason, forstöðumaður sölu- og þjónustudeildar Póstsins, en Pósturinn hefur síðastliðið ár komið upp póstboxum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið þar sem hægt er að sækja póstsendingar. Póstboxin eru í alfaraleið og ekki tekur nema augnablik að fá sendinguna afgreidda úr boxinu. Elvar segir þjónustuna til mikilla þæginda fyrir þá sem versla á netinu.

„Þetta þýðir að fólk getur sótt pakkann á þeim tíma dags þegar því hentar, til dæmis þegar það er á leið heim úr vinnunni, á kvöldin, eða hvenær sem er. Fólk er ekki lengur bundið við að vera heima á einhverju ákveðnu tímabili tiltekinn dag til að bíða eftir sendingunni. Þá flýtir það einnig ferlinu þegar vörur eru pantaðar að utan að hægt er að greiða aðflutningsgjöld og klára öll mál sem viðkoma sendingunni á netinu."

**» Þetta þýðir að fólk getur sótt pakkann á þeim tíma dags þegar því hentar, til dæmis þegar það er á leið heim úr vinnunni, á kvöldin. Þessi möguleiki er ein af þeim nýjungum sem við höfum verið að kynna og viðbót við þjónustuna.**

Á heimasíðu Póstsins er hægt að skrá sig og velja það póstbox sem hentar best til að sækja pakkann. Eins er hægt að skrá inn hvaða póstbox á að senda á í reitinn þar sem skrá á heimilisfang þegar verslað er á netinu en ýmsar netverslanir eru farnar að lista upp hvar póstboxin eru staðsett. Á heimasíðu Póstsins er einnig að finna kort yfir staðsetningar póstboxanna. Viðskiptavinur lætur farsímanúmerið fylgja við skráningu og fær sms þegar sendingin er komin í boxið og tilbúin til afhendingar.

„Hólfin í póstboxunum eru í þremur stærðum og duga fyrir algengustu vörurnar sem fólk er að kaupa á netinu. Við förum tvisvar á dag með sendingar í boxin, einnig á laugardögum," segir Elvar. „Í dag eru átta póstbox á höfuðborgarsvæðinu og verið er að skoða hvort bætt verði við boxum annars staðar á landinu."

**Rannsóknir hafa sýnt að það eykur sölu að bjóða fría endursendingu:**

**66%** viðskiptavina skoða skilmála seljenda um vöruskil áður en gengið er frá kaupum

**68%** neytenda á Norðurlöndunum segja að ókeypis vöruskil eða vöruskipti séu lykilatriðið í jákvæðri upplifun

**67%** viðskiptavina finnst ókeypis endursendingar ýta undir að þeir versli á netinu

**83%** neytenda vilja sjá þá afhendingarmöguleika sem netverslun býður upp á áður en verslað er.

**66%** neytenda vilja frekar versla við netverslun sem býður upp á fleiri en einn afhendingarmöguleika.

# Fjöldi lausna fyrir netverslanir

Viðskiptavinir netverslana kalla stöðugt eftir meiri sveigjanleika og fleiri afhendingarmöguleikum. Pósturinn býður fjölmargar lausnir, sérsniðnar að netverslunum sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum góða þjónustu.

„Kannanir hafa sýnt að 66% kaupenda vilja versla við netverslanir sem bjóða upp á fleiri en einn afhendingarmöguleika. Hjá Póstinum finnst okkur mikilvægt að bjóða upp á val, til dæmis um að fá sendingarnar heim, sækja á næsta pósthús eða að fá sent í póstboxin. Þá höfum við einnig innleitt nýjungar eins og smápakka sem netverslanir geta boðið upp á, en þá eru minni sendingar afhentar heim að dyrum með bréfbera. Ef ekki tekst að afhenda inn um lúguna er hægt að nálgast pakkann á næsta pósthúsi."

Að sögn Elvars hefur Pósturinn það að markmiði að bæta stöðugt við þjónustuna. Sendlaþjónusta og endursendingar eru hluti af því.

„Sendlaþjónustan er annar kostur. Netverslanir geta þá boðið viðskiptavinum sínum að koma vörum til skila samdægurs með sendlaþjónustu, bæði til einstaklinga og til fyrirtækja. Þá hafa rannsóknir sýnt að 68% neytenda á Norðurlöndum finnst möguleikinn á einföldum vöruskilum jákvæður kostur en Pósturinn gerir netverslunum kleift að bjóða viðskiptavinum sínum upp á að endursenda vöru á einfaldan máta. Það ýtir undir að verslað sé á netinu og þá við viðkomandi netverslun," útskýrir Elvar.

„Við leggjum mikla áherslu á tæknilegu hliðina og að netverslanir geti gengið frá sendingum á einfaldan hátt, meðal annars með sérstöku forriti sem flýtir fyrir og auðveldar allan frágang. Þá er boðið upp á að hægt sé að senda samninga með Póstinum til undirritunar, til dæmis þegar um raðgreiðslur eða dýra vöru er að ræða. Við hjá Póstinum erum alltaf að kynna nýjungar og þjónustan er í stöðugri þróun hjá okkur."

## LAUSNIR FYRIR NETVERSLANIR

Pósturinn býður ýmsa þjónustu sem er sérsniðin að netverslunum. Við vitum að kaupendum finnst mikilvægt að hafa val um hvernig þeir fá vöruna afhenta.

**Póstbox á höfuðborgarsvæðinu**

101 — Víðir, Sólvallagötu
101 — 10-11, Barónsstíg
104 — Olís, Álfheimum
109 — Nettó, Mjódd
110 — Húsgagnahöllin, Bíldshöfða
201 — Smáralind, aðalinngangur
210 — Olís, Hafnarfjarðarvegi
220 — Atlantsolía, Kaplakrika



# SÆKTU PAKKANN ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Fáðu pakkann sendan í Póstbox. Þú getur sótt hann á öllum tímum sólarhringsins og borgar ekkert aukalega fyrir þjónustuna. Þinn pakki, þú ræður.

**Kynntu þér málið á postur.is/postbox**




**VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA**

PÓSTURINN

# Forskot með fallegri hönnun

Netverslanir tengdar beint við bókhaldskerfi og snjallar vefsíður eru í boði hjá Visku. Persónuleg, traust og fljót þjónusta á sanngjörnu verði.

Viska er fyrirtæki á sviði tækni- og hönnunarmála sem sér meðal annars um að setja upp vefsíður, netverslanir og pöntunarsíður fyrir fyrirtæki. „Við bjóðum upp á hagstæða lausn fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja selja á netinu. Kerfið hjá okkur er einfalt og þægilegt og er með tengingu í bókhaldskerfi eins og til dæmis dk. Það þýðir að ekki þarf að uppfæra verð og annað bæði í netverslun og bókhaldskerfinu þegar einhverjar breytingar verða. Þannig má auðveldlega sleppa við tvíverknað,“ segir Ólafur Jónsson, markaðsstjóri hjá Visku, og bætir við að þeir séu orðnir ansi færir í netverslunargerð.

### Pöntunarsíður fyrir veitingastaði

Viska sér einnig um að setja upp pöntunarsíður fyrir veitingastaði, sem sparar bæði tíma og peninga. „Við höfum mikið verið í því að gera pöntunarsíður fyrir veitingastaði, sem gerir viðskiptavini kleift að panta og greiða í gegnum netið. Þannig þarf fyrirtækið ekki að vera með starfsmann sérstaklega í því að svara í símann og taka niður pantanir,“ útskýrir Sindri Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Starfsmenn VISKU hafa einnig mikla reynslu af almenni vefsíðugerð. „Okkar markmið þegar kemur að vefsíðugerð er að hafa þær skilvirkar, notandavænar og síðast en ekki síst fallegar. Allar síður sem við gerum eru snjalltækjavænar; þær virka á öllum snjalltækjum, bæði símum og tölvum. Vefsíðan aðlagar sig þá að stærð skjásins sem gerir upplifun notandans mun betri. Stór hluti allrar umferðar á netinu er frá snjalltækjum og því er mjög mikilvægt að síðurnar virki á hvaða tæki sem er,“ segir Sindri.

VISKA

### Ánægðir viðskiptavinir

Viska er ungt fyrirtæki sem var stofnað í mars á þessu ári. Að sögn Ólafs tók fyrirtækið flugið í sumar og var starfsmönnum fjölgað úr tveimur í fjóra.

„Við leggjum ríka áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavini okkar. Ánægðir viðskiptavinir eru aðalsmerki okkar og af þeim sökum leggjum við mikið upp úr að hver og einn þeirra fái fljóta, trausta og persónulega þjónustu.“

Sindri segir að starfsfólk Visku líti á viðskiptavini sína frekar sem samstarfsfélaga en eitthvað annað. „Við reynum að hafa gaman af þessu og gera hlutina áhugaverða fyrir þá sem þurfa að nota þá. Það er til dæmis ekki endilega það skemmtilegasta í veröldinni að setjast fyrir framan tölvuna og uppfæra verð en við reynum að gera þetta þannig að fólk skilji hvað þarf að gera og hvernig á að gera það. Gera þetta á mannamáli fyrir fólk þannig að það eigi auðvelt með að halda vefversluninni eða vefsíðunni við eftir að við höfum lokið okkar starfi. Við reynum svo að fylgja verkum vel eftir og athugum hvort allt sé eins og það á að vera og hvort hægt sé að gera eitthvað fleira en skilum ekki bara verkefninu og stingum svo af.“

Ólafur bætir við að þeir grínist með að þeir séu „gamli og gaurarnir“ en hjá fyrirtækinu starfar blanda af ungum strákum og reynslumeiri manni. „Það getur verið lykilatriði að vera skemmtilegur í þessum bransa, við erum svo sannarlega bæði sveigjanlegir og skemmtilegir að vinna með,“ segir hann brosandi.

**Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Visku á viskavef.is eða í síma 519-2887.**



**Sindri Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hlynur Halldórsson verkefnastjóri, Trausti M. Falkvard sölustjóri og Ólafur Jónsson markaðsstjóri eru starfsmenn Visku.**

Er kominn tími á netverslun?

Vefumsjónarkerfið okkar er þróað með notendur í huga. Öflugt kerfi sem er einfalt í notkun og viðskiptavinir okkar mæla með.

Meðal þess sem er innifalið í netverslunarlausn okkar:

- Aðlögun að þínu útliti
- Stuðningur við leitarvélabestun
- Samanburður á vörum
- Síun út frá verði, þyngd, stærð o.fl.
- Pantanasaga viðskiptavina
- Tenging við dk, Navision ofl.
- Afsláttarkóði og tilboðsvörur
- Tengdar vörur
- Ein vara en margar útfærslur
- Sendingarkostnaður og skattar
- Tenging við örugga greiðslugátt
- Mörg tungumál, einfalt viðmót
- Sjálfvirk umreiknun á gengi
- Örugg hýsing í skýinu



stefna
hugbúnaðarhús

Nánari upplýsingar hjá Robba eða Pétri á sala@stefna.is eða í síma 464 8700.

www.stefna.is



Ævar Þór Benediktsson kaupir aðallega bækur á netinu.

## Sleppir sér í kaupum á lesefni

Leikarinn og rithöfundurinn Ævar Þór Benediktsson eða Ævar vísindamaður nýtir sér netið til að nálgast lesefni sem fæst ekki á Íslandi. Hann á það til að sleppa sér í kaupunum þegar úrvalið reynist honum um of.

**Hvað kaupirðu á netinu?** Ég er aðallega að kaupa bækur sem fást ekki hér á landi.

**Hvaða netverslanir notarðu helst?** Amazon.co.uk.

**Kostir þess að versla á netinu?** Úrvalið.

**Einhverjir ókostir við netkaup?** Helsti ókosturinn er auðvitað sá sami og helsti kosturinn; úrvalið er svo mikið að það er erfitt að hætta. Og svo er tollurinn hérna heima duglegur að hækka heildarkostnaðinn.

**Hver eru verstu netkaup sem þú hefur gert?** Einu sinni pantaði ég óvart þrjú eintök af sömu bókinni, sem kom ekki í ljós fyrr en pakkinn var kominn í hús. Bókin er frábær – en ég held ég muni ekki lesa hana oftar en einu sinni.



**En þau bestu?** Ég keypti mér um það bil 20 leikrit í einu fyrir nokkrum árum. Það var afskaplega spennandi sending.

## Algeng byrjendamistök þegar opna á vefverslun:

- Traustur viðskiptafélagi. Leggja ætti vinnu í að finna réttan dreifingaraðila að vörum og ekkert endilega best að „gúgla" bara.
- Skýr áætlun. Það gæti borgað sig að fá fagaðila til ráðgjafar við gerð markaðsáætlunar.
- Síða finnst ekki. Í hafsjó netverslana þarf að tryggja að síðan þín komi upp þegar slegin eru inn leitarorð og einnig þegar slegnar eru inn lengri setningar.
- Eitthvað sem grípur. Ef síðan sker sig ekki úr fjöldanum og gesturinn áttar sig ekki á því út á hvað hún gengur á fyrstu fimm sekúndunum leitar hann annað.
- Vefsíðan er of hæg. Þumalfingursreglan segir að ef það tekur meira en 4 sekúndur að opna síðuna leiti viðkomandi annað.
- Trúverðugleiki. Ef „amatörbragur" er á síðunni og grunnupplýsingar vantar þar inn eða erfitt er að finna þær er kaupandinn fljótur að afskrifa hana.

www.mywifequiteherjob.com

## KYNIN VERSLA JAFNMIKIÐ Á NETINU

Netverslun hefur aukist mikið undanfarin ár og er útlit fyrir að hún haldi áfram að aukast. Á vefsíðunni comScore kemur fram að rúmlega 198 milljónir Bandaríkjamanna, eða um 78 prósent þjóðarinnar, hafi gert að minnsta kosti ein kaup á netinu á árinu 2015.
Oft hefur verið sagt að konur séu duglegri við að eyða peningum en karlmenn en það á ekki við á netinu. Þar eru kynin jöfn og eins dugleg að kaupa sér hinar ýmsu vörur. Karlmennirnir voru þó duglegri að nota snjalltæki við kaupin í fyrra en 22 prósent karla notuðu þau við netverslunina miðað við 18 prósent kvenna.
Þeir sem eyddu mestu í netverslunum var fólk á aldrinum 18 til 34 ára. Samkvæmt skýrslu Business Insider eyddi sá hópur að meðaltali um tvö þúsund dollurum eða um 235 þúsund íslenskum krónum á netinu.







# 1 NOTANDI – 3 VERSLANIR

Þegar viðskiptavinir versla á einni af þessum netverslunum, stofnast aðgangur af þeim öllum, jafnframt safnarðu vildarpunktum við hver kaup, sem má nýta á öllum síðunum.

Netverslanirnar taka við öllum helstu greiðslukortum, kredit, debit og netgíró

Skilað og skipt er ekkert mál og endurgreiðum að fullu við skil, ef þess er óskað.

ADIDAS.IS // GAP.IS // REEBOK.IS

adidas GAP Reebok






Heimkaup.is er stærsta íslenska vefverslunin, með um 23.000 vörur í boði.

# Langflestir mæla með Heimkaup.is

Heimkaup.is, stærsta íslenska vefverslunin, mældist með hæstu meðmælavísitölu íslenskra fyrirtækja samkvæmt nýlegri könnun MMR. 83 prósent voru ánægð.

Í könnun MMR var mælt svokallað NPS (Net Promoter Score) sem á íslensku kallast „meðmælavísitala“ og er mælikvarði á tryggð viðskiptavina við fyrirtæki og hversu líklegir þeir eru til að mæla með fyrirtækinu við aðra. Heimkaup.is mældist með hæstu meðmælavísitöluna af öllum þeim 80 fyrirtækjum sem mæld voru og 83% svarenda voru ánægð eða mjög ánægð með þjónustuna.*

> Heimkaup.is mældist með hæstu meðmælavísitöluna af öllum þeim 80 fyrirtækjum sem mæld voru.

### Engin vandamál

Rúnar Smári Jensson er þjónustustjóri hjá Heimkaup.is. Þegar hann er inntur eftir aðferðum þjónustuteymisins segir hann að mottóið sé: Engin vandamál! „Við erum harðákveðin í að leysa öll mál sem upp koma hratt og vel þannig að viðskiptavinurinn verði ánægður. Hér vinnur ákaflega sterk heild sem hjálpast að við að finna bestu lausnirnar hverju sinni. Nú er nýyfirstaðin ein stærsta vertíðin á árinu, skólavertíðin. Öll afgreiðsla var þaulskipulögð, við afgreiddum um 500 pantanir á dag og ánægjustig viðskiptavina var einstaklega hátt.

Ingigerður Heiðarsdóttir, rekstrarstjóri vöruhúss Heimkaup.is, tekur í sama streng; „Metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur saman að því að veita viðskiptavinum sem allra bestu þjónustuna skiptir mestu máli,“ segir hún.

### Rafbækur – nýjasta útspil Heimkaup.is

Á Heimkaup.is geta háskólastúdentar keypt bækur af leslistum háskólanna á rafrænu formi. Sumar rafbókanna er hægt að leigja í 6-12 mánuði sem er 50-65% ódýrara en að kaupa prentað eintak. Þessu hefur verið mjög vel tekið og nú eru yfir 400 titlar í boði á síðunni og þeim mun fjölga jafnt og þétt næstu misseri.

### Sérstaða Heimkaup.is meðal vefverslana

Heimkaup.is er stærsta íslenska vefverslunin, með um 23.000 vörur í boði. Heimkaup.is hefur það fram yfir erlendar vefverslanir að viðskiptavinir á höfuðborgarsvæðinu fá vöruna sama dag og þeir panta og sendingar út á landsbyggðina berast í 95% tilvika daginn eftir og ekkert mál er að skila eða skipta vörum. Heimsending er frí ef pantað er fyrir 4.000 kr. eða meira – og gildir það að sjálfsögðu um allt landið – og ekki er um neitt „smátt letur“ að ræða. Fólk kann vel að meta að panta t.d. fyrir hádegi og fá vöruna í vinnuna fyrir kl. 16.00 sama dag!

**Byggt á frétt á heimasíðu MMR sem birtist 27. júlí sl. og skýrslu um könnunina.*


Hjá Heimkaup.is vinnur ákaflega sterk heild sem hjálpast að við að finna bestu lausnirnar hverju sinni.






# Sjónvarp 365




## NÝTT – BÍÓMYNDIR Á 0 KR.

**Sjónvarp 365 veitir áskrifendum að völdum tilboðspökkum* aðgang að frábæru sjónvarpsefni fyrir 0 kr. – og margt fleira**

- Yfir 130 bíómyndir fylgja með í hverjum mánuði
- Aðgangur að Stöð 2 Maraþon með yfir 500 íslenska og erlenda þætti á 0 kr.
- Níu erlendar sjónvarpsstöðvum á 0 kr.
- Tímaflakk og Stöð 2 Frelsi þegar þér hentar
- Möguleiki á að kaupa aðgang að stökum íþróttaviðburðum

*Fylgir með Skemmtipakkanum, Stórapakkanum og Risapakkanum.

365.is | Sími 1817

365



og velferðarráðuneytinu á þetta. Landlæknir gerði rannsókn og niðurstaðan varð það sem allir vissu, að nú er neftóbak tekið í vör," segir Sigrún Ósk. Hún segir að í ljósi þess að munntóbak sé bannað hér á landi, en menn noti íslenska neftóbakið sem munntóbak, þurfi að taka ákvörðun um það hvort hætta eigi framleiðslu neftóbaksins. En þá ákvörðun þurfi stjórnvöld að taka. „Við störfum í samræmi við þær reglur sem gilda núna um nef- og munntóbak. En við teljum mjög brýnt að stjórnvöld taki afstöðu og hugsanlega leyfi allt eða banni allt. Það eru möguleikar. Það er líka hægt að halda þessu óbreyttu," segir Sigrún Ósk. Hún bendir líka á að ein leiðin sem ríkið geti farið sé skattlagning. „Við viljum bara að ríkið taki afstöðu."

### Áhyggjufullt starfsfólk

Umræðan um afnám ríkisins á einkasölu áfengis hefur verið fyrirferðarmikil síðustu ár. Í ársskýrslu Vínbúðanna fyrir árið 2015 víkur forstjórinn að þessari umræðu. Þar segir hann að frumvarp, sem Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram hafi valdið starfsfólki hugarangri. Ástæðan er sú að frumvarpið geri ráð fyrir því að öll áfengissala flytjist frá Vínbúðunum til einkaaðila og vínbúðunum verði lokað.

„Við höfum auðvitað alltaf gengið út frá því að þetta væri ákvörðun þingsins. En við höfum sagt í okkar umsögnum að ef að menn ætla að afnema einkasölufyrirkomulagið þá verði menn að skoða alla fleti," segir Sigrún Ósk. Eðli málsins samkvæmt vilji einkafyrirtæki selja sem mest og hámarka hagnað. Þessi þáttur sé ekki ríkjandi hjá ríkisrekinni verslun með einkarétt á sölu áfengis. „Það er engin söluhvetjandi starfsemi hjá okkur. Það eru ekki tilboð og það eru ekki afslættir." Hún bendir á að rannsóknir sýni að afnám einkasölufyrirkomulags myndi leiða til meiri neyslu, en menn hafi ekki verið sammála um hvort sú aukning sé til langs tíma eða einungis til skemmri tíma. Það þurfi að taka tillit til þessara þátta.

Sigrún Ósk játar því að starfsmenn hafi tekið umræðuna inn á sig. „Starfsfólk hefur eðlilega áhyggjur af framtíð sinni, kannski sérstaklega þeir sem hafa unnið lengi hjá fyrirtækinu," segir hún. Fólk óttist því um störf sín. En Sigrún segir jafnframt að starfsmenn hafi fundið fyrir miklum stuðningi. „Og það sem við sjáum eftir þessa umræðu er að fólk hefur tekið afstöðu með einkasölufyrirkomulaginu," segir hún og bendir á að samkvæmt könnunum séu einungis 14% óánægð með einkasölufyrirkomulagið. „Við erum búin að hafa þetta fyrirkomulag síðan 1922 og það er ekkert óeðlilegt að umræðan sé tekin."

### Umræðan orðin innihaldsríkari

Sigrún Ósk segir umræðuna um þetta málefni vera orðna miklu betri og innihaldsríkari. „Allavega síðasta haust. Þá var hún miklu breiðari. Menn fóru að velta fyrir sér hvaða áhrif þetta hefði á samfélagið, hvaða áhrif þetta hefði á neyslu, hvort þetta myndi hafa áhrif á aðgengi ungs fólks, hvaða áhrif þetta hefði á auglýsingabannið," segir Sigrún og bendir á að áfengisframleiðendur og áfengisbirgjar hafi lýst því yfir að ef samkeppni yrði í áfengissölu þá væri óeðlilegt að viðhalda auglýsingabanni á áfengi. „En á endanum er það þingsins að ákveða þetta og á meðan annað er ekki ákveðið þá tökum við hlutverk okkar alvarlega," segir Sigrún Ósk.

Sigrún Ósk segir að stærsta áskorun starfsfólks Vínbúðanna sé að reka fyrirtækið í sátt við samfélagið. „Við gerum okkur grein fyrir því að viðskiptavinirnir geta ekki farið annað og þess vegna er enn þá mikilvægara að þeir fái góða þjónustu og góð þjónusta og samfélagsleg ábyrgð er það sem við fókusum á," segir Sigrún Ósk.

### Umræðan valdið hugarangri

Í síðustu ársskýrslu Vínbúðanna víkur forstjórinn, Ívar J. Arndal, að umræðunni um afnám einkasölu ríkisins á áfengi. „Undirritaður hefur starfað fyrir ríkið í rúma þrjá áratugi og jafnan liðið vel í starfi. Í vetur var umræðan um opinbera starfsmenn oft svo neikvæð að mér leið stundum eins og ég væri þriðja flokks borgari og hálfgerður baggi á þjóðfélaginu. Við þetta bættist að frumvarp um afnám einkaleyfis ÁTVR á smásölu áfengis var til umfjöllunar á Alþingi. Frumvarpið hefur valdið starfsfólki ÁTVR hugarangri því það gerir ráð fyrir að sala á öllu áfengi færist frá ÁTVR til einkaaðila, Vínbúðum ÁTVR verði lokað og flestu starfsfólki sagt upp störfum. Hjá ÁTVR starfa margir sem komnir eru yfir miðjan aldur og reynslan hefur sýnt að þessi hópur á erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Eðlilegt er að starfsfólk hafi áhyggjur þegar verið er að fjalla um lífsafkomu þess og mörgum líður ekki vel."

**» Þótt neysla reyktóbaks sé að dragast saman um þessar mundir er neyslan á íslensku neftóbaki að aukast.**

# Fjarskiptarisar þurfi að skera niður




**Fjarskiptafyrirtæki hafa þurft að auka arðsemi með því að skera niður að undanförnu að sögn greiningaraðila.**

„Það eru fáir að græða mikið í ástandi eins og það er núna," segir Jóhann Gísli Jóhannsson, sjóðsstjóri hjá GAMMA, um stöðuna á fjarskiptamarkaði. Hagnaður skráðu félaganna Fjarskipta og Símans dróst saman á fyrri helmingi þessa árs miðað við í fyrra. Hagnaður Fjarskipta nam 445 milljónum króna miðað við 537 milljónir á fyrri hluta síðasta árs. Hagnaður Símans dróst saman um tæplega 300 milljónir króna, og nam einum milljarði.

Innreið nýrra aðila á borð við 365 á markaðinn hafi ýtt niður verði að sögn Jóhanns. „Ef maður skoðar tölur frá Hagstofunni hefur verð á fjarskiptaþjónustu og interneti lækkað gríðarlega undanfarið ár. Það hefur haft áhrif á tekjur þeirra þannig að vöxtur í tekjum hefur verið lítill. Þó að ákveðnir þættir eins og gagnamagn og tekjur af sjónvarpi hafi aukist," segir Jóhann. Sölutekjur Símans drógust saman um 300 milljónir króna og námu 14,1 milljarði króna á fyrri hluta ársins. Sölutekjur Vodafone jukust hins vegar um 100 milljónir og námu 6,8 milljörðum króna.

„Á sama tíma hafa verið gríðarlegar launahækkanir á Íslandi þannig að þeir hafa verið að fækka starfsfólki og skera niður þannig að þetta hefur komið niður á framlegðinni líka," bendir Jóhann á. Rekstrarkostnaður Símans jókst um 500 milljónir króna. Þar af jókst launakostnaður um 350 milljónir króna milli ára. Þá jókst rekstrarkostnaður Vodafone um 150 milljónir króna milli ára og nam 2,4 milljörðum.

Jóhann veltir fyrir sér hvort ekki fari að koma að því að verð til neytenda taki að hækka á ný. „Það er greinilega verið að berjast um hvern bita á markaðnum Það er spurning um hvað það varir lengi. Á endanum þurfa fyrirtækin að skila einhverri arðsemi. Það eru fáir að græða mikið í ástandi eins og það er núna. Mann grunar nú að á endanum muni verð hækka frekar en að kostnaðarauki verði tekinn af arðseminni." **– ih**

KPMG

Peningaútgáfa

Ráðstefna á vegum forsætisráðuneytisins og KPMG í tilefni af útgáfu skýrslu um valkosti í peningakerfum

**Mánudaginn 5. september frá kl. 8:30 til 10:45**
**Hótel Icelandair Reykjavík Natura**

Bankar gefa út peninga í formi innlána við lánveitingar með þeim afleiðingum m.a. að skuldsetning heimila og fyrirtækja hækkar. Undanfarin ár hafa hugmyndir um upptöku annarra kerfa á borð við þjóðpeningakerfi breiðst hratt út. Á ráðstefnunni verður fjallað um þróun opinberrar umræðu undangengin ár hérlendis sem erlendis.

**Dagskrá ráðstefnunnar**

- **Sigurður Ingi Jóhannesson** forsætisráðherra setur ráðstefnuna
- **Martin Wolf**, Chief Economics commentator hjá Financial Times
- **Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri
- **Sigurvin Bárður Sigurjónsson**, sérfræðingur hjá KPMG

Þeir munu svo sitja í pallborði ásamt **Frosta Sigurjónssyni**, þingmanni og formanni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og **Ásgeiri Jónssyni**, dósent og forseta Hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Ráðstefnustjóri er **Margret G. Flóvenz**, partner hjá KPMG.

**Ráðstefnan fer fram á ensku og er aðgangur ókeypis.**
**Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.**
**Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is**

ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR



## Stýrir Gray Line á Íslandi

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir hefur verið ráðin forstjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Gray Line á Íslandi. Þórdís Lóa er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og býr að langri stjórnunarreynslu í ferðaþjónustu, alþjóðasamskiptum og opinberri þjónustu.

Hún er formaður stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu. Hún situr í stjórn Eldeyjar THL og Hringbrautar, þar sem hún hefur verið stjórnandi þáttanna Sjónarhorns og Lóa og lífið. – sg

JAKOB SIGURÐSSON



## Tekur við keflinu hjá VÍS

Jakob Sigurðsson er nýr forstjóri VÍS. Hann starfaði sem forstjóri Promens á árunum 2011 til 2015, var framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Íslenskrar erfðagreiningar frá 2006 til 2011 og framkvæmdastjóri Alfesca, áður SÍF, frá 2004 til 2006.

Hann gegndi áður stjórnunarstöðum hjá alþjóðlega efnafyrirtækinu Rohm and Haas í Bandaríkjunum og í Evrópu.

ARNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR



## Forstöðumaður hjá Sjálfsbjörg

Arndís Guðmundsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar. Arndís er með meistaragráðu í mannfræði og kynjafræðum. Hún þekkir mjög vel til málefna fatlaðs fólks og starfaði áður sem kynningar- og félagsmálafulltrúi Sjálfsbjargar.

Hún hefur einnig gegnt störfum sem fræðslufulltrúi bæði hjá Íslandspósti og Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Síðustu fimm ár hefur hún verið búsett í Noregi þar sem hún var lektor við Bø videregående skole.

# Brýnt að berjast gegn því að gengi krónunnar rísi of mikið

**Hannes G. Sigurðsson tók í síðustu viku tímabundið við starfi framkvæmdastjóra SA við brotthvarf Þorsteins Víglundssonar. Fram undan er að kynna verkefni sem samtökin hafa unnið að undanfarið á sviði heilbrigðismála, ferðaþjónustu og fleira. Hannes segir að efnahagslegur stöðugleiki sé aðalhagsmunamálið.**

SVIPMYND

HANNES G. SIGURÐSSON

Hannes G. Sigurðsson hefur starfað hjá Samtökum atvinnulífsins, og forveranum, Vinnuveitendasambandi Íslands, frá 1986, eða í 30 ár. Hann hefur verið aðstoðarframkvæmdastjóri síðustu ár, en tók tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra þegar Þorsteinn Víglundsson sneri sér að öðrum verkefnum í síðustu viku. Hannes sér því núna um verkefni er lúta að samskiptum við fjölmiðla, tengingu skrifstofunnar við stjórn og mál sem lúta að rekstri skrifstofunnar.

Hannes segir að Samtök atvinnulífsins séu um þessar mundir að vinna að ýmsum verkefnum varðandi heilbrigðismál, ferðaþjónustu og fleira. Fram undan séu kynningar á þessum verkefnum. „Við viljum líka leggja áherslu á okkar mál í aðdraganda kosningabaráttunnar. Síðan erum við náttúrlega í samskiptum við verkalýðshreyfinguna um ýmis mál sem fara ekkert frá okkur,“ segir Hannes um þau verkefni sem blasa við starfsmönnum skrifstofu SA þessa dagana.

Hannes segir að Samtök atvinnulífsins hafi yfirleitt í aðdraganda kosninga staðið fyrir fundi þar sem vakin er athygli á þörfum atvinnulífsins fyrir gott rekstrarumhverfi og skattaumhverfi. „Ég býst við að við munum halda svoleiðis fund þó að hann hafi ekki verið dagsettur,“ segir Hannes. Hann segir það vera sína skoðun að brýnasta kosningamálið sé stöðugleiki í efnahagsmálum og að menn komi sér saman um peningamálastefnu sem leiði ekki til þess að gengi krónunnar ofrísi, eins og hefur verið í uppsiglingu. „Þannig að efnahagslegur stöðugleiki er aðalhagsmunamál atvinnulífsins og þar leika peningamál, ríkisfjármál og fjármál sveitarfélaga stóra rullu,“ segir Hannes og bætir því við að menntamál skipti líka máli.

Staða framkvæmdastjóra SA var auglýst laus til umsóknar í dagblöðunum um helgina, en Hannes býst ekki við að sækja um. Hann býst því ekki við að gegna stöðunni lengi.

jonhakon@frettabladid.is




Hannes Sigurðsson segir mikilvægasta kosningamálið vera að halda efnahagslegum stöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Vilja að Apple greiði írska ríkinu milljarða

Apple þarf að greiða ríkissjóði Írlands allt að 13 milljarða evra (1.700 milljarða króna vegna vangoldinna skatta. Þetta er niðurstaða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem úrskurðaði um málið.

Eftir þriggja ára rannsókn er það niðurstaða Evrópuráðsins að skattaívilnanir sem Írar veittu Apple séu ólöglegar. Framkvæmdastjórnin segir að Apple hafi komist upp með að greiða lægri skatta en önnur fyrirtæki, allt niður í eitt prósent skatt.

Hvorki írsk stjórnvöld né fulltrúar Apple geta fellt sig við niðurstöðuna og búast við því að þau muni áfrýja henni.

„Aðildarríkin geta ekki veitt völdum fyrirtækjum skattaafslátt. Það er ólöglegt, samkvæmt reglum Evrópusambandsins um ríkisaðstoð,“ segir Margerethe Vestager, framkvæmdastjóri samkeppnismála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

„Það er niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að írska ríkið hafi veitt Apple heimild til að greiða mun lægri skatta en öðrum fyrirtækjum í fjölda ára,“ sagði Vestager.




Margarethe Vestager segir skattaívilnanir hafa verið ólöglegar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**13**

**milljarða evra þarf Apple að greiða írska ríkinu.**

Yfirleitt greiða írsk fyrirtæki 12,5 prósent í fyrirtækjaskatt. Niðurstaða rannsóknar Framkvæmdastjórnarinnar er að Apple hafi greitt eitt prósent af hagnaði sínum árið 2003 og 0,005 prósent árið 2014.

Talsmenn Apple segja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hafi áhrif á atvinnusköpun. „Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er að reyna að endurskrifa sögu Apple í Evrópu, hundsa írsk skattalög og snúa öllu á hvolf varðandi alþjóðlega skattalöggjöf,“ segir í yfirlýsingu fyrirtækisins.

„Apple fylgir lögum og greiðir alla skatta sem fyrirtækið skuldar þar sem fyrirtækið starfar. Við munum áfrýja niðurstöðunni og erum fullviss um að henni verði snúið við.“ – jhh

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Verð áður: 134.000.-
Tilboðsverð:
98.000.-





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

Verð áður: 196.100.-
Tilboðsverð:
137.000.-

Ferðaþjónusta



**Pétur Sigurðsson**
fasteignasali
í Flórída

## Sammála um að vera ósammála

Það er skondið að fylgjast með umræðunni á Íslandi um gistináttaskatt, hótelskatt og komugjald á ferðamenn.

Það hafa allir sína skoðun á þessum málum. Allir telja að sín skoðun sé hin eina rétta í málinu, þar með talinn ég. Ég hef verið að reyna að fylgjast með því sem er að gerast á Íslandi og finnst það stundum skrítið. Tökum sem dæmi greinarnar um salernispappír, skemmdar bifreiðar, úttraðkaða slóða og gróður.

Byrjum á Ríkisskattstjóra, hann stendur í viðræðum við heimasíður sem selja gistingu um að þær skili gistináttaskattinum. Ég skil ekki af hverju hann tilkynnir þeim ekki að til þess að mega eiga viðskipti á Íslandi þurfi að fara að lögum og innheimta og skila skattinum. Fjöldi fylkja í Bandaríkjunum eru búinn að stefna þeim og neyða þá í gegnum dómskerfið til þess að skila hótelskattinum.

Samtök ferðaþjónustunnar leggjast gegn gistináttagjaldi og/eða hótelskatti vegna þess að það er svo auðvelt að svíkjast undan því að skila honum inn. Samtökin leggja til að það verði innheimt komugjald á alla farþega sem koma til Íslands, bæði með flugi og skipi.

Á vefnum Turisti birtist grein í febrúar undir fyrirsögninni „Gistináttagjald gæti skilað miklu hærri tekjum“. Þar fjalla þeir um hversu miklu lægra gistináttagjaldið á Íslandi er en í öðrum löndum í Evrópu og hversu miklu meira innheimtist ef gjaldið væri hækkað til samræmis við Evrópulöndin í greininni.

Einnig er fjallað um það í greininni hvernig úthlutunarreglur hefti framkvæmdir á ferðamannastöðum vegna krafa um of hátt mótframlag frá framkvæmdaraðilum.

Eitt eiga þessir aðilar sameiginlegt, sem ritað hafa greinar um þessi mál, að þeim finnst með ólíkindum hvernig stjórnvöldum hefur tekist að klúðra þessum málum og þau séu alveg stefnulaus í þeim.

Það er sama hvort Íslendingar líta til austurs eða vesturs, það innheimta flestallar þjóðir gistináttaskatt eða hótelskatt. Skatturinn hjá nágrannaþjóðum okkar er annaðhvort sem prósenta eða föst krónutala. Kannski að það sé sanngjarnara að láta greiða prósentu frekar en fast gjald, þar sem fast gjald getur orðið hátt hlutfall af svefnpokaplássi.

Ástæðan fyrir því að ég velti þessu upp í þessari grein er sú að gistináttaskatturinn hefur verið innheimtur í fjögur ár og átta mánuði og virðist engu hafa breytt. Umræðan er svipuð og áður en skatturinn var lagður á og vandamálin virðast vera þau sömu.

Er ekki kominn tími til að einhver með bein í nefinu taki sig til og leggi til breytingar sem koma að gagni og lagfæri þessa vitleysu?

## Í blóma lífsins



Úkraínumenn halda þessa dagana árlega blómasýningu í Kiev. Þessi götulistakona klæddi sig upp í blómakjól og brosti framan í þá sem á vegi hennar urðu, ljósmyndara og aðra. Og vakti verðskuldaða athygli fyrir klæðnað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tregur stuðningur minn við vaxtalækkunina



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Það er ekkert leyndarmál að ég hef verið mjög gagnrýninn á stjórnun peningamálastefnunnar víða um heim og síðan 2010-11 hef ég verið sérstaklega gagnrýninn á að Seðlabanki Evrópu hafi haft of mikla aðhaldsstefnu í peningamálum og almennt hef ég verið þeirrar skoðunar að peningamálastefnan bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum hafi verið of aðhaldssöm frekar en að hún hafi verið of lausbeisluð.

En í tilfelli Íslands hef ég haft aðeins aðra skoðun. Þannig tel ég að Seðlabanki Íslands hafi gert þetta nokkurn veginn rétt undir stjórn Más Guðmundssonar og í fyrra studdi ég stýrivaxtahækkanir Seðlabankans því ég var eindregið þeirrar skoðunar að peningamálastefnan væri orðin of slök.

En núna? Í síðustu viku kom Seðlabankinn á óvart og lækkaði lykilvexti sína um 0,5 prósentustig niður í 5,25%. Ég verð að viðurkenna að ég sá þetta ekki fyrir og ég er ekki ákafur stuðningsmaður vaxtalækkunarinnar. Að því sögðu þá hafa uppáhaldsvísar mínir varðandi peningamálastefnuna verið að færast í rétta átt, svo ég viðurkenni að minnsta kosti að dyrnar hafi opnast í hálfa gátt fyrir vaxtalækkun.

**Vaxtalækkun er í lagi, en hún kemur of fljótt**

Almennt séð vil ég líta á tvenns konar hagvísa þegar ég met peningamálastefnu. Í fyrsta lagi markaðsvísa – einkum verðbólguvæntingar – og í öðru lagi peningavísa. Ef við byrjum á verðbólguvæntingum þá er ljóst að bæði verðbólguvæntingarnar, sem við sjáum í könnun Seðlabankans á meðal markaðsaðila, og á skuldabréfamörkuðunum, hafa hækkað og eru langt yfir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans og það er einnig ljóst að markaðsaðilarnir líta ekki á verðbólgumarkmið Seðlabankans sem fyllilega trúverðugt.

> **Þannig tel ég að Seðlabanki Íslands hafi gert þetta nokkurn veginn rétt undir stjórn Más Guðmundssonar**
>
> Lars Christensen alþjóðahagfræðingur

Hins vegar hafa verðbólguvæntingar (bæði væntingar í könnun og á mörkuðum) undanfarið nálgast 2,5%. Við erum ekki öll komin þangað enn þá, en tilhneigingin hefur verið skýr. Þetta gerir aðhaldssama peningamálastefnu síður nauðsynlega.

Ef við snúum okkur að peningavísunum þá lít ég fyrst og fremst á aukið peningaframboð og hækkandi nafnvirði vergrar landsframleiðslu (VLF), sem við getum litið á sem eftirspurn í hagkerfinu sem Seðlabankinn stjórnar. Almennt hafa varla komið nein viðvörunarmerki vegna aukins peningaframboðs, en ef við lítum á nafnvirði VLF er ekki eins ljóst að aukin lausatök á peningamálastefnunni eigi rétt á sér einmitt núna.

Ég hef lengi haldið því fram að síðan Már Guðmundsson varð seðlabankastjóri hafi Seðlabankinn haldið vexti nafnvirðis VLF við 4,5%, sem tryggir 2,5% verðbólgu ef vöxtur VFL að raunvirði er í kringum 2%. Það er þó ljóst að síðan 2014 hefur nafnvirði VLF vaxið hlutfallslega hraðar en þetta sjálfgefna markmið og nafnvirði VLF er í dag vel yfir því sem virðist réttlætanlegt fyrir peningalegan stöðugleika. Það er rétt að hægt hefur verulega á vexti nafnvirðis VFL á síðustu tveim ársfjórðungum, en nafnvirði VFL er greinilega enn á mjög háu stigi og Seðlabankinn ætti ekki að hunsa það.

Að öllu samanlögðu er ég ekki ákafur stuðningsmaður vaxtalækkunarinnar og ég myndi sannarlega vara við frekari slökun á peningamálastefnunni. Við viljum ekki endurtaka mistök fortíðarinnar, en ef Már hefði getað sannfært mig um að þetta yrði síðasta vaxtalækkunin á meðan verðbólguvæntingar eru yfir 2,5% þá hefði hann kannski getað fengið mig til að greiða vaxtalækkun atkvæði mitt ef ég hefði verið í peningastefnunefndinni.

# Konur vanmetinn fjárfestingarkostur

Hin hliðin



**Brynhildur S. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri GG Verk ehf.**

Samkvæmt skýrslu UN Women frá árinu 2015 vinna konur í öllum heimshornum meira en karlar en þéna um leið mun minna. Ofan á það sem þær vinna á vinnumarkaði, vinna þær næstum tvisvar og hálfu sinnum meiri ólaunaða vinnu á heimilum en karlar. Launamunurinn á heimsvísu er um 24% en þegar tekið er tillit til barneigna er hann mun meiri. Konur í Frakklandi og Svíþjóð sem kjósa að eignast börn mega t.a.m. eiga von á að þéna 31% minna en karlar um ævina.

Samkvæmt Global Entrepreneurship Monitor um íslenskt frumkvöðlaumhverfi eru karlar helmingi fleiri en konur í frumkvöðlastarfsemi. Þá er það þekkt stærð að kvenfrumkvöðlar hafa takmarkaðra aðgengi að fjármagni og fjárfestum en karlar um allan heim. Samkvæmt nýlegum rannsóknum í Bretlandi eru karlmenn t.a.m. 80% líklegri til að fá framtaksfjárfesta (VC) til að fjárfesta í viðskiptahugmynd sinni en konur og 60% líklegri til að fá fjármagn frá englafjárfestum. Á heimsvísu hljóta karlfrumkvöðlar sex sinnum meiri nýsköpunarstyrki úr hinum ýmsu sjóðum. Það ætti því ekki að koma á óvart að konur stjórni aðeins um 30% af fjármagni sem kemur úr einkarekstri í heiminum.

Þrátt fyrir allar þessar hindranir eru konur enn að stofna fyrirtæki á heimsvísu – og það á mun meiri hraða en karlar. Jafnvel þó þær fái aðeins 7% af framtaksfjárfestingu (venture capital) á heimsvísu og 5% af bankalánum í tengslum við viðskiptahugmynd og fyrirtækjarekstur.

Það ætti því ekki að koma á óvart að samkvæmt Global Entrepreneurship Monitor komast konur af með mun minna í start-upi og frumkvöðlastarfsemi en karlar. Þær þurfa ekki nema helming af því fjármagni sem karlar nota að meðaltali í start-up á fyrirtækjum. Enda alvanar að vinna meira en þéna minna. Svo ekki sé talað um að púsla saman vinnu og 2,5 sinnum meiri vinnu á heimilinu (og nú er ég enn þá að tala um á heimsvísu).

Framtíðaráhrif kvenfrumkvöðla í heiminum eiga sér greinilega engin takmörk. Konur á Íslandi eru með hærra menntunarstig og líklegri til að takast ætlunarverk sín í start-upi með minni pening milli handanna en karlar. Sem gerir þær frábæran fjárfestingarkost.

Það er bara kominn tími til að strákarnir með fjármagnið fatti það.







**66°NORÐUR** – Vítamínsprauta fyrir upplifun viðskiptavina í verslunum.




**ON** – Bætt samskipti starfsmanna til að auka öryggi.










**Veðurstofan** – Mikilvægar upplýsingar komast skýrar til skila.






**Húsasmiðjan** – Aukin þjónusta við stærri viðskiptavini.

# HVAR KEMUR ÞITT FYRIRTÆKI INN Í MYNDINA?

## *Dale Carnegie*

*Nú hafa 66°N, Veðurstofan, Húsasmiðjan, ON og fleiri íslensk fyrirtæki bæst í hóp Coca-Cola, Porsche og fjölda heimsþekktra vörumerkja sem völdu Dale Carnegie til að efla mikilvæga þætti í starfsemi sinni.*

*Fáðu fyrirtækjagreiningu og þjálfunaráætlun fyrir þitt fyrirtæki, þér að kostnaðarlausu, á www.dale.is/fyrirtaeki*

DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

*Ármúla 11, 108 Reykjavík ı Sími 555 7080 ı www.dale.is*

ÍSLENSKA SIA.IS DAL 80433 08/16

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. ágúst 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.705,87 +7,08
(0,41%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## 1.428
**MILLJÓNIR KRÓNA**

Hagnaður varð á rekstri Eikar fasteignafélags á fyrri helmingi ársins. Rekstrartekjurnar námu 3.160 milljónum króna og jukust um 9,6% á milli ára. Þar af voru leigutekjur 2.772 milljónir og tekjur vegna hótelrekstrar 198 milljónir króna. Í afkomutilkynningu segir að rekstur Eikar hafi verið traustur og stöðugur á fyrstu sex mánuðum ársins.

## 19%
**FJÖLGUN GJALDÞROTA**

Skráð gjaldþrot í júlí voru 43. Gjaldþrotum fyrirtækja síðustu 12 mánuði, frá ágúst 2015 til júlí 2016, hefur fjölgað um 19 prósent í samanburði við 12 mánuði þar á undan. Gjaldþrotum hefur fjölgað hlutfallslega mest í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum. Síðasta árið hefur nýskráningum einkahlutafélaga fjölgað um 18%.

**22.8.2016**



**Ég held að það sé hægt að gera mun betur í því að bjóða upp á valfrelsi í velferðarmálum. Valfrelsi snýst um virðingu gagnvart til dæmis fólki sem er að eldast og vill gjarnan búa heima og stýra sinni þjónustu sjálft. Það sé ekki ríkisbragur á henni alltaf.**

Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Um bónusa

**Umræður hafa spunnist** í kjölfar fregna af háum bónusgreiðslum sem æðstu stjórnendur gamla Kaupþings eiga í vændum við lok á uppgjöri bankans. Hermt er að stjórnendur föllnu bankanna eigi von á sambærilegum greiðslum. Eðlilegt er að þær tölur sem nefndar eru veki hneykslan og undran fólks. Sporin hræða. Gömlu bankarnir eru undanþegnir lögum sem gilda um aðra bankastarfsemi í landinu, og takmarka almennt bónusgreiðslur svo þær verða aldrei hærri en 25% árstekna. Þeir eru líka í eigu andlitslausra erlendra kröfuhafa og því auðveldur skotspónn stjórnmálamanna og annarra sem vilja slá auðveldar keilur í umræðunni. Fjármálaráðherra og aðrir gátu því haft stór orð um siðleysi þessara greiðslna í fullvissu þess að enginn yrði til andsvars.

**Hin hliðin á peningnum** er hins vegar sú að þar sem þiggjendur bónusana eru innlendir og með búsetu hér á landi er staðreyndin sú að ef bónusarnir væru ekki greiddir færu þessir sömu peningar úr landi með erlendu kröfuhöfunum. Þess í stað verða þeir eftir hér og fara vonandi áfram út í hagkerfið gegnum kaup á vöru og þjónustu. Vissulega er þjóðin brennd frá því á árunum fyrir hrun. Bónusar hafa kannski fengið á sig ósanngjarnt orð. Er það annars ekki jákvætt að launagreiðslur séu árangurstengdar? Staðreyndin er sú að peningar finna sér almennt farveg. Reynslan af takmörkunum á bónusum við ákveðna prósentutölu hefur oft verið sú að grunnlaun hækki einfaldlega á móti eða önnur fríðindi. Sú hefur verið raunin í Bretlandi, en Bretar hafa lengi verið ósáttur við takmarkanir á kaupaukum samkvæmt regluverki Evrópusambandsins. Þar er takmörkunin bundin við 100% árslauna, 200% hafi hluthafar viðkomandi fyrirtækis samþykkt fyrirkomulagið. Ýmislegt bendir til þess að laun hafi hækkað í bankageiranum hérlendis meðal annars af þessari ástæðu. Það er ekki gott fyrir hluthafa í bönkunum (okkur), sem sitja uppi með hærri fastan kostnað óháð frammistöðu.

**Stjórnarmaðurinn** er almennt á því að fólk fái greitt í samræmi við frammistöðu. Bónusar eru ekki fullkomið tækifæri til þess, en þó ekki jafn slæmir og ætla mætti. Það er nefnilega engin ástæða til að rjúka upp til handa og fóta þótt náunganum vegni vel í fjárhagslegu tilliti. Óskandi væri ef hægt væri að ræða bónusa á yfirvegaðan hátt. Upphrópanir í átt að andlitsleysingjum er ekki gáfulegt fyrsta skref í þá átt.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



ÍSLENSKA ÓPERAN

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

Spái í tarot og bolla. Símaspá frá kl.14:00. Góð reynsla. Trúnaður. Kristín S. 897 9002

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til 1. nóv. Skilvísi heitið. Upplýsingar í s. 6113868

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail. com Sólbakki.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LINDAKIRKJA AUGLÝSIR**

**KIRKJUVÖRÐUR ÓSKAST**
Um er að ræða fullt starf mánudag til föstudags kl. 9-17. Starfið er fjölbreytt, skemmtilegt og annasamt. Hæfniskröfur eru stundvísi, vinnusemi, tillitssemi, létt lund og góð almenn tölvukunnátta. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Skriflegar umsóknir sendist til Lindakirkju, Uppsölum 3, 201 Kópavogur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. október.

Nánari upplýsingar gefa formaður sóknarnefndar, Arnór L. Pálsson s. 554 3300 og 821 5133 og sóknarprestur, Guðmundur Karl Brynjarsson s. 650 5006 eða gegn um netfangið gudmundur.karl@ lindakirkja.is

Bakarameistarinn

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI.**
leitar eftir ábyrgðarfullum, duglegum einstaklingum í pökkun, umsjá með dreifingu, tiltekt og aðstoð við bakara í vinnslusal. Helstu kröfur eru sjálfstæð - skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og jákvæðni. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og hentar mjög vel fyrir morgunhana. Vinnutími er : 05:00-13.00 Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
**Áhugasamir umsækjendur geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is eða í s. 864 7733 Óttar**

kvosin ferskt og fljótt

Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á helgavaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 12. september.

MOSFELLS BAKARÍ

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga.

Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku. Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

**SÚRDEIGSGERÐIN Í LINDUM KÓPAVOGI**
óskar eftir starfsmanni í 100% starf við afgreiðslu frá 12-20 alla virka daga.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á surdeigsgerdin@surdeigsgerdin.is

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**




Til Leigu snyrtilegt og gott verslunarpláss neðarlega við Laugaveg fram að áramótum. Sanngjörn leiga. Er vel staðsett og býður upp á tækifæri fyrir þá sem vilja prófa að tappa inn á þennan markað án of mikils kostnaðar, svo er jólatörnin framundan.

Áhugasamir hafi samband í s 898-5698

**ELDHÚS - Hjá Dóra í Mjódd**
Matsölustaðurinn Hjá Dóra í Mjódd óskar eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu og þrif virka daga frá 10-16. Einnig vantar okkur starfskraft í afgreiðslu 2. kvöld í viku frá 16.30-19.30. Íslenskukunnátta nauðsynleg.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 557 3910.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Brattakinn 6 – Hafnarfirði**
**5 herbergja sérhæð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Góð 135,8 fm. 5 herbergja neðri sérhæð að meðtöldum 29,6 fm. sérstandandi bílskúr á góðum stað við Bröttukinn í Hafnarfirði. Eldhús með viðarinnréttingu. Rúmgóð stofa með suðurglugga. Fjögur herbergi. Góð aðkeyrsla sem rúmar 2-3 bifreiðar. Lóðin er með veröndum og hellulögn. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

**Strandvegur 20 – Sjálandi Garðabæ**
**4ra herbergja útsýnisíbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega glæsileg 124,5 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er mjög björt með rúmgóðum suðursvölum og fallegum útbyggðum glugga til norðurs þaðan sem nýtur gífurlega fallegs útsýnis m.a. til sjávar. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**

# TIL LEIGU
## VANDAÐAR ÍBÚÐIR VIÐ ÞÓRSGÖTU 29, 101 REYKJAVÍK








- Þrjár rúmgóðar 3ja herbergja íbúðir
- Leigjast saman til eins aðila
- Möguleiki að leigja út með húsgögnum

Nánari upplýsingar gefur: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson gudlaugur@eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Lögg. fasteignasali
sími 864 5464

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Merkisatburðir

**1805** Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá deyr í tukthúsinu í Reykjavík, 36 ára gömul.
**1919** Fyrsta almenna listasýningin hér á landi er opnuð í Barnaskólanum í Reykjavík.
**1919** Jóhann Sigurjónsson, skáld og rithöfundur, deyr 39 ára.
**1955** Borgarísjakar sjást á óvenjulegum slóðum, um 100 sjómílur suðvestur af Reykjanesi.
**1980** Silfursjóður, að öllum líkindum frá landnámsöld, finnst við Miðhús á Fljótsdalshéraði. Fjórtán árum síðar er mikið deilt um aldur silfursins.
**1992** Skemmtiferðaskipið Crystal Harmony leggst að bryggju í Sundahöfn.
**1994** Lengstu viðureign skáksögunnar á Íslandi lýkur með jafntefli eftir 183 leiki. Er það skák Jóhanns Hjartarsonar og Jóns Garðars Viðarssonar á Skákþingi Íslands í Vestmannaeyjum sem slá þar met frá árinu 1988.

# Aðsóknarmetið var slegið í hverri einustu viku

**Kórinn Schola cantorum hefur staðið fyrir hádegistónleikum í Hallgrímskirkju í allt sumar og hlotið gríðarlegt lof fyrir. Sigríður Ásta tónleikastjóri segir eftirspurnina mikla.**

Hallgrímskirkja hefur sumarlangt ómað af tærum og fögrum söng kammerkórs kirkjunnar, Schola cantorum, í listrænni stjórn Harðar Áskelssonar.

Kórinn, sem fagnar tuttugu ára starfsafmæli í ár, hefur lagt áherslu á að kynna hinum ótalmörgu gestum kirkjunnar íslenskan tónlistararf og kórtónsmíðar frá 20. og 21. öldinni.

Tónleikahaldið hefur farið fram í hádeginu á miðvikudögum síðan í júní og nú er komið að lokum, en í dag fara fram síðustu tónleikar sumarsins.

**Ferðamennirnir laðast að kirkjunni**

Tónleikastjórinn, Sigríður Ásta Árnadóttir, segist alsæl með hvernig til hefur tekist í sumar og aðsóknarmet hafi fallið í hverri viku. „Hingað hefur legið gríðarlegur straumur fólks alla daga og má hreinlega tala um mannmergð,“ útskýrir Sigríður.

Hún segir fjölda gesta hafa vaxið vel og um tvö hundruð manns notið tónlistarinnar þegar best lét. „Það er greinilega mikil eftirspurn eftir tónleikum akkúrat hérna. Fólk er mikið að spyrja út í orgelið og hvenær á það sé spilað. Ég hugsa að hægt væri að halda tónleika oft á dag í Hallgrímskirkju.“

Sigríður segir ferðamenn langstærstan hluta þeirra gesta sem rekið hafi inn nefið í sumar. „Hallgrímskirkja er að drukkna. Ferðamennirnir laðast að kirkjunni, skoða turninn og kíkja svo inn á tónleikana, sem virðast hafa hitt svona vel í mark. Þessi íslensku þjóðlög og kóratónlist uppfyllir bersýnilega einhverja þörf þeirra sem hingað koma. Ferðamennirnir eru að leita eftir innsýn í menningarlífið og vilja komast í snertingu við heimamenn. Þeir eru að leita að akkúrat þessu, ekki bara minjagripaverslunum, hótelum og útivistarverslunum. Svo við erum mjög stolt af að geta boðið upp á svona vandaða og fallega tónlist,“ útskýrir Sigríður.

Eins og áður segir eru lokatónleikar þessa tónlistarsumars í Hallgrímskirkju í dag en á tónleikunum ætlar kórinn að flytja fögur nútímaverk sem njóta sín einstaklega vel í endurómi Hallgrímskirkju ásamt íslenskum þjóðlögum. Miðasala hefst klukkustund fyrir tónleikana svo áhugasamir eru hvattir til að mæta snemma. **gudrun@frettabladid.is**



Schola cantorum fagnar tuttugu ára afmæli í ár og gerði það í hverri viku í allt sumar svo eftir var tekið.

*Hallgrímskirkja er að drukkna. Ferðamennirnir laðast að kirkjunni.*



---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, sonur og bróðir,
**Steinþór Baldursson**
framkvæmdastjóri,
Hlíðarhjalla 26,
Kópavogi,
lést á líknardeild LSH 28. ágúst 2016.

**Claire Bilton**
**Bríet Steinþórsdóttir**
**Felix Steinþórsson**
**Lotta Steinþórsdóttir**
**Arndís Ármann Steinþórsdóttir**
**Baldur Þór Baldvinsson**
**Unnur Baldursdóttir**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og kærleiksríkan hlýhug vegna fráfalls og útfarar okkar ástkæra
**Jóhannesar Hilmars Jóhannessonar**
Sóltúni 2, Garði.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jóna Rut Gísladóttir**
**Jóhannes Jóhannesson** **Þórey Ása Hilmarsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Sigurlína Eiríksdóttir**
Smáragrund,
Sleitustöðum, Skagafirði,
lést 28. ágúst.
Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 3. september kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

**Þorvaldur G. Óskarsson**
**Eyrún Ósk Þorvaldsdóttir** **Rúnar Páll Björnsson**
**Edda Björk Þorvaldsdóttir** **Finnur Jón Nikulásson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,
**Magnús Árnason**
húsgagnasmiður,
Móasíðu 3c, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 27. ágúst síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju mánudaginn 5. september kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri. Kennitala Hollvinasamtakanna er 490514-0230 og reikningsnúmer 0565-26-0321.

**Anna Guðrún Jóhannsdóttir**
**Árni Rúnar Magnússon** **Hulda Þórey Gísladóttir**
**Guðjón Ingi Magnússon** **Kristveig Þorbergsdóttir**
**Sandra Ósk Magnúsdóttir** **Jón Ragnar Jónsson**
**Hákon Logi, Ágúst Ívar og Eyrún Erla Árnabörn**
**Steinn Elmar Árnason**
**Guðlaug Guðmundsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Jóhanna Þórhallsdóttir**
Hæðargarði 35,
lést aðfaranótt 21. ágúst 2016. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 1. september 2016 kl. 13.00.

**Rögnvaldur Gunnarsson** **Þ. Kolbrún Ásgrímsdóttir**
**Jónína Ingibjörg Gunnarsdóttir**
**Steinþór Gunnarsson** **Inga Hlíf Ásgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þökkum auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
**Eyjólfs Jónssonar**
Deildarási 3,
110 Reykjavík,
sem lést á Vífilsstöðum 13. ágúst sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ingveldur Eyjólfsdóttir** **Víðir Aðalsteinsson**
**Helga Ragnheiður Eyjólfsdóttir**
**Aðalbjörg Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Björgvin Steindórsson**
Sjónarhóli, Akureyri,
lést 28. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 6. september kl. 13.30.

**Anna Rebekka Hermannsdóttir**
**Birkir Hermann Björgvinsson** **Ágústa Sveinsdóttir**
**María Björk Björgvinsdóttir** **Sverrir Karl Ellertsson**
**Freyja Dögg, Kristjana Birta og Anita Bríet**

---



Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar,
sonur, bróðir og tengdasonur,
**Svanur Pálsson**
tölvunarfræðingur,
andaðist á Háskólasjúkrahúsinu í Lundi 22. ágúst. sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðný Þorsteinsdóttir**
**Rúnar Steinn, Frosti Páll, Kolbrún María og Þorsteinn**
**Páll Árnason og Bryndís Skúladóttir**
**systkini og tengdaforeldrar.**

# TILBOÐI LÝKUR Í DAG

## ALLT INNIFALIÐ
### MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM


116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR


2042
149.000 KR.
ÁÐUR: 276.600 KR.


2046
270.000 KR.
ÁÐUR: 408.900 KR.


2020
268.620 KR.
ÁÐUR: 406.900 KR.


116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR


113
297.420 KR.
ÁÐUR: 442.900 KR.


2021
304.000 KR.
ÁÐUR: 451.900 KR.


539.900 KR.
ÁÐUR: 746.000 KR.


104
329.000 KR.
ÁÐUR: 482.900 KR.


118
313.000 KR.
ÁÐUR: 462.900 KR.


385.000 KR.
ÁÐUR: 552.900 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er útlit fyrir nokkuð hæga norðlæga átt og léttir til um landið vestanvert með góðum líkum á að sjáist til sólar, en fyrir norðan dregur hægt og rólega úr úrkomunni, rofar til þegar líður á daginn og kólnar í veðri. Suðaustanlands má hins vegar áfram búast við rigningu.

### Fimmtudagur

Reykjavík 11° ↖ 6
Ísafjörður 8° ↖ 2
Akureyri 11° ↗ 3
Egilsstaðir 9° ↖ 7
Kirkjubæjarkl. 8° ← 6
Hveravellir 4° ↑ 5

### Föstudagur

Reykjavík 11° ↘ 3
Ísafjörður 9° ↓ 1
Akureyri 10° ↓ 2
Egilsstaðir 11° ↓ 2
Kirkjubæjarkl. 12° ↖ 1
Hveravellir 8° ↑ 1

## Þrautir

### Krossgáta



**LÁRÉTT**
2. sæti
6. átt
8. merki
9. farfa
11. nafnorð
12. hlutdeild
14. laust bit
16. tveir eins
17. rá
18. af
20. fæddi
21. dugnaður.

**LÓÐRÉTT**
1. gösla
3. eftir hádegi
4. skordýr
5. sjáðu
7. endurbót
10. að
13. lærir
15. andi
16. vafi
19. utan

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. sv, 8. hak, 9. lit, 11. no, 12. aðild, 14. glefs, 16. ee, 17. slá, 18. frá, 20. öl, 21. iðni.
**LÓÐRÉTT:** 1. ösla, 3. eh, 4. sandfló, 5. sko, 7. viðgerð, 10. til, 13. les, 15. sála, 16. efi, 19. án.

### Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Margeir Pétursson (2.509) átti leik gegn Joachim Brüggemann (2.304) í þriðju umferð Heimsmeistaramóts sveita, 50 ára og eldri.

**38. Rf7+! Kg8** (38. ... Hcxf7 39. Dxf7!) **39. Rd8+** (39. Rd6+ vinnur líka) **39. ... Kh8 40. Re6** og svartur gafst upp enda mannfalli ekki afstýrt. Íslenska sveitin hefur unnið allar sínar viðureignir og mætir sterkri sveit Armena í dag.
**www.skak.is:** Fimmta umferð í dag.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | | 3 | | 6 | 2 | 7 | |
| | | | | | | 6 | | |
| 3 | 8 | | | 1 | | | | 4 |
| | 3 | 5 | | | | 7 | | 1 |
| | 2 | 8 | 1 | | | 9 | 5 | |
| 9 | | | | 6 | | | 3 | |
| | | | | 4 | 5 | 3 | 8 | |
| | | | 6 | 8 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 5 | | | 7 | | |
| 9 | 2 | 3 | | | 7 | 1 | | |
| | 7 | | 9 | | 3 | | | 6 |
| 1 | 4 | | 3 | | | | 5 | 2 |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | 6 | | | | 2 | | | 4 |
| 3 | | 6 | | 9 | 1 | | | 7 |
| | 9 | 2 | | | 8 | | | |
| | | | | | 5 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 1 | 3 | | 2 | | |
| | 8 | 1 | | | | | | |
| | | | | | | | | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | | | | | |
| 3 | | | | 6 | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 1 | 2 | |
| 5 | | | 8 | | | | 7 | |
| | 3 | | | | 2 | | | |
| 9 | | 4 | | | | 8 | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# BLÖNDUNAR-TÆKJADAGAR

**20%** afsláttur

**30%** afsláttur



**Mora MIXX**
Handlaugartæki
með lyftitappa
**16.970 kr.**
Verð áður: 24.243 kr.

**SÉR VERÐ**



**Mora Cera**
Handlaugartæki
með lyftitappa
**9.900 kr.**
Ath. eldri gerð



**Mora Cera**
Hitastýrt sturtutæki
með niðurstút
**12.400 kr.**
Ath. eldri gerð

**SÉR VERÐ**



**EMOTION 10**
sturtuhaus
**2.990 kr.**
Verð áður: 3.942 kr.



**SKINNY**
handsturtuhaus
**1.490 kr.**
Verð áður: 1.967 kr.



**BARKI**
150 cm
**1.390 kr.**
Verð áður: 1.887 kr.

## Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi

**Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15**

TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

# HÚRRA FYRIR HAUSTINU!

Það er sannkölluð veisla framundan fyrir yngstu kynslóðina því allt besta barnaefnið okkar á heima í Skemmtipakkanum. Laugardags- og sunnudagsmorgnar á Stöð 2 verða þéttskipaðir af barnaefni þar sem góðir félagar halda uppi stuðinu. Á Krakkastöðinni er svo hægt að njóta alls kyns skemmtiefnis frá morgni til kvölds. Vertu með okkur, því öll fjölskyldan á góðar stundir í vændum með Skemmtipakkanum.




PIPAR\TBWA / SÍA



# Við hættum aldrei að vera landnemar

**Landnámsfólkið Helgi magri og Þórunn hyrna öðlast nýtt líf á frumsýningu í Samkomuhúsinu á Akureyri á föstudag. Til grundvallar liggur 125 ára handrit Matthíasar Jochumssonar en fjórir trúðar færa það upp.**

Helgi magri og Þórunn hyrna voru að flýja ófrið þegar þau stigu á land hér í Eyjafirði á sínum tíma í leit að betra lífi. Það er aðalinntakið í sýningunni hjá okkur. Við hættum aldrei að vera landnemar,“ segir Benedikt Karl Gröndal leikari. Hann fer með eitt af fjórum hlutverkum í sýningu Leikfélags Akureyrar, Helgi magri, sem verður frumsýnd í Samkomuhúsinu 2. september.

Matthías Jochumsson skáld skrifaði leikritið í tilefni þúsund ára afmælis landnáms í Eyjafirði árið 1890, það hefur ekki verið sett upp síðan. „Sýningin var íburðarmikil en að margra mati eitt af verstu verkum Matthíasar enda afsakar hann sig í formálanum og kveðst hafa tekið sér skáldaleyfi,“ lýsir Benedikt.

„Í okkar sýningu eru fjórir trúðar sem segja söguna með sínum hætti og upp úr kafinu kemur að þetta er alls ekki slæmt leikrit, heldur konfektmoli hjúpaður í kærleika. Aðal trúðsins felst í að hann segir alltaf satt og stundum er sannleikurinn fyndinn og stundum sorglegur. En trúðarnir taka sér skáldaleyfi líka og hver sýning verður einstök því það sem liggur fyrir þann daginn verður tekið inn í.“

Listrænir stjórnendur og höfundar Helga magra, auk leikaranna, eru Jón Páll Eyjólfsson og Þóroddur Ingvarsson. Trúðarnir eru Benedikt Karl, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson. Benedikt segir trúðana stjórna tækninni á sýningum, það auki á spennuna að sjá hvort þeir klúðri málum eða standi sig. **gun@frettabladid.is**

**UPP ÚR KAFINU KEMUR AÐ ÞETTA ER ALLS EKKI SLÆMT LEIKRIT, HELDUR KONFEKTMOLI HJÚPAÐUR Í KÆRLEIKA.**





Jóhanna Friðrika og Kjartan Darri á sviði Samkomuhússins. MYND/AUÐUNN




## Berskjölduð í Berlín

**LEIKHÚS**

**Stripp**
★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**á ensku**

**Lókal - Reykjavík Dance Festival**
**Dance for Me**
**Brogan Davison, Olga Sonja Thorarensen, Pétur Ármannsson**
**Dramatúrg:** Emelía Antonsdóttir Crivello
**Leikmynd:** Lena Mody
**Búningahönnun:** Larissa Bechtold
**Tónlist:** Gunnar Karel Másson
**Ljósahönnun:** Jóhann Friðrik Ágústsson

Árlega sviðslistahátíðin Lókal og Reykjavík Dance Festival, undir formerkjunum Every Body's Spectacular, keyrir leikárið á höfuðborgarsvæðinu í gang nú sem áður. Hátíðin gefur íslenskum áhorfendum tækifæri til að gægjast inn í heim alþjóðlegrar samtímasviðslistar. Því er virkilega ánægjulegt að opnunarsýning hátíðarinnar í ár sé nýtt íslenskt sviðsverk eftir sviðslistahópinn Dance for Me.

Eftir útskrift úr Listaháskóla Íslands flutti leikkonan Olga Sonja Thorarensen til Berlínar, með bankalán á bakinu vonaðist hún til að smokra sér inn í þýska sviðslistaheiminn. Eftir sjálfboðaliðavinnu fyrir danskan sviðslistahóp stóð hún uppi með tvær hendur tómar og stórskuldug. Hún ákveður að senda inn umsókn til að gerast dansari, á strippstað.

Olga Sonja hefur áhrifaríka sviðsverund og nálgun hennar er einlæg án þess að vera væmin. Hún horfir yfir og í gegnum áhorfendur, aftengd en tilbúin til að deila sinni sögu með áhorfendum. Henni til halds og traust er danshöfundurinn Brogan Davison. Þær leika útgáfur af sjálfum sér en afstaða þeirra á sviðinu er afslöppuð, nánast í samræðustíl.

Stripp byrjar með endurteknum hreyfingum, þekktum sveigjum úr strippiðnaðinum sem hafa læðst inn í samfélagsvitundina. Sviðshreyfingar Olgu Sonju eru agaðar og skýrar en í samhengi verksins verða þær kómískar frekar en kynferðislegar, sorglegar frekar en seiðandi. Þessi hluti sýningarinnar heppnast með eindæmum vel, þar sem fá orð eru notuð til að segja flókna sögu.



Brogan Davison í hlutverki sínu í Stripp sem var frumsýnt í síðustu viku.
MYND/STEVE LORENZ

Hópurinn dregur líka mjög fína línu og áhugaverðar tengingar á milli hugmynda okkar um nektardansheiminn og hvernig hann birtist Olgu Sonju. Brogan spyr hana áleitinna spurninga, biður áhorfendur um að glápa en vekur samtímis spurningar um hver hefur í raun og veru valdið í þessum samskiptum. En veikleikar sýningarinnar koma í ljós um leið og hópurinn víkur frá viðkvæma frásagnarforminu.

Pétur Ármannsson er skrifaður fyrir sviðsetningu Stripp, ásamt Olgu Sonju og Brogan. Hann er leikstjóri sem vert er að fylgjast með enda búinn að vinna gott starf á síðustu misserum. Honum bregst þó örlítið bogalistin í þessari sýningu en vandamálin eiga sér rætur bæði í leikstjórninni og handritinu. Sýningin ferðast um víðan völl en hópurinn missir fótana þegar útúrdúrarnir verða of langir eða fjarstæðukenndir.

Hópurinn daðrar við stærra samhengi: hvernig konur eru misnotaðar og dæmdar, efast um sína eigin verðleika og velja sínar eigin leiðir. Miðpunkturinn er reynsla þeirra tveggja og skynjun frekar en tilraun til predikunar um kynlífsiðnaðinn. Þeim tekst samt sem áður ekki að finna handritinu fastar skorður og áhugaverð saga dofnar í óljósri sviðsetningu.

Tónlistin, eftir Gunnar Karel Másson, er einn af hápunktum Stripp. Mínímalísku melódíurnar laumast á milli atriða og kynda undir þeim, drungalegar og dáleiðandi. Einnig er sviðshönnun Lenu Mody fyrirferðarlítil en gáfulega útfærð með lymskulegum vísunum í þá klúbba sem verkið kjarnast um. Svipaða sögu má segja um búningahönnun Larissu Bechtold en ljósahönnun Jóhanns Friðriks Ágústssonar hefði mátt vera meira afgerandi, hún varð fljótlega fyrirsjáanleg.

Þetta daður við sviðsetningu og nálgun er Stripp til ama þrátt fyrir góða grunnhugmynd, handritið er sömuleiðis ekki nægilega sterkt. Um leið og verkið nálgast einhvers konar dýpt er grunninum kippt undan frásögninni. Þessi stefnubreyting er kannski skondin og jafnvel sniðug en áhrifin kvarna úr heildarmyndinni frekar en að styðja við hana.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Umhugsunarverð sýning um áleitnar spurningar en týnist í forminu.




*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS AG 17 678




## Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
WAR DOGS FORSÝNINGAR
Níu líf

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WAR DOGS FORSÝNINGAR | 8, 10:25 |
| BEN-HUR | 10:30 |
| NÍU LÍF | 6 |
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 4, 6 |
| JASON BOURNE | 8 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Frá Todd Phillips, leikstjóra Hangover myndanna
WAR DOGS
VARIETY
Forsýnd
Einn maður mun ögra Rómarveldi
ROGEREBERT.COM
Jack Huston Morgan Freeman
BEN-HUR
SUICIDE SQUAD
Stærsta mynd ársins
Stórkostleg mynd um besta knattspyrnumann fyrr og síðar
IMDb 7.4
PELÉ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 |
| WAR DOGS VIP | KL. 8 |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 10:40 |
| BEN-HUR VIP | KL. 5:20 - 10:40 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 6 - 9 - 10:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| JASON BOURNE | KL. 10:20 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 |
| THE BFG | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 10 |
| BEN-HUR | KL. 7:20 - 10:20 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 5:40 - 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10 |
| JASON BOURNE | KL. 10:30 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 |
| BEN-HUR | KL. 10:30 |
| NINE LIVES | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| WAR DOGS | KL. 8 |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 10:30 |

Frá þeim sömu og færðu okkur The Jungle Book
LOS ANGELES TIMES
VARIETY
86%
PETE'S DRAGON
Fullkomin mynd fyrir alla fjölskylduna
77%
WASHINGTON POST
CHICAGO TRIBUNE
lights out

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE SHALLOWS
Þétt og örugg uppbygging, flottur hákarlatryllir
-S.S., X-ið 977
HELL OR HIGH WATER
michael bublé
HÁSKÓLABÍÓI 25. SEPTEMBER FORSALA HAFIN
TURANDOT
15. september í Háskólabíói
FORSALA HAFIN
EIÐURINN
BAD MOMS
Gæludýra
SAUSAGE PARTY
Níu líf
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**31. ÁGÚST 2016**

## Tónlist

**Hvað?** Sumarið kvatt með söng
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Lokatónleikarnir í sumartónleikaröð Schola cantorum verða haldnir á hádegi í dag í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er 2.500 krónur og verður boðið upp á léttar veitingar eftir tónleikana.

**Hvað?** Djass á Sæta svíninu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Sæta svínið
Tokyo Trio treður upp á Sæta svíninu í kvöld. Tríóið skipa þeir Magnús Jóhann á hljómborð, Bergur Einar á trommur og Bjarni Már á gítar. Frítt inn.

**Hvað?** DJ Ísar Logi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Ísar Logi mætir með vasana fulla af brakandi ferskri tónlist og spilar fyrir gesti og gangandi á Bravó.

**Hvað?** DJ Hunk of a Man
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Hunk of a Man hefur marga fjöruna sopið þegar kemur að því að spila tónlist fyrir fólk á skemmtistöðum. Hann hefur líklega spilað mörg hundruð sinnum á Kaffibarnum til dæmis, þannig að ekki hafa neinar áhyggjur, þið gestir Kaffibarsins.

**Hvað?** Högni Egilsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Sjálfur Högni Egilsson eða Högni í Hjaltalín eins og hann er oft kallaður ætlar að leggja leið sína út á Granda og skemmta fólki ærlega með sinni undurfögru rödd.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Kaðlínar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft
Tónlistarkonan Kaðlín gaf nýlega út plötuna Meðlæti með læti og ætlar nú í kvöld að fagna því ærlega á Lofti. Hún segist spila



Högni Egilsson mun hefja upp himneska raust sína á Bryggjunni brugghúsi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

stuðtónlist með melankólísku ívafi og það er algjör óþarfi að rengja það. Um upphitun sér Án, en það er raftónlistarverkefni Elvars Smára Júlíussonar. Frítt inn.

**Hvað?** Fjordwalker
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sláturhúsið, Eiðum
Fjordwalker er listamannsnafn Alex Plianins, en hann semur og spilar raftónlist. Hann hefur spilað fjöldamarga tónleika um allan heim og gaf út plötu í lok síðasta árs.

**Hvað?** Júníus Meyvant
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel
Júníus Meyvant er á leiðinni til Evrópu í tónleikaferðalag og ætlar að kveðja land og þjóð í Gym & Tonic sal Kex hostels nú í kvöld. Inn á tónleikana er frítt og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Hera
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hin eina sanna Hera ætlar að mæta á Rosenberg og taka lagið. Þetta eru hennar síðustu tónleikar á landinu áður en hún heldur aftur til Nýja-Sjálands. Tónleikarnir verða teknir upp og notaðir sem hluti af heimildarmynd um Heru. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Kaffitími á Prikinu
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Prikið
Síðustu nöfnin á Iceland Airwaves hátíðina verða kynnt með pompi og prakt á Prikinu. Þarna verða einnig tónlistaratriði – Emmsjé Gauti og Cyber munu koma fram og Logi Pedro spilar nokkur lög af plötuspilaranum. Í boði verða veitingar frá Coca Cola og Víking sem og Prikborgarar fyrir svanga. Heppnir geta unnið miða á hátíðina og einn heppinn gæti fengið gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 60.000 krónur.



ÉG ÆTLA ALL IN, STAPPA Á BORÐUM OG RÍFA MIG ÚR AÐ OFAN. PASSIÐ UPP Á HAMBORGARANA YKKAR

Emmsjé Gauti ætlar greinilega að vekja athygli þar sem hann skemmtir gestum í kaffiboði Icelandic Airwaves á Prikinu.

## Sýningar

**Hvað:** Brjóstdropar
**Hvenær:** 13-17
**Hvar:** Nesstofa, Seltjarnarnesi
Í dag, 31. ágúst, er síðasti sýningardagur myndlistarsýningarinnar Brjóstdropa. Verk á sýningunni eiga Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir. Á sýningunni eru verk af ýmsu tagi, blönduð tækni, málverk, ljósmyndir, teikningar og innsetningar, þar sem nútíð og fortíð kallast á.

**Hvað?** Neyzlan – Reykjavík á 20. öld
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Á sýningunni er leitast við að horfa á sögu 20. aldar úr frá sjónarhorni neyslumenningar.

**Hvað?** Icelandic sagas: The greatest hits
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Sýning á ensku þar sem farið er yfir brot úr því besta úr Íslendingasögunum á 75 mínútum.

**Hvað?** Skoðunarferð um Hörpu
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Harpa
Hægt er að fara í nokkrar týpur af skoðunarferðum um Hörpuna. Ferðin tekur 45 mínútur og kostar 1.950 krónur á mann. Einnig er boðið upp á sérferðir fyrir hópa, skólaferðir fyrir börn og fagferð fyrir þá sem vilja fræðast um öll smáatriðin í Hörpunni eins og til dæmis loftræstikerfið og annað slíkt.

**Hvað?** Eyja í Ölfusi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Sýning ljósmyndarans Valdimars Thorlacius. Titill sýningarinnar vísar til bæjar á Suðurlandi sem er staðsettur á virku hverasvæði og er betur þekktur sem Hveragerði.

## Námskeið

**Hvað?** Ljómandi 10
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Gló, Fákafeni
Tobba hefur haldið Ljómandi námskeiðið sitt 10 sinnum og heldur upp á það með fjórum námskeiðum í viðbót.

## Fyrirlestur

**Hvað?** Dreifing hugmynda um hringbrautir
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
Astrid LeLarge heldur fyrirlestur um doktorsritgerð sína í sagnfræði. Þarna fjallar hún um hringtorg og hvernig þau dreifðust um borgir Evrópu og notar hún Genf, Brussel og Reykjavík sem dæmi.

KS TOOLS®

# Verkfærasett

Frábært verð **19.560**

**179 stk.**



**www.stilling.is/KS9170779/**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MISTRESSES
Stórskemmtilegur þáttur um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við hitt kynið þar sem ástarmálin ganga ekki alltaf eins og í sögu.



BONES
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



ORANGE IS THE NEW BLACK
Fjórða serían um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunaþættir.



HEIMILI HBO
GETTING ON
Gamanþættir sem gerast á sjúkrahúsi sem má muna fífil sinn fegri og starfsfólkið þykir ekki mjög metnaðargjarnt.



HOT TUB TIME MACHINE 2
Félagarnir Lou, Nick, Jacob og Adam ákveða að fara aftur í heitapottstímavélina úr fyrri mynd en fyrir mistök fara þeir til framtíðarársins 2025 og nú eru góð ráð dýr.



NEYÐARLÍNAN
Önnur þáttaröðin með dagskrárgerðarkonunni Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur sem fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna á ögurstundu.

2. ÞÁTTARÖÐ!



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Logi
**11.10** Anger Management
**11.30** Schitt's Creek
**11.55** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** Matargleði Evu
**13.25** Olive Kitteridge
**14.20** Hart of Dixie
**15.10** Mayday: Disasters
**16.00** Hollywood Hillbillies
**16.25** Baby Daddy
**16.50** Ground Floor
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25 Mom** Þriðja gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**19.45 Mindy Project** Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.
**20.10** Mistresses
**20.55 Bones** Ellefta syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**21.40 Orange Is the New Black** Fjórða syrpan af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**22.40** Getting On
**23.10 Person of Interest** Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**23.55** Tyrant
**00.45** Ballers

## SPORT

**08.30** Þýski boltinn 2016-2017
**10.10** Þýski boltinn 2016-2017
**11.50** Þýsku mörkin 2016/2017
**12.20** Valur - KR
**14.05** Breiðablik - Stjarnan
**15.55** Víkingur Ó - FH
**17.35** Pepsimörkin 2016
**19.05** Valur - Stjarnan
**21.15** Southampton - Sunderland
**22.55** Chelsea - Burnley
**00.35** Premier League Review 2016/2017

## SPORT 2

**16.30** Watford - Arsenal
**18.15** Tottenham - Liverpool
**20.00** Hull - Man. Utd.
**21.45** Leicester - Swansea

## STÖÐ 3

**17.50** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Dagvaktin
**20.30** Neyðarlínan
**21.00** Legends of Tomorrow
**21.45** Salem
**22.30** The Vampire Diaries
**23.15** Drop Dead Diva
**23.55** Burn Notice
**00.40** Fóstbræður
**01.10** Entourage
**01.35** Dagvaktin
**02.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína Langsokkur
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Kalli á þakinu
**09.25** Ævintýri Tinna
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína Langsokkur
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.37** Stóri og litli
**12.49** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Kalli á þakinu
**13.25** Ævintýri Tinna
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína Langsokkur
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir
**16.37** Stóri og litli
**16.49** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Kalli á þakinu
**17.25** Ævintýri Tinna
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór



10.00
14.00
18.00
Dóra könnuður

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Barclays
**13.00** Canadian Pacific Women's Open
**16.00** Golfing World 2016
**16.50** PGA Tour 2016 – Highlights
**17.45** 2016 Players Official Film
**18.40** Golfing World 2016
**19.30** The Barclays

## BÍÓSTÖÐIN

**09.50** Seven Years in Tibet
**12.05** American Graffiti
**14.00** Beyond the Lights
**15.55** Seven Years in Tibet
**18.10** American Graffiti
**20.05 Beyond the Lights** Dramatísk mynd frá 2014 um hæfileikaríka söngkonu að nafni Noni sem á í vaxandi erfiðleikum með að höndla þær kröfur sem gerðar eru til hennar þegar hún verður ástfangin af lögreglumanni sem á eftir að reynast henni betur en nokkur annar sem hún hefur kynnst.
**22.00 Hot Tub Time Machine 2** Það muna sjálfsagt flestir eftir grínfarsanum Hot Tub Time Machine sem fjallaði um þá félaga Lou, Nick, Jacob og Adam sem fundu heitan pott sem var jafnframt tímavél. Þeir fóru aftur til ársins 1986 og breyttu framtíð sinni þannig að þeir þurrkuðu út gömul mistök og lifa nú draumalífi í nútímanum. Þeir ákveða að fara aftur í heitapottstímavélina en fyrir mistök fara þeir til framtíðarársins 2025 þar sem Lou verður fyrir slysi. Nú eru góð ráð dýr og þetta setur allar áætlanir þeirra og framtíðardrauma úr skorðum. Aðalhlutverk: Rob Corddry, Craig Robinson og Clark Duke.
**23.35** August: Osage County
**01.35** Fruitvale Station
**03.00** Hot Tub Time Machine 2

## RÚV

**17.20** Framandi og freistandi
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Finni kostur
**18.23** Sígildar teiknimyndir
**18.30** Gló magnaða
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veður
**19.25** Ísland - Sviss
**21.15** Akstur í óbyggðum
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lukka
**23.25** Popp- og rokksaga Íslands

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.45** Secret Street Crew
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** The Odd Couple
**13.55** Crazy Ex-Girlfriend
**14.40** 90210
**15.25** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.50** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Telenovela
**20.15** Survivor
**21.00** Heartbeat
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Blood & Oil
**00.35** BrainDead
**01.20** Zoo
**02.05** Heartbeat
**02.50** Queen of the South
**03.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.15** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

tv

# Framtíð sjónvarpsins

## Með Apple TV getur þú...

Spilað leiki, (þúsundir leikja eru í boði á App Store)
Stundað hugleiðslu
Horft á sjónvarpið
Leigt þér bíómyndir
Spilað tónlist
Lært að dansa
Skoðað Airbnb eignir
...og margt margt fleira




Apple TV 4

Verð frá **26.990**

Með 32GB eða 64GB gagnageymslu.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

****Vaxtalaus greiðsludreifing**

Epli býður handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta
vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuðum.
Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

61 kr verðlækkun
**198** kr. stk.
**Nutra C-vítamín,**
20 stk. freyðitöflur, 3 teg.
Verð áður 259 kr.

61 kr verðlækkun
**398** kr. stk.
**Nutra C-vítamín,**
20 stk. freyðitöflur
Verð áður 459 kr.

**2.759** kr. 270 g
**Amino Energy Fæðubótarefni**
270 g, 8 tegundir

**998** kr. 120 stk.
**Nutra Magnesíum töflur**
120 stk.

**598** kr. pk.
**Bónus Lýsisperlur**
280 mg, 300 stk.

Líka til Glútenlaus

61 kr verðlækkun
**398** kr. 750 ml
**Himneskt Eplaedik**
Lífrænt, 750 ml
Verð áður 459 kr.

20 kr verðlækkun
**279** kr. 1 l
**Rice Dream**
Rísmjólk með kalki, 1 l
Verð áður 298 kr.

20 kr verðlækkun
**279** kr. 1 l
**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l
Verð áður 298 kr.

20 kr verðlækkun
**279** kr. 1 l
**Oat Dream**
Haframjólk, 1 l
Verð áður 298 kr.

**698** kr. 500 ml
**Bónus Þorskalýsi**
500 ml

31 kr verðlækkun
**198** kr. stk.
**Raw Rev Glo Orkubiti**
Hrástykki, 46 g, 3 teg.
Verð áður 229 kr.

31 kr verðlækkun
**198** kr. stk.
**Raw Revolution Orkubiti**
Hrástykki, 51 g, 2 teg.
Verð áður 229 kr.

# HUGUM AÐ HEILSUNNI

## LÍFRÆNT MÚSLÍ

39 kr verðlækkun
**359** kr. 400 g
**Bónus Chiafræ**
400 g - Verð áður 398 kr.

**298** kr. 1 kg
**Bónus Tröllahafrar**
1 kg

100 kr verðlækkun
**898** kr. 500 g
**Heima Möndlur með hýði**
500 g - Verð áður 998 kr.

39 kr verðlækkun
**459** kr. 375 g
**Crispy Food Múslí**
Lífrænt, 3 teg, 375 g
Verð áður 498 kr.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

200kr verðlækkun pr. kg

**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

**498** kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

1kg

90g prótein

**498** kr. 1 kg

**Eggjahvítur**
1 kg

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

Lasagne

Núðlur með kjúklingi

Pasta Carbonara

Kjúklinga burrito

**1.098** kr. pk.

**Bónus Réttir**
4 teg. - Verð áður 1.298 kr.

ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT

**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ HIMNESKT DÖKKT SÚKKULAÐI MEÐ STÖKKRI KARAMELLU OG SJÁVARSALTI?

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

NÝTT Í BÓNUS

540 M Í PAKKANUM

**298** kr. 100 g

**Himneskt Súkkulaði**
Lífrænt, 100 g, 2 teg.

HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR

**395** kr. 3x250 ml

**Hámark Próteindrykkur**
Hunangsmelónubragð, 3x250 ml

81kr verðlækkun

**498** kr. 200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 579 kr.

**998** kr. pk.

**Bónus Massi WC pappír**
9 rúllur, 500 blöð á rúllu

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Réttlæti fyrir Harambe



Af hverju er internetið búið að hverfast um górilluna **Harambe** í nánast allt sumar? Hvers vegna þurfti dýragarðurinn í Cincinnati að loka á samfélagsmiðla? Er fólk í alvöru að krefjast þess að ná fram réttlæti fyrir þennan mannapa eða er það bara einn stór brandari?




Það voru margir ákaflega sorgmæddir yfir dauða Harambe og er líklegt að Harambe meme-in falli í grýttan jarðveg hjá þeim.

**Stefán Þór Hjartarson**
stefanthor@frettabladid.is



Górilluapinn Harambe var skotinn til bana í dýragarðinum í Cincinnati eftir að þriggja ára barn datt inn fyrir girðinguna hans í vor. Uppi voru háværar raddir sem voru afar óánægðar og sorgmæddar yfir atburðinum – reiði margra beindist að foreldrum barnsins sem var kennt um það að Harambe var skotinn. Í kjölfarið birtist myndband á YouTube sem rakaði inn áhorfum og athugasemdirnar voru margir tugir þúsunda áður en myndbandið var tekið niður.

Internetið fór á flug og í fyrstu var umræðan öll þess eðlis að þarna hefði verið um óréttlátt dráp að ræða og undirskriftalisti sem bar titilinn „Réttlæti fyrir Harambe“ fékk yfir 300.000 undirskriftir. En eins og flestir þekkja er internetið miskunnarlaust – þessari innilegu og alvarlegu kröfu fólks sem var reitt og sorgmætt yfir drápi Harambe var fljótt breytt í kaldhæðni.

Myndir af Harambe voru skeyttar saman við myndir af þekktum einstaklingum sem létust á árinu, notendur á Twitter fóru að breyta textum við þekkt lög þannig að þeir snerust um Harambe og fárið náði síðan hámarki þegar frasinn „Dicks out for Harambe“ spratt skyndilega upp (ég ætla að láta það vera að þýða þennan blessaða frasa hér).

Í ör-myndbandaappinu Vine má finna ýmis myndbönd þar sem ungir menn sjást hrópa þennan frasa, vinsælast af því er líklega myndband þar sem B-myndaleikarinn Danny Trejo hrópar frasann hátt og snjallt. Facebook-síða tileinkuð meme-um setti í gang viðburð þar sem fólk var hvatt til að heimsækja Hvíta húsið 16. júlí og bera á sér kynfærin til að sýna górillunni samstöðu. Martin Shkreli, sem komst í heimsfréttirnar fyrir að hækka verð á alnæmislyfjum og alls konar aðra undarlega hluti, mætti á CNBC þar sem hann talaði, mjög líklega á kaldhæðinn hátt um Harambe í mjög furðulegu viðtali.

Líklega var brandarinn hættur að vera fyndinn um þetta leyti, en það má vafalaust deila um það – hins vegar var það á þessum tímapunkti sem notendur á internetinu fóru að ganga ansi langt.

Twitter-aðgangur Thane Maynard, stjórnanda dýragarðsins í Cincinnati, var hakkaður og notaður til þess að senda út Harambe-meme. Í kjölfarið sendi dýragarðurinn út tilkynningu sem birtist í The Independent þar sem áhugi internetsins á Harambe var harmaður. Athugasemdakerfið troðfylltist af Harambe-bröndurum og kassamerkjum. Dýragarðurinn í Cincinnati lokaði öllum samfélagsmiðlum sínum.

**HARAMBE VAR EINUNGIS 17 ÁRA ÞEGAR HANN DÓ. HANN ÁTTI AFMÆLI DAGINN EFTIR.**

**HANN VAR NEFNDUR EFTIR LAGINU HARAMBE (WORKING TOGETHER FOR FREEDOM) MEÐ RITU MARLEY**



## Hvað er internet meme?

Í stutti máli er internet **meme** athæfi, hugmynd, frasi eða einhvers konar mynd, texti, myndband sem dreifist um internetið og líkt er eftir og sett í alls kyns útgáfur hér og þar. Góð dæmi um þekkt meme sem náðu meðal annars dreifingu hér á landi eru að **planka** og **Harlem Shake**. Orðið kemur frá líffræðingnum **Richard Dawkins** en hann notaði það upphaflega til að útskýra hvernig menningartengdar upplýsingar dreifðust.



Richard Dawkins

**ORÐIÐ HARAMBE ÞÝÐIR „SAMVINNA“ Á SVAHÍLÍ.**


TVENNU
LOKUM
í kvöld kl. 20
Við á Domino's ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.
Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!
OPIÐ Í SKEIFUNNI
Mundu að panta tímanlega í kvöld!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

# Ævintýralegt haust í Höllinni



**MIRAGE**
Þriggja sæta, bogadreginn sófi.
Slitsterkt áklæði. Stærð: 241 x 110 x 90 cm
149.990 kr. ~~189.990 kr.~~



**KAMMA**
Hægindastóll.
Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 83 x 85 x 105 cm
69.990 kr. ~~89.990 kr.~~




Þú finnur nýja bæklinginn á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100

Endalaust sumar
ENDALAUS GSM
2.990 KR.
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*
EKKI HAFA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMAR!
Settu þig í samband og fáðu **Endalausan GSM** 1817 | 365.is 365
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is
*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB




Off-venue dagskrá hátíðarinnar verður flott í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

# Off-venue dagskrá Iceland Airwaves fer stækkandi

**Tónlistarhátíðin vinsæla Iceland Airwaves fer fram annan til sjötta nóvember. Hin svokallaða off-venue dagskrá, sem fram fer samhliða hátíðinni, fer sívaxandi.**



**Guðrún Jóna Stefánsdóttir**
gudrunjona@frettabladid.is


Off-venue tónleikarnir eru mjög vinsælir, Kex hostel verður á sínum stað, verslunin Icewear, Loft hostel, ásamt fjölda annarra staða. Margir Íslendingar sækja off-venue tónleikana, þar á meðal ungir krakkar sem geta notið þess að rölta á milli staða og upplifa tónlistina,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves tónlistarhátíðarinnar, spurður út í vinsældir off-venue dagskrár hátíðarinnar.

Í gegn um tíðina hefur fjöldi fólks sótt hliðardagskrá hátíðarinnar. En þessir viðburðir standa öllum opnum óháð því hvort þeir séu með armband á hátíðina eða ekki.

„Það eru alltaf að bætast við fleiri off-venue staðir, yfir hundrað þúsund Íslendingar hafa sótt off-venue viðburði hátíðarinnar síðastliðið ár,“ segir Grímur.

Forsvarsmenn hátíðarinnar koma saman á Prikinu í dag klukkan 16.00 í þeim tilgangi að tilkynna síðustu áttatíu og níu listamennina sem fram koma á hátíðinni í ár, allir eru velkomnir og nóg verður um að vera.

„Auk kynningar á listamönnum, verður boðið upp á tónlistaratriði þar sem Emmsjé Gauti og Cyber munu koma fram, ásamt því að Logi Pedro kemur til með að sjá um tónlistina þess á milli. Við komum líka til með að gefa tíu heppnum gestum miða á hátíðina og gjafabréf frá Icelandair, það eina sem þú þarft að gera er að koma og setja miðann þinn í pott,“ segir Grímur.

Fjöldi listamanna hefur nú þegar verið kynntur til leiks og ber þar hæst bandarísku poppsöngkonuna Santigold sem þykir afar djörf og skemmtileg á sviði en auk hennar mun fjöldi frábærra listamanna víðsvegar að koma fram, þar á meðal bandaríska rapphljómsveitin Digable Planets, ein af vinsælustu hljómsveitum Íslands, Of Monsters and Men, auk upprennandi listamanna á borð við Sturlu Atlas, Júníus Meyvant, Amabadama og fleiri.

„Það er mjög mikið af tónlist á Iceland Airwaves sem fólk veit lítið um en hefur oft dansað við og heyrt spilaða. Fólk veit jafnvel ekki af því að uppáhaldsbandið þess er að spila á hátíðinni,“ segir Grímur og bætir við að verið sé að leggja lokahönd á skipulag og mun dagskráin verða tilbúin á næstu vikum.



Bandaríska poppsöngkonan Santigold er eitt af stærri númerum hátíðarinnar í ár. MYND/GETTY.



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**Passat og Golf Variant á langtum betra verði.**

Nú er góður tími til að fá sér lengri gerðina af Passat eða Golf því þeir eru á frábæru tilboði í takmarkaðan tíma. Þú færð meira pláss fyrir fjölskylduna og meiri bíl fyrir peninginn. Komdu til okkar í reynsluakstur og taktu lengri leiðina á Passat Variant eða Golf Variant. Það borgar sig á alla vegu.

Passat Variant, verð frá:
**4.390.000 kr.**

Golf Variant, verð frá:
**2.990.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Kristínar Ólafsdóttur




## Kærasti óskast

Ég er að leita að kærasta. Ég hef verið einhleyp í 23 ár, þ.e. síðan ég fæddist, og mig langar að sanna fyrir foreldrum mínum að það sé ekki eitthvað alvarlegt að mér.

Kærastinn minn verður þó að uppfylla ákveðin skilyrði. Hann þarf að vera sætur, skemmtilegur og klár. Hann má ekki gera grín að mér fyrir að hafa farið tvisvar á One Direction tónleika á gamalsaldri og ég vil að hann sé heilsuhraustur, aðallega vegna þess að það er svo hryllilega dýrt að verða veikur. Þannig má hann hvorki vera hræddur við rottur né krefjast þess að hjúkrunarfræðingurinn sem hlúir að honum hafi sofið í meira en þrjá klukkutíma.

Kærastinn minn verður líka að vera tilbúinn til að flytja með mér til Noregs en hér á landi hafa svokölluð „tækifæri“ lengi verið af skornum skammti. Hann þyrfti raunar helst að vera u.þ.b. 35 árum eldri en ég og eiga íbúð, 100% skuldlaust. Mér, ungum öreiga á hugvísindasviði, virðist nefnilega ekki ætlaður sá munaður að kaupa *faste1gn* áður en ég dey. Kærastinn minn verður auk þess að vera hátekjumaður, t.d. verkfræðingur eða bankastjóri, svo að hagsmuna annars okkar sé alveg örugglega gætt. Mér þætti ég að lokum hafa dottið á bólakaf í lukkupottinn ef hann ætti flennihaug af fiskveiðikvóta eða hefði yfir að ráða einokunarstöðu á mjólkurvörumarkaði. Þá gæti hann hjálpað mér með námslánin.

Þannig að…

Kærasti óskast: 23 ára, ljóshærð og lífsglöð kona í BA-námi í íslensku leitar að hraustum, sextugum kvótakóngi. Eigið húsnæði er skilyrði. Svara öllum skilaboðum. Öllum. Framtíð mín er í húfi.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





